

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030

24.-27. kafli

Skipulag þéttbýlis

16.11.2010

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030

Nóvember 2010

Sveitarfélagið Norðurþing

Ráðgjafarfyrirtækið Alta

Gögn aðalskipulagsins

Aðalskipulag Norðurþings 2010–2030 samanstendur af eftirtöldum gögnum:

1. Greinargerð sem er sett fram í þremur heftum:

    1.-22. kafli: Meginforsendur og stefna

    23. kafli: Skipulag dreifbýlis

    24. kafli: Skipulag þéttbýlis

2. Skipulagsuppdráttum sem eru:

    Sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:100.000.

    Þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík í mkv. 1:10.000.

    Þéttbýlisuppdráttur fyrir Kópasker í mkv. 1:10.000.

    Þéttbýlisuppdráttur fyrir Raufarhöfn í mkv. 1:10.000.

3. Viðauka 1 sem er umhverfisskýrsla sem lýsir forsendum og áhrifum tillögunnar.

4. Viðauka 2 sem inniheldur, heimildaskrá, ítarefni og yfirlit yfir skipulagsferlið.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulag Norðurþings 2010–2030 sem fengið hefur meðferð skv. 17. – 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann 16. nóvember 2010.

NORÐURÞING

Aðalskipulag Norðurþings 2010–2030 var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra sbr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga þann 3/12 2010.

Aðalskipulag Norðurþings 2010–2030 var staðfest af umhverfisráðherra sbr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga þann 22. desember 2010.

Íris Bjargmundsd.

Efnisyfirlit

24 Skipulag Húsavíkur ... 1

24.1 Forsendur ... 1

24.1.1 Þróun byggðar og atvinnulífs ... 1

24.1.2 Landfræðilegar aðstæður ... 3

24.2 Stefna ... 4

24.2.1 Íbúðarsvæði ... 4

24.2.2 Atvinnu- og þjónustusvæði ... 4

24.2.3 Útivistarsvæði ... 5

24.2.4 Umferð ... 5

24.2.5 Bæjarmynd ... 6

24.3 Skipulagsákvæði ... 7

24.3.1 Landnotkun ... 7

24.3.2 Takmarkanir á landnotkun ... 7

24.3.3 Samgöngur og veitur ... 7

24.3.4 Íbúðarsvæði ... 9

24.3.5 Miðsvæði ... 13

24.3.6 Verslunar- og þjónustusvæði ... 13

24.3.7 Svæði fyrir þjónustustofnanir ... 13

24.3.8 Athafnasvæði ... 15

24.3.9 Hafnarsvæði ... 15

24.3.10 Iðnaðarsvæði ... 15

24.3.11 Opin svæði til sérstakra nota ... 19

24.3.12 Svæði fyrir frístundabyggð ... 19

24.3.13 Efnistökusvæði ... 23

24.3.14 Sorpförgunarsvæði ... 23

24.3.15 Samgöngur ... 25

24.3.16 Veitur ... 27

24.3.17 Verndarsvæði v. grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum ... 31

24.3.18 Náttúruverndarsvæði ... 31

24.3.19 Þjóðminjaverndarsvæði ... 33

24.3.20 Hverfisverndarsvæði ... 39

24.3.21 Svæði undir náttúruvá ... 41

25 Skipulag miðbæjar Húsavíkur ... 43

25.1 Tilgangur skipulagsramma fyrir miðbæ Húsavíkur ... 43

25.2 Uppbygging kaflans ... 43

25.3 Einkenni miðbæjar og jaðarsvæða ... 44

25.3.1 Landnotkunarmynstur ... 44

25.3.2 Gatnakerfi ... 45

25.3.3 Bæjarmynd ... 46

25.4 Stefna ... 49

25.4.1 Meginmarkmið fyrir miðbæinn ... 49

25.4.2 Góður staðarandi ... 49

25.4.3 Lifandi miðbær ... 51

25.4.4 Gönguvænt svæði ... 52

25.4.5 Ekta og rótfast umhverfi ... 53

25.4.6 Langlíf byggð ... 54

25.5 Skipulagsrammi ... 55

25.5.1 Skipulagsuppdráttur ... 55

25.5.2 Skipulagseiningar ... 57

25.6 Svæði 1: Kjarni miðbæjar ... 59

25.6.1 Staðsetning og aðstæður ... 59

25.6.2 Markmið skipulagsrammans ... 59

25.6.3 Tækifæri ... 59

25.7 Svæði 2: Plássið og sjávarbakkinn ... 63

25.7.1 Staðsetning og aðstæður ... 63

25.7.2 Markmið skipulagsrammans ... 63

25.7.3 Tækifæri ... 63

25.8 Svæði 3: Bakkinn og Hafnarstétt ... 67

25.8.1 Staðsetning og aðstæður ... 67

25.8.2 Markmið skipulagsrammans ... 67

25.8.3 Tækifæri 67

Svæði 4: Vallholtsvegur 73

25.8.4 Staðsetning og aðstæður 73

25.8.5 Markmið skipulagsrammans....73

25.8.6 Tækifæri 73

25.9 Svæði 5: Stórigarður....75

25.9.1 Staðsetning og aðstæður 75

25.9.2 Markmið skipulagsrammans....75

25.9.3 Tækifæri 75

25.10 Svæði 6: Öskjureitur....77

25.10.1 Staðsetning og aðstæður 77

25.10.2 Markmið skipulagsrammans....77

25.10.3 Tækifæri 77

25.11 Svæði 7: Útgarður....79

25.11.1 Staðsetning og aðstæður 79

25.11.2 Markmið skipulagsrammans....79

25.11.3 Tækifæri 79

25.12 Skipulagsuppdráttur með tilvísunarnúmerum....81

25.13 Mögulegt byggingarmagn nýbygginga....82

26 Skipulag Kópaskers 83

26.1 Forsendur 83

26.1.1 Þróun byggðar og atvinnulífs 83

26.1.2 Landfræðilegar aðstæður 83

26.1.3 Útivist og græn svæði 84

26.1.4 Náttúru- og menningarverðmæti 84

26.2 Skipulagsákvæði 85

26.2.1 Landnotkun 85

26.2.2 Takmarkanir á landnotkun....85

26.2.3 Samgöngur og veitur 85

26.2.4 Íbúðarsvæði 87

26.2.5 Miðsvæði 89

26.2.6 Svæði fyrir þjónustustofnanir 89

26.2.7 Verslunar- og þjónustusvæði....91

26.2.8 Athafnasvæði....91

26.2.9 Hafnarsvæði 91

26.2.10 Iðnaðarsvæði....91

26.2.11 Opin svæði til sérstakra nota....93

26.2.12 Svæði fyrir frístundabyggð 93

26.2.13 Samgöngur 95

26.2.14 Veitur 96

26.2.15 Verndarsvæði v. grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum . 97

26.2.16 Náttúruverndarsvæði....97

26.2.17 Þjóðminjaverndarsvæði 97

26.2.18 Hverfisverndarsvæði....97

26.2.19 Svæði undir náttúruvá 99

27 Skipulag Raufarhafnar 101

27.1 Forsendur....101

27.1.1 Þróun byggðar og atvinnulífs....101

27.1.2 Landfræðilegar aðstæður....102

27.1.3 Útivist og græn svæði 102

27.1.4 Náttúru- og menningarverðmæti 102

27.2 Skipulagsákvæði....103

27.2.1 Landnotkun....103

27.2.2 Takmarkanir á landnotkun 103

27.2.3 Samgöngur og veitur 103

27.2.4 Íbúðarsvæði 105

27.2.5 Miðsvæði 107

27.2.6 Svæði fyrir þjónustustofnanir 107

27.2.7 Verslunar- og þjónustusvæði....109

27.2.8 Athafnasvæði....109

27.2.9 Hafnarsvæði 109

27.2.10 Iðnaðarsvæði....109

27.2.11 Opin svæði til sérstakra nota 111
27.2.12 Svæði fyrir frístundabyggð 111
27.2.13 Efnistökusvæði 111
27.2.14 Samgöngur 114
27.2.15 Veitur 114
27.2.16 Verndarsvæði v. grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum 116
27.2.17 Náttúruverndarsvæði 116
27.2.18 Þjóðminjaverndarsvæði 116
27.2.19 Hverfisverndarsvæði 116
27.2.20 Svæði undir náttúruvá 118

24 Skipulag Húsavíkur



Íbúaþróun í Norðurþingi 1997-2007 eftir þéttbýli og dreifbýli (heimild: Hagstofa Íslands)



Aldursdreifing á Húsavík 2007 miðað við landið í heild (heimild: Hagstofa Íslands)

24.1 Forsendur

24.1.1 Þróun byggðar og atvinnulífs

Húsavík er stærsti þéttbýliskjarni í Norðurþingi, en þar bjuggu 2.279 manns 1. janúar 2009. Bærinn er aðal þjónustumiðstöð sveitarfélagsins og miðbær Húsavíkur mun án efa áfram verða miðstöð verslunar, þjónustu, stjórnsýslu og menningarlífs í héraðinu.

Búið hefur verið við Húsavík allt frá landnámi. Svæðið upp af núverandi hafnarsvæði byggðist fyrst upp en síðar hefur byggðin teygt sig upp brekkur allt um kring. Byggð á Húsavík á sér þannig rætur á miðbæjar- og hafnarsvæðinu. Sjósókn hefur alla tíð verið mikilvægur grundvöllur byggðarinnar en þar var líka á tímabili bæði öflugur mjólkuriðnaður og kjötvinnsla. Bærinn hefur í gegnum tíðina gegnt mikilvægu þjónustuhlutverki fyrir sveitirnar í kring og því hlutverki gegnir hann enn. Bættar samgöngur og breytt verslunarmynstur hefur þó dregið úr samkeppnishæfni verslunar á smærri stöðum og er Húsavík þar engin undantekning. En sem stærsti bær Norðurþings hefur Húsavík möguleika á að verða öflugur þjónustukjarni. Með því að skapa góðar og aðlaðandi umhverfisaðstæður fyrir verslunarrekstur og aðra þjónustustarfsemi getur Norðurþing aukið líkur til muna á að sú þróun verði.

Sjá má fyrir sér þrennskonar framtíðarþróun á Húsavík, nokkurskonar framtíðarsviðsmyndir eða framtíðaratburðarás. Hver þeirra á sér efnahagslegar forsendur sem hafa félagslegar og landfræðilegar afleiðingar sem skapa sviðsmyndina. Umhverfið ber þannig vitni um þróun sem hefur átt sér stað og er að eiga sér stað. En hver atburðarás kallar jafnfram á ákveðnar áherslur og úrlausnir í skipulagsmálum.

Atburðarás 1: Áframhaldandi samdráttur og fækkun

Á Húsavík hefur atvinnulíf dregist saman og íbúum fækkað töluvert undanfarna tvo áratugi eins og víðast á landsbyggðinni. Samdráttur í útgerð, fiskvinnslu, landbúnaði og tilheyrandi matvælaiðnaði, verslun og þjónustu, hefur skipt þar miklu máli. En aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins og þau tækifæri sem þar hafa boðist til menntunar og starfsframa hafa líka togað ungt fólk til sín sem ekki snýr til baka þar sem skortur er á störfum við hæfi. Þessi þróun hefur þýtt að hlutfall aldraðra af íbúafjöldanum hefur farið hækkandi um leið og ungu fólki og börnum fækkar.

Þessi þróun hefur birst í umhverfi bæjarins með auðu verslunarhúsnæði, verslunum sem þurfa að hafa margskonar vöru til að bera sig og byggingum á hafnarsvæðinu sem ekki er lengur að fullu not fyrir. Mikilvægt er að leita leiða til að stöðva þessa þróun og meðan er unnið að því eru helstu verkefnin í skipulagslegu tilliti að viðhalda eignum og bæta umhverfisfrágang eins og unnt er.

Samfara samdrætti í hefðbundnum atvinnugreinum hefur þó verið vöxtur í ferðaþjónustu sem hefur vegið að einhverju leyti upp á móti samdrætti á öðrum sviðum. Önnur framtíðarsviðsmynd fyrir Húsavík byggir því á frekari vexti í ferðaþjónustu.

Atburðarás 2: Vöxtur í ferðaþjónustu

Húsavík er vel staðsett m.t.t. möguleika í ferðaþjónustu og þar hafa hvalaskoðunarferðir verið helsti drifkrafturinn í vexti ferðaþjónustunnar. Margir möguleikar til frekari vaxtar eru enn fyrir hendi, t.d. í tengslum við Garðarshólmaverkefnið og Vatnajökulsþjóðgarð og uppbygginu heilsutengdrar ferðaþjónustu sem m.a. byggi á jarðhitanum og þjónustu Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Með nýjum Dettifossvegi og Hólaheiðarvegi eru einnig komnir nýir kostir á hringleiðum í gegnum sveitarfélagið með mögulegri viðdvöl á Húsavík. Bætt umhverfi sem veitir tækifæra til ýmiss konar afþreyingar á Húsavík myndi hjálpa þar til.

Til framtíðar er því mikilvægt að skapa umhverfi sem laðar að ferðamenn og styður við ferðaþjónustuna um leið og það veitir íbúum tækifæri til samveru, útivistar og vellíðunar. Helstu verkefnin hvað þetta varðar er að bæta tengslin á milli hafnarsvæðisins og miðbæjarins, samtvinna ferðaþjónustu og hefðbundna atvinnustarfsemi á Hafnarstéttinni, bæta fyrirkomulag bílastæða og aðgengi að þeim, þétta byggðina í miðbænum og fegra hann með gróðri, listaverkum og vönduðum yfirborðsfrágangi. Bættar aðstæður fyrir viðburði og útisamkomur geta einnig hagnast bæði íbúum og gestum. Einnig skiptir máli að vel sé hugað að tengslum við söguna og náttúruna og að umhverfið hafi staðbundin sérkenni sem sker bæinn frá öðrum ferðamannabæjum.

Þrátt fyrir ónýtta möguleika í ferðaþjónustu er ólíklegt að hún geti ein og sér snúið við þeirri fólksfækkun sem verið hefur. Fleiri geira þarf því að efla til að styrkja atvinnulífið. Norðurþing hefur því horft til þess að orka í héraðinu verði nýtt fyrir stóriðju eða aðra atvinnustarfsemi sem gæti orðið nýr hornsteinn í atvinnulífinu.

Atburðarás 3: Nýr hornsteinn í atvinnulífið

Í undirbúningi hefur verið að reisa álver á Bakka í landi Norðurþings norðan við Húsavík. Nokkur óvissa er um framgang verkefnisins eins og er en til lengri tíma litið má reikna með að unnt verði að nýta orku í héraðinu til einhverskonar stóriðju eða annarskonar mannaflafrekrar atvinnustarfsemi. Slík þróun myndi skapa talsverða vaxtarmöguleika fyrir Húsavík hvað varðar íbúafjölda, afleidd störf og byggingarframkvæmdir. Á tiltölulega stuttum tíma gæti bærinn vaxið hratt og því er mikilvægt að fyrir liggi stefna og skipulag sem miðar að því að uppbyggingin skili sem bestu umhverfi og skapi sem flest tækifæri til vaxtar annarra atvinnugreina.



Fjöldi gesta í hvalaskoðunarferðum frá Húsavík 1995-2006 (heimild: Hvalasafnið á Húsavík)

Bakkahöfði (mynd frá www.nordurthing.is)

Húsavík 2008

Húsavík um 1908 (heimild: Saga Húsavíkur IV og Fyrir neðan bakka og ofan I)

Megin skipulagsverkefnin miðað við þessa framtíðarþróun er að sjá fyrir lóðum sem henta vel fyrir uppbyggingu verslunar, þjónustu og létts iðnaðar auk þess að skipuleggja ný íbúðarsvæði og bæta umhverfisfrágang almennt. Miðbærinn getur gegnt og ætti að gegna mikilvægu hlutverki í þessari uppbyggingu. Þar eru eyður í byggðinni sem tækifæri myndi gefast til að fylla upp í og þannig skapa heildstæðan og áhugaverðan kjarna sem allir bæjarbúar sæktu í.

Áætlun aðalskipulags Húsavíkur

Aðalskipulag fyrir Húsavík þarf að virka vel fyrir allar mögulegu atburðarásirnar þrjár en stefnt er að því að vöxtur verði í ferðaþjónustu og nýr hornsteinn í atvinnulífinu verði að veruleika með jákvæðum áhrifum á verslun, þjónustu, iðnaðarstarfsemi og mannlíf. Miðað við frummat á mögulegri íbúaþróun ef til uppbyggingar stóriðju kemur má ætla að þurfi 400-500 nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu.

24.1.2 Landfræðilegar aðstæður

Landslag á Húsavík hefur mótað byggðina og skapað bænum skýr einkenni og sterka mynd í hugum fólks. Víkin, fjaran, brattur bakkinn og Húsavíkurfjall eru sérkennandi landslagsþættir sem mynda fallega umgjörð um byggðina. Búðará sem fellur úr Botnsvatni ásamt skrúðgarðinum meðfram henni er einnig afgerandi og aðlaðandi landslagseinkenni. Kinnarfjöllin mynda síðan stórkostlega umgjörð handan Skjálfandaflóans.

Í skipulagi þéttbýlisins er mikilvægt að taka mið af þessum þáttum þannig að landslagssérkenni bæjarins haldist og nýtist bænum til framdráttar. Til dæmis þarf áfram að huga að því hvernig byggðin stallast í hafnarbakkann og brekkurnar, hvernig sýn er til sjávar og fjalla, hvar aðgengi er að fjöru og hvernig Búðará rennur til sjávar.

Ríkjandi vindáttir á Húsavík eru norðvestlægar og suðaustlægar. Austanátt getur stundum orðið mjög hvöss en meðalvindhraði er fremur lítill (2,5 vindstig). Við skipulagsgerðina er mikilvægast að skoða norðlægar áttir að vetri til en þeim fylgir jafnan mest snjókoma og skafrenningur. Umferðarleiðir ætti m.a. að skipuleggja þannig að þær safni ekki á sig snjó í norðan- og norðaustanátt. En einnig er ástæða til að huga að skjóli frá norðanáttum að sumri og hvaða svæði liggja best við sólu.

24.2 Stefna

Markmið

24.2.1 Aðlaðandi íbúðarsvæði með fjölbreyttum húsagerðum eru í boði.

24.2.2 Atvinnu- og þjónustusvæði eru aðgengileg og aðlaðandi og öll megin verslun og þjónusta er í miðbænum.

24.2.3 Opin svæði bjóða upp á margvíslega hreyfingu og útivist.

24.2.4 Búið er vel að öllum samgöngumátum.

24.2.5 Bæjarmyndin einkennist af lágreistri og þéttri byggð og miklum og fallegum gróðri.

24.2.1 Íbúðarsvæði

Stuttar gönguvegalengdir til þjónustu: Stuðlað verði að því að sem flest heimili séu í göngufjarlægð frá miðbæ og skólasvæði.

- Byggt verði í eyður innan núverandi hverfa.
- Íbúðum í miðbæ verði fjölgað, sjá nánar kafla 25 með stefnu og skipulagsramma fyrir miðbæjarsvæðið.
- Næstu nýju íbúðarhverfi verði í Langholti, á Reitnum og síðar á Húsavíkurhöfða. Reynt verði að fullbyggja hvert hverfi áður en ráðist er í nýtt.

Húsagerðir og íbúðastærðir: Í nýjum hverfum verði blandaðar húsagerðir fjölbýlishúsa, parhúsa og einbýlishúsa. Tryggt verði að mismunandi íbúðarstærðir verði í boði sem henta ólíkum fjölskyldustærðum og –gerðum.

24.2.2 Atvinnu- og þjónustusvæði

Þjónustukjarni: Skapaðar verði aðstæður til þess að verslun og þjónusta geti safnast saman og þróast á einu samfelldu svæði í miðbænum. Þannig verði sameiginlegt aðdráttarafl þjónustunnar sem mest, sjá nánar kafla 25 með stefnu og skipulagsramma fyrir miðbæjarsvæðið.

Stofnanir: Tryggt verði svigrúm til að opinberar stofnanir s.s. skólar, helbrigðisþjónusta, söfn o.þ.h. geti þróast og aukist samkvæmt þörfum þeirra til langs tíma. Gönguleiðir að svæðunum verði sem bestar.

Athafna- og iðnaðarsvæði: Tryggt verði nægjanlegt framboð iðnaðar- og athafnasvæða í góðum tengslum við stofnveg og höfn og þar sem áhrif á íbúðarbyggð eru sem minnst.

24.2.3 Útivistarsvæði

Íþróttir og útivist: Fjölbreytt útivistarsvæði fyrir skipulagðar íþróttir og almenna útivist verði aðgengileg bæði inni í byggðinni og í grænum kraga umhverfis þéttbýlið.

Leiksvæði: Leiksvæði og önnur útivistarsvæði fyrir almenning verði hluti af skipulagi íbúðarsvæða. Slík svæði í núverandi byggð halda sér.

Svæði í grennd bæjarins: Útivistarsvæði á jaðri þéttbýlisins verði tengd saman með gönguog reiðleiðum og skógrækt. Þessi svæði eru m.a. hesta- og fjárhúsasvæði, tjaldsvæði, skíðaland og golfvöllur. Þannig verði hægt að þræða sig auðveldlega á milli svæða frá sem flestum stöðum í bænum.

Fjara og sjávarbakkar: Sjávarsíðan verði aðgengileg til gönguferða og útivistar. Komið verði upp áningarstöðum þar sem fræðast má um sögu og lífríki, ásamt því að njóta útsýnis og nándar við hafið.

24.2.4 Umferð

Gatnakerfi: Þjóðvegur 85 (Mararbraut/Garðarsbraut/Héðinsbraut) verði áfram stofnbraut í gegnum þéttbýlið en tveimur tengibrautum er ætlað að létta á umferð um hana. Tengibraut meðfram höfn og fjöru tengir saman atvinnusvæði við sjávarsíðuna og tengibraut á austurjaðri bæjarins tengir íbúðarbyggð við miðbæ og þjónustu ásamt því að vera aðkomuleið að nýjum íbúðarsvæðum.

Útfærsla gatna: Götur verði útfærðar þannig að þær þjóni öllum fararmátum, þ.m.t. akandi, gangandi, hjólandi vegfarendum og stuðli að hægri og öruggri umferð. Leitast verði við að gera götur aðlaðandi og skjólgóðar, m.a. með gróðri.

Grænar götur: Götur sem tengja saman miðbæ, íbúðarhverfi og útivistarsvæði í útjaðri byggðarinnar verði sérstaklega útfærðar?sem „grænar götur" og haldið við sem megin gönguleiðum. Það verði m.a. gert með vönduðum frágangi og viðhaldi, gróðri, áhugaverðum áningarstöðum, og með því að halda í falleg útsýnissvæði og ryðja snjó vel að vetri til.

Umferðaröryggi: Stuðlað verði að umferðaröryggi með því að takmarka umferðarhraða við 30 km/klst sem víðast í íbúðargötum og í nágrenni skóla. Einungis verði leyfður hærri hraði á aðalgötu bæjarins (Marabraut – Garðarsbraut – Héðinsbraut), þó ekki þar sem ekið er í gegnum miðbæinn, sjá nánar um útfærslu götunnar í kafla 25 um stefnu og skipulagsramma fyrir það svæði.

24.2.5 Bæjarmynd

Húshæðir: Byggingar utan miðbæjar skulu almennt vera 1-3 hæðir. Innan miðbæjar og í Reit er heimilt að reisa allt að 5 hæða byggingar. Varðandi byggingar í miðbæ, sjá nánar 25. kafla með stefnu og skipulagsramma fyrir miðbæjarsvæðið. Ný hús í eldri hverfum taki mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er.

Verndun húsa og götumynda: Leitast skal við að vernda gömul hús og gamlar götumyndir. Ný hús í eldri hverfum taki mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er, s.s. hvað varðar hæð húsa, formgerð og staðsetningu í götu.

24.3 Skipulagsákvæði

24.3.1 Landnotkun

Land í þéttbýli er skipulagt til mismunandi nota og eru landnotkunarflokkarnir þessir: Íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði, efnistökusvæði, sorpförgunarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði og landbúnaðarsvæði, auk vatna og áa. Skilgreiningar á hverjum landnotkunarflokki í þessu aðalskipulagi eru í samræmi við skilgreiningu skipulagsreglugerðar, sjá inngang um hvern landnotkunarflokk í eftirfarandi köflum. Í skipulagsákvæðum fyrir hvert svæði er tilgreint hvort vikið er frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025.

24.3.2 Takmarkanir á landnotkun

Svæði þar sem einhverjar takmarkanir eru settar á landnotkun t.d. vegna náttúru, landslags eða minja, eru sýnd með svartri, blárri, gulri eða hvítri yfirstrikun ofan á þá landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði. Svæði þar sem takmarkanir gilda flokkast í náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði, verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum og hverfisverndarsvæði. Svæði undir náttúruvá eru táknuð með rauðri yfirstrikun. Skilgreiningar á hverjum flokki eru í byrjun hvers kafla og eru þær í samræmi við skilgreiningu skipulagsreglugerðar.

24.3.3 Samgöngur og veitur

Í þéttbýli tekur aðalskipulag til stofn- og tengibrauta og stofnkerfa veitna.

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030
Húsavík



Skipulagsgögn Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030:
- Greinargerð dags. 16.11.2010
- Sveitarfélagsuppdráttur dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Kópasker dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Raufarhöfn dags. 16.11.2010

Sjá greinargerð aðalskipulagsins, kafla 24, varðandi skýringar og landnotkunarskilmála sem eiga við uppdráttinn.

Blönduð landnotkun er auðkennd með skástrikun í lit viðkomandi landnotkunarflokks.

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir fastbaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 er Sveitarfélagið Norðurþing á hröðunarmiðasvæði 0,2-0,40 g, sbr. Viðauka 1 Umhverfisskýrslu, kafla 5.6.

Sjá einnig kafla um svæði undir náttúruvá í aðalskipulagsgreinargerð.

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030
Húsavík
Mkv.: 1:10.000@A1
Dags.: 16.11.2010
Unnið hjá: Ata ehf
Ármúli 32, 108 Reykjavík
www.ata.is / ata@ata.is



Íbúðarsvæði

24.3.4 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Leiksvæði innan íbúðarhverfa eru ekki afmörkuð í þessu aðalskipulagi, heldur er gert ráð fyrir að á þeim sé tekið í deiliskipulagi.

Samantekt yfir mögulegan fjölda nýrra íbúða á helstu íbúðarsvæðum (stakar lóðir innan eldri byggðar ekki taldar með):

Í1	50-60
Í4	2-4
Í5	180-220
Í12	80-120
Í13	54
ALLS	366-460

Stefna um þéttleika byggðar á nýbyggingarsvæðum er sett fram með því að tilgreina fjölda íbúða. Á þegar byggðum svæðum er hún sett fram með lýsingu á einkennum svæða og stefnu um að ný byggð skuli fulla að þeirri sem fyrir er. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Í1 Hv1	21,1 0,5	**Brekkurnar** Fastmótað íbúðarhverfi í suðurhlíð Húsavíkurhöfða, aðallega með einbýlishúsum á tveimur hæðum. Í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 er gert ráð fyrir stækkun hverfisins efst og suðvestan í Höfðanum, bæði austan og vestan við Höfðaveg. Þar var gert ráð fyrir 80 nýjum íbúðum, þar af 55 íbúðum á svæðinu vestan við Höfðaveg og norðan við malarveg að spennistöð. Forsendur fyrir íbúðarbyggð á svæðinu vestan Höfðavegar eru nú breyttar með áformum um höfn fyrir álver neðan Höfðans, en með henni verður íbúðarbyggð suðvestan í Höfðanum ekki eins fýsilegur kostur. Íbúðarhús á bakkanum norðan Húsavíkurhafnar (Beinabakki) eru með þeim elstu á Húsavík. Þau mynda samfellda götumynd við Höfðaveg 3-19 og setja sérstakan svip á bæinn séð frá hafnarsvæðinu. Aðallega er um að ræða lítil stök einbýlishús (nr. 9-19) byggð 1925–1929.	Á þeim hluta svæðisins sem þegar er byggður er heimilt að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Götumynd Höfðavegar (svæði Hv1), frá ysta húsi sunnan götu (Vík) og austur að Héðinsbraut, nýtur hverfisverndar og um það svæði gildir: Heildarsvipur byggðarinnar verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Gerð verði húsakönnun og tekin verði ákvörðun um vernd einstakra húsa og frekari hverfisverndarákvæði í framhaldi af því. Á þeim hluta svæðisins sem er óbyggður, þ.e. efst og austan við Höfðaveg, er gert ráð fyrir 50-60 íbúðum í einbýlis- og raðhúsum sem falla vel að landi og einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Forsenda nýrrar íbúðarbyggðar á Höfðanum er að safngata verði lögð frá Þjóðvegi 85 að Sólbrekku og Lyngbrekku og yfir á Höfðaveg, til að draga úr umferðarálagi á Laugabrekku. Íbúðarsvæði vestan Höfðavegar og ofan athafnasvæðis, sem gert var ráð fyrir í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025, er fellt út.
Í2	1,6	**Auðbrekka** Fastmótuð eldri byggð en flest húsin hafa verið flutt á svæðið annarsstaðar úr bænum. Húsin eru því fjölbreytt að gerð og útliti sem gefur svæðinu skemmtilegan blæ. Ein lóð er óbyggð skv. gildandi deiliskipulagi. Svæðið er á hluta á jarðsprungusvæði og ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu.	Breytingar á núverandi húsnæði eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir í samræmi við deiliskipulag.
Í3	1,0	**Skálabrekka** Fastmótuð röð fjölbreyttra, eldri íbúðarhúsa. Ein óbyggð lóð.	Breytingar á núverandi húsnæði eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.
Í4 Hv2	2,8 1,8	**Ásgarðsvegur og Skólagarður** Fastmótuð byggð meðfram Búðará og upp af henni. Götumynd Ásgarðsvegar er sérstaklega aðlaðandi og heildstæð og eru elstu húsin frá þar síðustu aldamótum. Möguleiki er á byggja í eyður austast á svæðinu en það krefst að vandað sé til verka til að skaða ekki fallega götumynd Ásgarðsvegar.	Breytingar á núverandi húsnæði eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Við deiliskipulagsgerð verið skoðað hvort hægt er að koma fyrir nýjum húsum suð-austast við Ásgarðsveg sem eru í samræmi við útlit og stærð núverandi húsa við götuna. Tryggt verði 30 m opið svæði meðfram Búðará þannig að skrúðgarður verði beggja vegna árinnar. Svæðið er afmarkað lengra til suð-austurs en gert er í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Götumynd Ásgarðsvegar nýtur hverfisverndar (svæði Hv2) og um það svæði gildir eftirfarandi:

			Heildarsvipur byggðarinnar verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Gerð verði húsakönnun og tekin verði ákvörðun um vernd einstakra húsa og frekari hverfisverndarákvæði í framhaldi af því.
Í5	12,4	**Grundargarður og Reitur** Fjölbýlishúsabyggð við Grundargarð ásamt óbyggðu svæði á svokölluðum Reit. Austast á svæðinu eru nokkrar gamlar byggingar sem taka þarf afstöðu til við gerð deiliskipulags. Svæðið liggur nálægt bökkum Búðarár og er sérstaklega mikilvægt að raska ekki vatnsbúskap svæðisins, bæði á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur. Jarðvegur á svæðinu er óhentugur til byggingar og því þurfa að fara fram jarðvegsskipti áður en byggingar geta risið. Uppfyllingarefni gæti komið frá Skógagerðismel.	Við Grundargarð er heimilt að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Á Reitnum er gert ráð fyrir þéttri byggð á svæðinu, alls 180-220 nýjum íbúðum í fjölbýlis-, rað- og parhúsum. Fjölbýlishús mega verða allt að fimm hæða. Byggðarmynstur skal vera hefðbundið, þ.e. götur skulu vera samtengdar og framhliðar bygginga og aðalinngangar þeirra snúa að götu. Stórigarður verður framlengdur og verður aðkoma að hverfinu frá honum og Ásgarðsvegi/vegi að Botnsvatni. Taka skal tillit til viðkvæmrar náttúru í og við Búðará við skipulag og framkvæmdir. Einnig skal leitast við taka tillit til gamalla húsa og annarra búsetuminja á svæðinu eftir því sem tilefni er til. Svæðið er afmarkað lengra til austurs en gert er í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025, þ.m.t. austur fyrir áformaða framlengingu Stóragarðs en gert er ráð fyrir að hönnun götunnar miðist við hæga umferð og taki mið af áætluðu umferðarmagni fremur en hefðbundnum stöðlum um tengibrautir. Sjá einnig skipulagsákvæði um gatnakerfi í kafla 24.3.15. Vegna stækkunar íbúðarsvæðisins til austurs er gert ráð fyrir að legu reiðstígs á þessu svæði verði breytt frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025, þannig að hann liggi ofan íbúðarsvæðisins.
Í6	3,0	**Mararbraut, Túngata og Garðarsbraut** Fastmótað hverfi sunnan við Árgil, á milli Mararbrautar og Garðarsbrautar. Elstu húsin eru frá 19. öld og standa þau við gamla farveg Búðarár. Ein óbyggð lóð er á svæðinu.	Breytingar á núverandi húsnæði, bygging á auðri lóð og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.
Í7	3,9	**Vellir / Torgið** Fastmótuð eldri byggð sunnan við Búðará. Nyrsti hluti byggðarinnar snýr að skrúðgarði við Búðará. Ekki eru óbyggðar lóðir á svæðinu.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.
Í8	8,8	**Hóllinn** Fastmótað hverfi þar sem tveggja hæða einbýlishús eru ráðandi en raðhús eru í suðvesturhluta svæðisins. Flest húsin eru byggð um og eftir miðja síðustu öld. Svæðið telst fullbyggt.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.
Í9	2,9	**Blokkir við Garðarsbraut** Þrjú fjölbýlishús við Garðarsbraut og leiksvæði í grennd þeirra. Reiturinn er fullbyggður.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.

Í10	6,6	**Stórhóll** Fastmótuð hverfi raðhúsa og einbýlishúsa.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.
Í11	11,3	**Gerði** Fastmótað hverfi, sunnan og norðan við Þverholt, þar sem einbýlishús eru ráðandi. Tvær óbyggðar lóðir.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.
Í12	9	**Skógargerðismelur** Óbyggt svæði sem ekki hefur verið deiliskipulagt en svæðið er ákjósanlegt til byggingar þó að flytja þurfi mikið af jarðvegi útaf svæðinu áður en það verður byggingarhæft. Það efni getur nýst í uppfyllingar á Reitnum. Sökum landhalla er ólíklegt að einbýlishúsabyggð á svæðinu geti verið þéttari en 10 íbúðir/ha en blöndun húsagerða gæti hækkað þéttleikann eitthvað. Afmörkun svæðisins tekur mið af Búðará, landhalla, spennistöð og vatnsverndarsvæði. Inni á svæðinu eru gamalt fjárhús með hlöðu, tún og skógrækt.	Gert er ráð fyrir 80-120 íbúðum í einbýlis-, par- og raðhúsum sem falla vel að landslagi. Rask á plöntum sem plantað hefur verið á svæðinu og við það verði lágmarkað við deiliskipulag og framkvæmdir. Við skipulag og framkvæmdir á svæði sem snýr að útivistarsvæði við Búðará skal taka sérstakt tillit til viðkvæmrar náttúru. Við skipulag hverfisins skal hafa útsýni til fjalla og sjávar sérstaklega í huga og taka tillit til menningar- og búsetuminja. Svæðið er afmarkað stærra en í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 og munar þar mestu um að gert er ráð fyrir byggð sunnan við Stóragarð en gert er ráð fyrir að hönnun götunnar miðist við hæga umferð og taki mið af áætluðu umferðarmagni fremur en hefðbundnum stöðlum um tengibrautir. Sjá einnig skipulagsákvæði um gatnakerfi í kafla 24.3.15. Vegna stækkunar íbúðarsvæðisins til austurs er gert ráð fyrir að legu reiðstígs á þessu svæði verði breytt frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025, þannig að hann liggi ofan íbúðarsvæðisins.
Í13	13,8	**Holtahverfi** Íbúðarhverfi syðst í bænum sem er byggt að talsverðum hluta. Í hverfinu eru einbýlis-, par- og raðhús en efst á svæðinu er einnig gert ráð fyrir litlu fjölbýli. 49 íbúðir eru óbyggðar miðað við gildandi deiliskipulag og 5 einbýlishús á svæði nyrst í breiðulág sem ekki hefur verið deiliskipulagt.	Gert er ráð fyrir 50-55 nýjum íbúðum í sérbýli og fjölbýli sem falla vel að landslagi. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.
Í14	1,0	**Kaldbakur** Íbúðarhús að Kaldbak.	Breytingar á núverandi húsnæði eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.



Miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir

24.3.5 Miðsvæði

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

24.3.6 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

24.3.7 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Þéttleiki byggðar á þjónustusvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
M1	12,5	**Miðbær Húsavíkur** Kjarni bæjarins og jafnframt Norðurþings þar sem megin verslunar- og þjónustustarfsemi fer fram.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að hlutverki svæðisins sem meginkjarna Norðurþings. Nýrri verslun og þjónustu verði beint á þetta svæði. Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í kafla 25 um miðbæ Húsavíkur. Byggingar og svæði ofan á bakkanum, vestast á svæðinu, falla undir miðsvæði, sbr. svæði 2 í kafla 25 um miðbæinn. Byggingar og rými í bakkanum sjálfum og neðan hans falla hinsvegar undir blandaða landnotkun verslunar- og þjónustustarfsemi og hafnarstarfsemi, sbr. svæði V1/H4 að neðan. Í Aðalskipulagi Húsavíkur 2002-2025 var svæðinu skipt í nokkra landnotkunarreiti en sú starfsemi sem áður var heimil á svæðinu rúmast innan skilgreiningar svæðisins sem miðsvæði, þ.m.t. snyrtilegur matvælaiðnaður.
V1 / H4	1,2	**Bakkinn og Hafnarstétt** Svæðið tekur til bakkans og Hafnarstéttarinnar frá gamla slippnum að frystihúsinu. Á svæðinu er hafntengd starfsemi, aðstaða smábátaútgerðar og ferðaþjónusta í bland. Svæðið gegnir mikilvægu hlutverki sem tenging miðbæjarins við höfnina og sjóinn.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að hlutverki svæðisins sem hafnarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis í nánum tengslum við miðbæ. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á þessu svæði. Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í kafla 25 um miðbæ Húsavíkur. Gert er ráð fyrir breikkun á Hafnarstéttar (um 0,3 ha). Byggingar og rými í bakkanum sjálfum og neðan hans falla undir blandaða landnotkun verslunar- og þjónustustarfsemi og hafnarstarfsemi, sbr. svæði 3 í 25. kafla um miðbæinn. Byggingar og svæði ofan á bakkanum falla hinsvegar undir miðsvæði, sbr. svæði M1. Í Aðalskipulagi Húsavíkur 2002-2025 var svæðið skilgreint sem hafnarsvæði.
V2 / A4	3,2	**Garðarsbraut** Verslunar- og þjónustustarfsemi og ýmis athafnastarfsemi á milli Stangarbakka og Garðarsbrautar, frá Uppsalavegi að Þverholti.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir, verslun, þjónustu og athafnastarfsemi.
V3	0,49	**Golfskáli**	Heimilt er að reisa golfskála og gera bílastæði. Gert er ráð fyrir aðkomu frá Langholti og verður hún skilgreind í deiliskipulagi. Svæðið var ekki skilgreint í Aðalskipulagi Húsavíkur 2002-2025.
Þ1	3,2	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga** Dvalarheimilið Hvammur og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
Þ2	5,2	**Skólasvæði** Á reitnum eru tveir skólar, Borgarhólsskóli og Framhaldsskóli Húsavíkur, auk íþróttahúss. Ráðgert er að byggja þekkingargarð á svæðinu.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
Þ3	0,6	**Grænuvellir** Á reitnum er Leikskólinn Grænuvellir.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.

Iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði

24.3.8 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Gróðurhús eru heimil. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

24.3.9 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

24.3.10 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Gróðurhús eru heimil. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Þéttleiki byggðar á atvinnusvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
A1	5,0	**Höfði II** Óbyggt svæði vestan og efst í Höfða, ofan við fyrirhugaðan Snásugarð.	Gert er ráð fyrir snyrtilegri athafnastarfsemi og léttum iðnaði á svæðinu, einkum starfsemi sem hefur hag af nálægð við hafnarsvæði. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu, sérstaklega í átt að íbúðarbyggð í Brekkum og útivistarsvæði við ströndina.
A2	7,4	**Höfði I** Athafna- og iðnaðarstarfsemi í vestan- og neðanverðum Höfða, ofan við Norðurhöfn. Svæðið er nær fullbyggt.	Gert er ráð fyrir snyrtilegri athafnastarfsemi og léttum iðnaði á svæðinu, einkum starfsemi sem hefur hag af nálægð við hafnarsvæði. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu, sérstaklega í átt að íbúðarbyggð í Brekkum og útivistarsvæði við ströndina.
A3	7,6	**Suðurfjara** Núverandi og áformuð landfylling sunnan Suðurhafnar. Hluti landfyllingarinnar verður til við sandflutning vegna strauma og hafnargarðs en að hluta til þarf að fylla upp til að búa til svæði fyrir athafnastarfsemi í grennd við höfn. Búðará rennur um fráveitustokk til sjávar við norðurenda svæðisins. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 17 lóðum. Forsenda uppbyggingar á þessu svæði er nýr vegur eftir fjörunni til suðurs upp á þjóðveg.	Gert er ráð fyrir snyrtilegri athafnastarfsemi og rýmisfrekri þjónustustarfsemi sem hefur hag af nálægð við sjó og/eða að vera miðsvæðis í bænum. Nyrsti hluti svæðisins getur nýst sem vaxtarsvæði fyrir fiskvinnslu og útgerð, sjá einnig svæði H5. Jafnframt verði tryggður möguleiki á að miðstöð landflutninga með fisk geti flust að Suðurgarði, til að draga úr umferð um Hafnarstétt, sjá einnig svæði H2. Svæðið blasir við ofan af bakkanum og því skal vanda mjög til umhverfisfrágangs og hönnunar bygginga. Tryggð verði gönguleið meðfram sjónum milli Suðurgarðs og fjörunnar sunnan við svæðið. Gert verði ráð fyrir útivistarsvæði í gegnum svæðið sem tengir Árgil við sjóinn. Haldið verði opnum þeim möguleika að Búðará geti runnið ofanjarðar um gilið og í gegnum athafnasvæðið. Sjá einnig kafla um opin svæði til sérstakra nota. Svæðið er aðeins minna en í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 og gildandi deiliskipulagi, þar sem fyllingin er nú látin falla betur að núverandi lögun landsins og fjöruborði.
V2 / A4	3,2	**Garðarsbraut** Sjá V2/A1 að ofan.	Sjá V2/A1 að ofan.
A5	5,5	**Kringlumýri** Lóð og byggingar Norðlenska og óbyggt svæði þar sunnan við. Svæðið er við suðurdyr þéttbýlisins og ásýnd þess skiptir því miklu máli bæði fyrir ímynd bæjarins og matvælaiðnaðarins sem þarna er.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir matvælaiðnað. Leggja skal sérstaka áherslu á vandaða umgengni og frágang á svæðinu.
A6	10,5	**Haukamýri I** Aðstaða Vegagerðarinnar. Mögulegt svæði fyrir ýmis konar athafnastarfsemi.	Gert er ráð fyrir athafnastarfsemi sem hefur hag af góðu aðgengi að þjóðvegi. Leggja skal sérstaka áherslu á vandaða umgengni og frágang á svæðinu, sérstaklega þar sem snýr að þjóðvegi.

H1	10,7	**Snásugarður** Óhreyft svæði þar sem ráðgert er að reisa hafnargarð og tilheyrandi athafnasvæði nýrrar flutningahafnar sem fyrst og fremst mun þjóna fyrirhugaðri stóriðju á Bakka.	Gert er ráð fyrir hafnarmannvirkjum, þ.m.t. um 700 m löngum garði og athafnarými sem tryggir góða aðstöðu fyrir flutninga og þjónustu tengda stóriðju á Bakka. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000).
H2	9,4	**Norðurhöfn** Norðurhluti hafnarsvæðisins við Bökugarð og Norðurgarð þar sem er flutningastarfsemi og geymslur. Talsverðir flutningar eru á gámum á milli Norður- og Suðurgarðs um Hafnarstétt sem taka þarf tillit til við deili-skipulagsgerð. Ef sjóflutningar koma aftur til og stóriðja verður reist á Bakka, þá mun flutningastarfsemi án efa þurfa meira rými. Ráðlegt þykir að gera ráð fyrir að hvorutveggja geti komið til, þ.e. sjóflutningar og álver og að vaxtarmöguleikar á uppfyllingu til vesturs verði tryggðir. Aðalútrás fráveitu er við Bökugarð.	Gert er ráð fyrir starfsemi tengdri flutningum á sjó og landi, þar með talin afgreiðsla skemmtiferðaskipa. Gerð verði örugg og aðlaðandi gönguleið frá hafnarbakka að Hafnarstétt og miðbæ og gengið verði frá svæðinu með þeim hætti að hægt sé að taka á móti skemmtiferðaskipum með sóma. Gert er ráð fyrir skólphreinsistöð á svæðinu með eins þreps hreinsun.
H3	1,4	**Naustagarður** Svæði norðan við Hafnarstétt þar sem fram fer starfsemi tengd smábátútgerð, iðnaði og ferðaþjónustu á sjó.	Gert er ráð fyrir starfsemi tengdri útgerð og ferðaþjónustu á sjó. Gamla slippnum verði viðhaldið.
V1 / H4	1,2	**Bakkinn og Hafnarstétt** Sjá svæði V1/H4 framar.	Sjá svæði V1/H4 framar og stefnu og skipulagsramma fyrir miðbæ Húsavíkur í 25. kafla.
H5	3,5	**Suðurhöfn** Suðurgarður og suðurhluti hafnarsvæðisins þar sem eru stærri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki. Vaxtarmöguleikar eru á landfyllingu til suðurs og einnig gæti fyrrum húsnæði rækjuvinnslunnar nýst til frekari umsvifa núverandi starfsemi eða nýrrar starfsemi. Talsverðir flutningar eru á fiski til og frá svæðinu og innan þess.	Svigrúm er fyrir frekari starfsemi tengdri fiskvinnslu og útgerð. Gert er ráð fyrir að hafnarsvæði Suðurhafnar muni stækka u.þ.b. 40 m til vesturs með um 4.000 m² landfyllingu. Tryggðar verði öruggar og aðgengilegar flutningaleiðir til og frá hafnarsvæðinu og innan þess þannig að sem minnst óhagræði verði fyrir bæði fiskvinnsluna og aðra starfsemi á hafnarsvæðinu.

I1	201	**Bakki, norðan við Húsavík** Óbyggt svæði á og við Bakkahöfða, um 3 km norður af Húsavík. Iðnaðarsvæði við Bakka er að mestu fullgróið. Það einkennist af víðáttumiklu votlendi. Við gróðurúttekt á fyrirhugðu iðnaðarsvæði fundust ekki friðlýstar tegundir, tegundir á válista eða sjaldgæfar tegundir á lands- og héraðsvísu. Ein tegund, brönugrös (Dactylorbiza maculata), var skráð sem er sjaldséð í Þingeyjarsýslum (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústdóttir, óbirt). Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruminjaskrá vegna sérkennilega rofinna sjávarkletta og bergganga fram undan höfðanum og lífríkis í fjörum og skerjum (Náttúruverndarráð, 1996). Votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur undir skilgreiningu 37. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd mýra og flóa þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt drög). Skrá yfir fornleifar á svæðinu liggur fyrir, svo og úttekt á gróðri á svæðinu.	Gert er ráð fyrir 188 ha svæði fyrir stóriðju og annan tengdan iðnað. 143 ha svæði er vestan þjóðvegar og 58 ha austan hans. Á svæðinu er heimilt að reisa allt að 346.000 tonna álver og tilheyrandi mannvirki. Þar er einnig heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki sem hafa hag af nálægð við álver eða við þjóðveg og höfn. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu. Iðnaðarsvæðið stækkar úr 105 í 201 ha frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Stækkunin til suðurs er gerð til að svæðið rúmi það álver sem er í undirbúningi en það er stærra en áður var gert ráð fyrir. Iðnaðarsvæðið er einnig látið ná til alls þynningarsvæðis álversins og er það sýnt á þéttbýlisuppdrætti, en endanleg þynningarsvæði verður ákveðið af Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfis. Svæði vestan þjóðvegar stækkar úr 87 ha í 143 ha svæði vestan þjóðvegar og austan þjóðvegar stækkar svæðið úr 18 ha í 58 ha. Svæðið er einnig afmarkað nær sjó en í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum (sbr. skipulagsreglugerð gr. 4.15.2) og tryggja skal aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða, sbr. einnig gönguleið sem sýnd er á þéttbýlisuppdrætti, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
I2		**Lækjargil** Lítil fiskeldisstöð sem nýtir volgt vatn úr lindum ofar í gilinu til framleiðslu á laxaseiðum	Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.
I3		**Aðveitustöð á Skógargerðismel** Aðveitustöð Orkuveitu Húsavíkur og Landsnets.	Svæði fyrir aðveitustöð og er svigrúm er fyrir stækkun hennar.
I4	2,9	**Haukamýri II** Bleikjueldi í fiskeldisstöð sem nýtir m.a. vatn frá Orkuveitu Húsavíkur.	Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.
I5	14,0	**Hrísmóar** Á svæðinu í dag er virkjun og geymslur. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 11 lóðum á bilinu 3500 m² til um 8000 m² að stærð. Þar að auki er ein 10.000 m² lóð og ein 30.000 m². Byggt hefur verið á þremur lóðanna. Svæðið er við aðkomu að Húsavík úr suðurátt og því er mikilvægt að umhverfi þess sé snyrtilegt og frágangur lóða góður.	Svæði fyrir iðnað og athafnastarfsemi, einkum þá sem nýtir heitt vatni eða gufu frá Orkuveitu Húsavíkur. Gert er ráð fyrir að svæðið geti stækkað um 250 m til norðurs, miðað við gildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir breytingu á legu þjóðvegar 85 vestan við iðnaðarsvæðið þannig að vegur færist um 0–100 m til vesturs. Áhersla verði lögð á aðlaðandi ásýnd með góðum frágangi lóða og jaðra svæðisins, gróðursetningu og snyrtilegri umgengni.



Opin svæði til sérstakra nota og frístundabyggðarsvæði innan þéttbýlismarka Húsavíkur

24.3.11 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallýbrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði. Almennt er heimilt er að reisa allt að 20 m² hús til náttúruskoðunar á opnum svæðum til sérstakra nota.

24.3.12 Svæði fyrir frístundabyggð

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Uppgefin stærð svæða í ha og fjölda bústaða eru þau mörk sem aðalskipulagið setur.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
		Ónúmeruð svæði Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar sem ekki eru til sérstakra tilgreindra nota.	Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróðurs er heimil en hugað verði að útsýni til sjávar við gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki notaðar á svæðum innan bæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rótarkerfi þeirra. Leitast verði skapa fjölbreyttar gönguleiðir sem tengja minni áningarstaði og stærri áfangastaði í einn samhangandi vef útivistarsvæða. Tenging á milli skrúðgarðs og sjávar verði styrkt með gróðursetningu og landslagsmótun í Árgili. Þar verði haldið opnum þeim möguleika að Búðará geti runnið ofanjarðar um gilið og til sjávar þannig að hægt sé að ráðast í þær framkvæmdir þegar forsendur skapast til þess. Sjá einnig kafla um athafnasvæði A3. Lóð Sundlaugar Húsavíkur verði nýtt betur sem útivistarsvæði sundlaugargesta.
O1	3,5	**Vestan Skjólbrekku** Akstursíþróttasvæði.	Heimilt er að móta landið til notkunar fyrir akstursíþróttir og reisa allt að 100 m^2 byggingu.
O2	16,6	**Lækjargil og Traðargerði** Svæði norðan bæjar, við Traðagerði, þar sem eru 10 hesthús með sameiginlegu gerði. Syðst á svæðinu sunnan Húsavíkurlækjar eru fjárhús og dýraspítali. Hesthúsa- og fjarhúsasvæðið er mikilvægt fyrir tómstunda- og íþróttalíf bæjarbúa og sérstakt einkenni í landslaginu ofan bæjarins. Til lengri tíma litið er áformað að flytja aðstöðu hesthúsamanna í Saltvík, neðan þjóðvegar og reisa þar reiðhöll. Í grennd svæðisins er lítil fiskeldisstöð sem nýtir volgt vatn úr lindum ofar í gilinu og er sú lóð skilgreind sem iðnaðarsvæði, sjá svæði I1.	Tómstundabúskapur er heimill innan Lækjargils og Traðargerðis á skipulagstímabilinu. Þó er gert ráð fyrir að aðstaða bæði hestamanna og fjáreigenda verði flutt í Saltvík innan tímabilsins.
O3	8,3	**Íþróttasvæði** Íþróttasvæði sunnan tjaldsvæðis og norðan við Auðbrekku. Á svæðinu eru tveir grasvellir og 400 m hlaupabraut ásamt geymsluhúsi, þörf er á þjónustubyggingu með búningsklefum, m.a. til að uppfylla kröfur KSÍ. Norðan við íþróttasvæðið, sunnan í Húsavíkurleiti, er tjaldsvæði með tveimur þjónustuhúsum og svæði fyrir tjöld og hjólhýsi.	Meginíþróttasvæði Norðurþings með aðstöðu fyrir alhliða íþróttaiðkun. Gert er ráð fyrir mannvirkjum og landslagsmótun sem hentar svæðinu sem íþróttasvæði, m.a. er gert ráð fyrir nýju vallarhúsi með áhorfendastúku og baðaðstöðu og að svæðið geti stækkað til norðurs inn á núverandi tjaldsvæði. Tryggðar verði góðar og öruggar gönguleiðir að svæðinu. Tjaldsvæði flytjist að Hvammi, sjá svæði O8.

O4	1,7	**Kirkjugarður við enda Baldursbrekku** Garðurinn er norðvestan í Höfðanum milli Höfðabrekku og Sólbrekku og er umluktur íbúðarbyggð og getur því ekki stækkað en áætlað er að hann muni duga út skipulagstímabilið.	Kirkjugarður og mannvirki honum tilheyrandi. Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti verið einn af áfangastöðum í vef útivistarsvæða.
O5	1,1	**Sundlaug Húsavíkur** Sundlaug Húsavíkur og opið svæði umhverfis hana.	Gert er ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem tengist sundlaug og nýtingu svæðisins sem útivistarsvæðis. Tryggð verði góð tengsl við íþróttasvæðið handan götunnar og góðar og öruggar gönguleiðir að sundlauginni þannig að hún og svæðið umhverfis hana verði einn af lykil áfangastöðum í neti útivistarsvæða.
O6	0,2	**Gamli kirkjugarðurinn** Garðurinn er rétt austan við íþróttarsvæðið við Auðbrekku.	Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti verið einn af áfangastöðum í vef útivistarsvæða.
O7	46,2	**Skíðasvæði** Austan og ofan við bæinn í Skálamel og í Stöllum, með tveimur lyftum og upplýstum brekkum.	Gert er ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem tengist nýtingu svæðisins sem skíðasvæðis.
O8	5,3	**Skrúðgarður** Í hjarta bæjarins sunnan við Búðará, fallegt og kyrrlátt svæði. Suðaustur af garðinum er opið svæði með gönguleiðum um skógræktarsvæði allt að Botnsvatni.	Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti þjónað hlutverki sem lykil áfangastaður í vef útivistarsvæða. Stefnt er að útvíkkun skrúðgarðs austan Búðarár.
O9	2,3	**Hvammur** Óbyggt svæði.	Gert er ráð fyrir að aðaltjaldsvæði bæjarins verði flutt á þetta svæði. Heimilt er að reisa þjónustuhús, smáhýsi og móta svæðið svo það henti sem best sem tjaldsvæði. Svæðið er ekki skilgreint í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025.
O10	65,0	**Golfvöllur** 9 holu golfvöllur er í Kötlum sunnan byggðar. Svæðið er u.þ.b. 25 ha að stærð. Golfklúbbur Húsavíkur óskar eftir að stækka völlinn í 18 holur og hefur lagt fram tillögu um afmörkun stækkunar. Svæðið sem færi undir golfvöll er annarsvegar (berja)móar og hinsvegar tún/hagar sem hestamenn hafa nýtt fyrir beit. Á svæðinu eru einnig trjárækt og reiðleið.	Gert ráð fyrir að golfvöllurinn gæti stækkað til vesturs og suðurs í allt að 65 ha (18 holu). Á stækkunarsvæði golfvallarins er fornminjasvæði Þorvaldsstaða, trjáræktarsvæði og aðalreiðstígur suður úr bæ. Framtíðarskipulag af svæðinu þarf að taka tillit til þessara landnota. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu að vellinum um Langholt og afmarkað er svæði fyrir golfskála, sjá svæði V3.

O11	100	**Kaldbakstjarnir, sunnan við Húsavík** Útivistarsvæði við lónin sem mynduðust með stíflun lækjar og aðrennsli vatns frá Orkustöð OH á Hrísmóum. Volgt vatn er í Yltjörn, austan þjóðvegar. Aðrar tjarnir á svæðinu nefnast Svarðarmýrartjörn og Hóladalstjörn.	Gert er ráð fyrir að á svæðinu geti komið minni þjónustuhús tengd útivist og heilsurækt, þ.m.t. allt að 50 m^2 baðhús við Yltjörn, tvö allt að 50 m2 þjónustuhús við Svarðarmýrartjörn auk lítilla náttúruskoðunarhúsa við vatnsbakka. Ekki er gert ráð fyrir siglingum á svæðinu. Mikilvægt að raska svæðinu ekki að öðru leyti.

F1	5,7	**Kaldabakskot, við Húsavík** Á svæðin eru 16 smáhús sem nýtt eru til gistingar.	Gert er ráð fyrir allt að 30 smáhúsum á svæðinu auk þjónustuhúss.



Efnistökusvæði og sorpförgunarsvæði

24.3.13 Efnistökusvæði

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Um efnistöku í almenningum/þjóðlendum gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

24.3.14 Sorpförgunarsvæði

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
S1	6,7	**Norðan Laugardals**, norðan við Húsavík. Urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang og geymslusvæði fyrir brotajárn, dekk og úrgangstimbur frá þjónustusvæði Sorpsamlags Þingeyinga.	Vísað er til starfsleyfis, útg. 30.12.2002, fyrir geymslusvæði fyrir brotajárn, dekk og úrgangstimbur og tipp fyrir óvirkan úrgang. Heimilt að taka á móti allt að 5.000 tonnum af úrgangi á ári. Starfsleyfið gildir til 1.12.2012 en reiknað er með að svæðið geti nýst út skipulagstímabilið.
S2	1,4	**Hrísmóar** Móttöku- og flokkunarstöð og sorpbrennslustöð.	Svæði fyrir móttöku og förgun sorps.

E1	2	**Króklág** Svæði austan við þjóðveg 85 og norðan Katlavegar, um 0,7 km sunnan byggðar, þar sem byrjað var að taka efni sumarið 2008. Svæðið er um 2 ha að stærð og gert er ráð fyrir að þar verði tekið allt að 45.000 m^3 af malarefni til vegagerðar o.fl. Svæðið er að mestu gróinn melur.	Efnistaka heimil á 2 ha svæði í samræmi við stefnu um efnistöku í kafla 20.4 um nýtingu jarðefna.
E2	2,3	**Katlar** Grjótnáma rétt sunnan við golfvöllinn, nyrst í Þorvaldstaðakötlum um 0,8 km sunnan byggðar. Katlanáma er gömul en námusvæðið var nýlega stækkað verulega þegar grjót var tekið þar í grjótvörn við gerð Bökugarðs. Svæðið er um 2,3 ha að stærð, sbr. skýrsluna „Húsavíkurhöfn, grjótnám 2000", útfærsla A, sem Stapi Jarðfræðastofa gerði fyrir Hafnarsjóð Húsavíkur október 2000.	Efnistaka er heimil á 2,3 ha svæði í samræmi við stefnu um efnistöku í kafla 20.4 um nýtingu jarðefna.
Í12		**Skógagerðismelur** Óbyggt svæði.	Gert er ráð fyrir efnistöku úr melnum til að móta landið fyrir íbúðarbyggð, sjá svæði Í12, allt að 500.000 m^3.



Gatnakerfi

24.3.15 Samgöngur

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólreiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega, sjá vegalög. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla, sjá lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur. Aðalskipulag tekur til stofn- og tengibrauta. Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli.

Forsendur	Skipulagsákvæði
Gatnakerfi Aðalskipulag Húsavíkur 2010-2030 tekur til stofn- og tengibrauta. Aðrar götur eru sýndar til skýringar og lega þeirra og útfærsla er ákveðin í deiliskipulagi. Götur gegna mikilvægu hlutverki í þéttbýli, ekki bara sem umferðarleiðir eða bílastæði fyrir akandi heldur einnig sem rými sem íbúar fara um gangandi og hjólandi dags daglega. Aðgengi, öryggi, skjól og fallegur frágangur skiptir því miklu máli. Ekki síst er mikilvægt að gera ráð fyrir gróðri í göturýmum til að gera þau aðlaðandi og skjólgóð að fara um.	Gatnakerfi þjóni öllum tegundum umferðar vel, þ.e. bæði akandi, hjólandi og gangandi. Garðarsbraut-Héðinsbraut verði áfram megin leið í gegnum miðbæinn. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stofn- og tengibrautum frá gildandi aðalskipulagi. Helstu breytingar á gatnakerfi frá núverandi ástandi eru: Nýr tengivegur um hafnarsvæði og að stóriðju að Bakka: Gert er ráð fyrir nýrri tengibraut eftir fjöru neðan bakka um Hafnarstétt, norður fyrir Norðurhöfn að Snásugarði og síðan upp á Höfðann og að Bakka. Ný tengibraut frá Höfðavegi að þjóðvegi 85: Gert er ráð fyrir nýrri tengibraut frá nýju íbúðarsvæði efst á Höfðanum að Þjóðvegi 85. Framlenging Stóragarðs: Samtímis uppbyggingu á Reitum er gert ráð fyrir að Stórigarður verði framlengdur norðaustan svæðisins, þannig að aðalaðkeyrsla að svæðinu verði ekki um Ásgarðsveg, sem er íbúðargata, þó svo þaðan verði einnig hægt að komast að svæðinu. Þessi lenging á Stóragarði verður síðan hluti af framtíðar tengibraut um Skógargerðismel að Þverholti. Gert er ráð fyrir að hönnun framlengingar Stóragarðs miðist við hæga umferð og taki mið af áætluðu umferðarmagni fremur en hefðbundnum stöðlum um tengibrautir. Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir íbúðarsvæði Í5 og Í12 í kafla 24.3.4. Gert er ráð fyrir undirgöngum á þjóðvegi 85 á milli sundlaugar og íþróttasvæðis. Við hönnun gatna og viðhaldsframkvæmdir skal gera ráð fyrir gróðri í göturýminu, um leið og tekið er tillit til snjósöfnunar og öryggis. Aðrar götur og vegir en stofnvegir og tengivegir eru sýndir til skýringar á þéttbýlisuppdrætti.
Aðalgöngustígar / Aðalgönguleiðir Gönguleiðir innanbæjar eru gangstéttir og göngustígar á opnum svæðum. Slíkar gönguleiðir þjóna bæði sem samgönguleiðir og sem útivistarstígar. Vel hannaðir stígar, gott viðhald, góð lýsing og áhugavert umhverfi auka líkur á því að þessar gönguleiðir séu notaðar. Ástand slíkra göngustíga er almennt gott á Húsavík. Gönguleiðir í grennd þéttbýlis eru yfirleitt notaðar til útivistar eða til að komast að útivistarsvæðum. Góð hönnun, viðhald og fjöldi áningastaða hefur mest áhrif á nýtingu stíganna. Skipulag og uppbygging slíkra stíga á Húsavík er nokkuð skammt á veg komin en fjölbreytt útivistarsvæði í námunda við þéttbýlið gera það að verkum að möguleikarnir eru fjölmargir.	Góðar gönguleiðir í þéttbýli verði tryggðar, þær verði lýstar og haldið opnum að vetri til. Útivistarstígar skulu tengja útivistarsvæði, s.s. sjávarsíðu, golfvöll, íþróttasvæði, skíðasvæði, Botnsvatn, við byggðina þannig að til verði samtengdur vefur útivistarsvæða sem auðvelt er að fara á milli. Tryggja skal góðar hjólaleiðir innan og milli hverfa og a.m.k. sé gert ráð fyrir einni aðal leið í og úr hverju hverfi sem er auðvelt að hjóla allar árstíðir. Leiðirnar geta verið hvort heldur sem er á sér hjólastígum, göngustígum, gangstéttum eða í götu.
Aðalreiðstígar / Aðalreiðleiðir Einn reiðstígur liggur ofan bæjar frá suðurenda að norðurenda hans.	Aðalskipulagið tekur til stofnreiðleiða. Legu reiðstígs um golfvöll og ofan Skógargerðismels og Reits er breytt frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025 vegna afmörkunar svæðis fyrir golfskála og breyttrar afmörkunar íbúðarsvæða.
Hafnir og hafnargarðar	Sjá kafla um hafnarsvæði.



Stofnæðar veitukerfa á Húsavík

24.3.16 Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Helgunarsvæði (einnig nefnt byggingarbannsvæði) háspennulína er svæði meðfram háspennulínum þar sem takmarkanir geta verið á landnotkun og mannvirkjagerð. Helgunarsvæði er mismunandi breitt en almennt gildir að því hærri sem spennan er á rafkerfinu, því breiðara er helgunarsvæði línunnar. Almennt skal miða við u.þ.b. 25 m breitt helgunarsvæði fyrir 66 kV línur, 25-45 m svæði fyrir 132 kV línur og 65-85 m fyrir 220 kV línur. Aðgengi að möstrum skal tryggt. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.

Forsendur		Skipulagsákvæði
Hitaveita Vatn fyrir Húsavík kemur úr borholum að Hveravöllum í Reykjahverfi. Vatn úr holunum er 125°C heitt og sjálfrennandi. Vegna hæðarmunar milli Hveravalla og Húsavíkur er lítil þörf á dælingu. Árið 1999 var lögð ný aðveituæð til Húsavíkur. Er um að ræða einangraða stálpípu sem getur flutt allt að 150 l/s af 125-130°C heitu vatni, til iðnaðarnota og húshitunar á Húsavík. Frá Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur (sjá svæði I2) er hægt að afhenda vatn á bilinu 4° C-120°C. Orkustöð við Hrísmóa, um 1,5 km sunnan byggðar. Hér er u.þ.b. 550 m^2 bygging á 2800 m2 lóð, sem er hluti af iðnaðarsvæði við Hrísmóa (Sjá kafla 4.5.2), og 125 m^2 miðlunargeymi austan og ofan við stöðina.		Aðalskipulagið tekur til stofnæða hitaveitu og er gerð grein fyrir legu þeirra á þemauppdrætti. Til stofnkerfis hitaveitu innan þéttbýlis Húsavíkur teljast: Aðveituæð frá borholum við Hveravelli í Reykjahverfi að Orkustöð á Kaldbaksleiti, og stofnæð þaðan að dreifistöð við Búðarárgil í miðbæ Húsavíkur.
Rafveita Raforka fyrir Húsavík kemur frá Laxárvirkjun og Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur (sjá svæði I2) sem var tekin í notkun árið 2000. Orkustöðin framleiðir raforku úr 120°C heitu vatni frá Hveravöllum. Aflgeta stöðvarinnar er 1,7 MW og getur hún framleitt um 70% af orkuþörf Húsavíkur. Aðveitustöð, spennistöð, er á Skógargerðismel suðaustan bæjar og er svigrúm fyrir stækkun hennar, sjá svæði I2.		Aðalskipulagið tekur til stofnæða rafveitu og er gerð grein fyrir legu þeirra á þemauppdrætti og þéttbýlisuppdrætti Húsavíkur. Sjá einnig almenna stefnu um rafveitu í kafla 12.3.
R1	**Húsavíkurlína** (33 kV) Háspennulína sem liggur frá Laxárvirkjun um Reykjahverfi að aðveitustöð við Húsavík.	Sjá um helgunarsvæði í almennum texta um veitur að ofan.
R2	**Þeistareykjalína 1** (220 kV) Landsnet hf. áformar að reisa tvær 220 kV háspennulínur frá fyrirhuguðum jarðvarmavirkjunum í Þingeyjarsýslum að stóriðjulóð á Bakka við Húsavík. Gert er ráð fyrir tveimur flutningslínum frá Hólasandi og til tryggja afhendingaröryggi og að draga úr sjónrænum áhrifum að Þeistareykjum eru þær aðskildar á Hólasandi. Innan marka Norðurþings nefnast línurnar Þeistareykjalína 1 (R2) og Hólasandslína 1 (R3). Fyrir liggur frummatsskýrsla um háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum, dags. apríl 2010, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum ásamt frummatsskýrslu, dags. apríl 2010, fyrir sameiginlegt mat háspennulína og álvers á Bakka.	Gert er ráð fyrir að Þeistareykjalínu 1 liggi frá Þeistareykjum yfir Jónsnípuskarð, síðan vestan Höskuldsvatns og austan Húsavíkurfjalls að Bakka. Línan mætir Hólasandslínu 1 vestan Höskuldsvatns og þaðan fara þær samsíða til norðurs, austur við Kubbsfjall og þaðan til norðvestur að Bakka. Við nánari hönnun á legu línunnar er heimilt er hliðra línunni lítillega innan 300 m beltis beggja vegna línunnar. Sjá um helgunarsvæði í almennum texta um rafveitu að ofan.
R3	**Hólasandslína 1** (220 kV) Sjá að ofan um Þeistareykjalínu 1.	Gert er ráð fyrir Hólasandslínu 1 frá tengivirki á Hólasandi í norðvestur og vestan Lambafjalla til norðurs að Bakka við Húsavík. Línan kemur að Þeistareykjalínu 1 vestan Höskuldsvatns og þaðan fara þær samsíða til norðurs, austur við Kubbsfjall og þaðan til norðvestur að Bakka. Við nánari hönnun á legu línunnar er heimilt er hliðra línunni lítillega innan 300 m beltis beggja

		vegna línunnar. Sjá um helgunarsvæði í almennum texta um rafveitu að ofan.
Aðrar línur	**Tjörneslína** (11 kV) Háspennulína frá Skjólbrekku norðan Húsavíkur og norður að Tjörnesi. Hluti línunnar liggur í jörð og er hann sýndur sem brotalína á þéttbýlisuppdrætti Húsavíkur.	Aðalskipulagið tekur ekki til raflína og rafstrengja með lægri en 33 kV spennu og eru þær því einungis sýndar á þemauppdrætti til skýringar en ekki á sveitarfélagsuppdrætti. Leyfi fyrir slíkum línum eða jarðstrengjum er unnt að veita á grundvelli gagna með umsókn um framkvæmdaleyfi, að undangengnu deiliskipulagi eftir því sem við á, og að teknu tilliti til stefnu þessa aðalskipulags um verndun náttúru og landslag, sbr. 19. og 21. kafla og ákvæða um verndarsvæði, sbr. kafla 23.16 – 23.19. Leitast skal við að leggja línur í jörð og meðfram vegum og stígum. Við gerð og afgreiðslu deiliskipulags og/eða byggingar- eða framkvæmdaleyfa skal ganga úr skugga um að mannvirkin og helgunarsvæði þeirra samrýmist þeirri landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði skv. aðalskipulagi. Jafnframt skal skipulags- og byggingarnefnd taka afstöðu til þess hvort hún telji mannvirkið varða svo hagsmuni annarra, að það kalli á kynningu deiliskipulagstillögu eða grenndarkynningu leyfisumsóknar. Sjá einnig um helgunarsvæði í almennum texta um rafveitu að ofan.
Vatnsveita Vatnsból Húsavíkur eru við uppsprettulindir upp með Búðará neðan Botnsvatns. Ný lögn var lögð frá vatnsbóli að Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur á Kaldbaksleiti árið 2000 (sjá svæði I2). Virkjað vatn í vatnsbóli er nú um 300 l/s, en virkjanlegt kalt vatn í landi Húsavíkur er talið vera 1000-1200 l/s. Affallsvatn frá Orkustöð er u.þ.b. 200 l/s og 25°C heitt.		Aðalskipulagið tekur til stofnæða vatnsveitu og er gerð grein fyrir legu þeirra á þemauppdrætti. Til stofnkerfis vatnsveitu innan þéttbýlis Húsavíkur teljast: Stofnæð frá Vatnsbóli Húsavíkur í Uppsprettugili að Orkustöðinni. Stofnæð frá Vatnsbóli Húsavíkur meðfram Búðará norðanmegin, að Ásgarðsvegi.
Fjarskipti Miðstöð fjarskipakerfis á Húsavík er í Símstöðinni að Garðarsbraut 21 en þaðan liggja stofnar í brunna og götuskápa en síðan samása símakaplar inn í hús eftir heimtaugum. Lagður hefur verið ljósleiðari inn í nokkur hús í bænum, þar á meðal í fjölbýlishús, skólabyggingar, sjúkrahús og nokkur fyrirtæki. Landsíminn er eigandi ljósleiðarakerfisins á Húsavík, og enn er notkun kerfisins lítil og takmarkast að mestu við dreifingu Breiðvarps frá símstöð að götuskápum þar sem merkinu er breytt í rafmerki og fer eftir samása köplum í loftnetskerfi húsanna.		Aðalskipulagið tekur til legu stofnljósleiðara og er gerð grein fyrir legu hans á þemauppdrætti. Gert er ráð fyrir að í tengslum við byggingu flutningamannvirkja tengdum stóriðju á Bakka verði lagður ljósleiðari með öllum tengingum, bæði loftlínum og jarðstrengjum. Ljósleiðarinn verði lagður í nágrenni við háspennulínurnar, þ.e. í línuslóða eða nálæga vegi, en í tilviki jarðstrengja í sama skurð og jarðstrengurinn. Á uppbyggingartíma Þeistareykjavirkjunar verði vinnurafmagn leitt með jarðstreng frá Húsavík eða frá Kópaskerslínu norðan Höfuðreiðarmúla til Þeistareykja, meðfram virkjunarvegi og/eða línuslóða. Unnt er að heimila lagningu háspennustrengja í jörðu meðfram vegum án breytinga á aðalskipulagi.
Fráveita Búið er að leiða allt frárennsli sem áður fór í höfnina út fyrir Bökugarð. Samtals eru nú þrjár útrásir frá þéttbýlinu., þ.e. aðalútrásin við Bökugarð, Búðará og Þorvaldstaðaá. Unnið er að því að sameina allar fjórar útrásir í eina við Bökugarð og skilja læki og regnvatn frá eins og mögulegt er. Þannig að þar verði hægt að koma upp skólphreinsistöð með eins þreps hreinsun. Þá yrði væntanlega aðeins yfirfall vegna stórrigninga og leysinga áfram í Þorvaldstaðaá og Búðará.		Aðalskipulagið tekur til aðalútrásar fráveitu og er gerð grein fyrir hennar á þéttbýlisuppdrætti.

Flokkun strandsvæða og skilgreining viðtaka fráveitu liggur ekki fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Rannsóknir á hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi eiga eftir að fara fram.	

24.3.17 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 m. s. br. um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 536/2001 m. s. br. um neysluvatn.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn skal flokka verndarsvæði vatnsbóla í brunn-, grann- og fjarsvæði. Vatnsverndarsvæði vatnsbóls Húsavíkur, er utan þéttbýlismarka og er gerð grein fyrir þeim í kafla 23.19 um skipulagsákvæði í dreifbýli. Innan þéttbýlismarka eru tvö grannsvæði vatnsbóla sem eru nýtt fyrir atvinnustarfsemi og eitt sem mögulegt er að nýta.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og setja fram langtímamarkmið sem miða að því að vatn sé ósnortið eða lítt snortið, sbr. skilgreiningar í reglugerðinni. Slík flokkun hefur ekki farið fram innan marka þéttbýlis á Húsavík.

24.3.18 Náttúruverndarsvæði

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og svæði á náttúruminjaskrá. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingu um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlögum um verndun einstakra svæða.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Vv1		**Sprænugil** Vatnsverndarsvæði umhverfis gamla vatnsból Húsvíkinga við Reykjaheiðarveg, ofan Urðargerðis og Steinagerðis. Ekki hefur verið tekið vatn þarna í áratugi. Þeim möguleika er hinsvegar haldið opnum að nýta vatnið síðar og þá frekar fyrir atvinnustarfsemi en sem neysluvatn.	Á svæðinu gilda ákvæði um grannsvæði í reglugerð nr. 533/2001, sem er breyting á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr.: Notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna er bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.
Vv2		**Haukamýrargildi** Uppsprettur neðan við Bræðraland sem nýttar eru fyrir fiskeldi.	
Vv3		**Gvenndarsteinsmýri** Litlar uppsprettur sunnan orkustöðvar sem nýttar eru fyrir fiskeldi.	
Nv1	12	**Bakkafjara og Bakkahöfði, norðan Húsavíkur** Svæði á náttúruminjaskrá. Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. Um 12 ha svæði, sem nær 350 m inn til austurs frá Bakkahöfðatá, ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi neðan þess. Sérkennilega rofnir sjávarklettar og nafir (berggangar) fram undir höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.	Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 38. , 67. og 68. gr. laga um náttúruvernd. Svæðið er skilgreint sem hverfisverndarsvæðið, sjá kafla 23.18, og þar gilda ákvæði sem eiga við verðmæt svæði á svæðisvísu, sbr. kafla 21.1.5.

Skráðar fornleifar á Húsavík

24.3.19 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Fornleifar

Fornleifar eru hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ár og eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né flytja úr stað nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Sjá nánar ákvæði þjóðminjalaga.

Fornleifar hafa verið skráðar innan þéttbýlissvæðis Húsavíkur. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands, sem séð hefur um skráningar í Norðurþingi, eru minjar flokkaðar eftir jörðum, miðað við jarðaskiptinu í Jarðatali Johnsens frá 1847.

Á þéttbýlisuppdrætti eru sýndar friðlýstar fornleifar og fornleifar sem vakin er athygli á í fornleifaskrám, sbr. eftirfarandi töflu. Allar skráðar fornleifar eru sýndar á þemakorti.

Skráðar fornleifar á Húsavík Þó nokkuð er af óröskuðum fornleifum í bæjarlandinu þó svo mörgum hafi verið raskað við uppbyggingu bæjarins í tímans rás. Engar friðlýstar minjar eru á Húsavík.		
Fornleifaskrá	**Heiti jarðar og nr. minja sbr. fornleifaskrá**	**Minjar sem vakin er athygli á í fornleifaskrá og talin ástæða til að vernda, kynna og/eða rannsaka (sjá fornleifaskrá varðandi nánari upplýsingar)** Við deiliskipulagsgerð, í gögnum með byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum og gögnum með tilkynningu um skógrækt, (sbr. ákvæði um málsmeðferð við skógrækt í kafla 21.3) skal gera grein fyrir fornleifum á viðkomandi svæði og áhrifum skipulags og framkvæmda á þær, sbr. fornleifaskrá. Leitast skal við að vernda neðantaldar minjar og merkja þær og kynna með einum eða öðrum hætti, einkum á svæðum sem eru nýtt til útivistar, en þær eru sýndar á þéttbýlisuppdrætti. Varðandi aðrar minjar er vísað í þemakort og fornleifaskrár.
Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands.	SÞ-311 **Tröllakot** SÞ-311:001 – 311:016	SÞ-311:001 Bæjarstæði Tröllakots: Leifar bæjarins, útihúsa og garðlags umhverfis eru sýnilegar. Heillegustu bæjarleifarnar á svæðinu sem full ástæða er til að varðveita og kynna. SÞ-311:004 Tröllarétt: Myndarleg skilarétt hlaðin úr torfi sem er um margt dæmigerð fyrir réttir á svæðinu. Varðveislu- og kynningargildi.
	SÞ-312 **Bakki** SÞ-312:001 – 312:030	SÞ-312:011 Kirkjugarður: Gerði á bakkabrún 200 með neðan við bæinn. Garðurinn er líklega frá 15. öld en ekki er ljóst hvort um er að ræða kirkjugarð eða hvort gerðið hafi gengt öðru hlutverki en það er greinlega fornt. Rannsóknar- og varðveislugildi. SÞ-312:013 Stekkur: Leifar af stekk þar sem greinilegar eru þrjár tóftir og garðlag auk þess sem mikill áveitugarður endar við stekkinn. Varðveislu- og kynningargildi. SÞ-312:021 Áveitugarðar: Miklir áveitugarðar í Mýrunum norðan við Bakkabæ sem gefa góða vísbendingu um horfna búskaparhætti á þessum slóðum. Varðveislu- og kynningargildi.
	SÞ-313 **Húsavík** SÞ-313:001 – 313:171	SÞ-313:081 Pétursel: Tóftaleifar um sel og vallargarður umhverfis. Tvímælalaust varðveislu-, kynningar- og rannsóknargildi. SÞ-313:098 Göngugarður: Merki garðsins eru greinileg á stöku stað og hefur hann tvímælalaust varðveislu- og rannsóknargildi. SÞ-313:102 Pálsgerði: Kálgarður frá miðri 19. öld sem er stærstur þeirra kálgarða í bæjarlandinu sem eru enn greinilegir. Garðurinn gefur hugmynd um þróun Húsavíkur frá sveit til bæjar og hefur varðveislu- og kynningargildi sem slíkur. SÞ-313:103 Laugardalshús: Greinilegar beitarhústóftir í Laugardalnum sem hafa varðveislu- og kynningargildi.

	SÞ-314 **Naust** SÞ-314:001 – 314:012	
	SÞ-315 **Skógargerði** SÞ-315:001 – 315:010	SÞ-315:001 Bæjarstæði: Merki um bæinn, útihús í námunda hans og túngarðs part við Skógargerðisánna. Varðveislu- og kynningargildi.
	SÞ-316 **Vilpa** SÞ-316:001 – 316:005	Fjárhús: Óskemmt fjárhús í miðjum skrúðgarði Húsvíkinga. Húsið er fremur nýlegt en hefur varðveislu- og kynningargildi sökum staðsetningar. Húsið mætti nota til að miðla sögu bæjarins til þeirra sem leið eiga um garðinn.
	SÞ-317 **Þorvaldsstaðir** SÞ-317:001 – 317:008	SÞ-317:001 Bæjarhóll: Bæjartóft, leifar fjárhúss og túngarður umhverfis. Sléttað hefur verið úr bæjartóftinni en leifar fjárhúss og túngarðs sjást enn. Varðveislugildi.
	SÞ-319 **Kaldbakur** SÞ-319:001 -319:025	SÞ-319:006 Hólastekkur: Nokkrar tóftir og mikil garðlög sem eru merkjanlega. Varðveislu- og kynningargildi. SÞ-319:009 Gvendarsteinn: Stór og myndarleg dys í námunda við gamla þjóðleið. Staðurinn er til vitnis um forna þjóðtrú og hefur varðveislu- og kynningargildi. SÞ-319:010 Nónmelsás: Tvær tóftir með óþekkt hlutverk en virðast fornar og hafa varðveislu- og rannsóknargildi. SÞ-319:015 Garðlag: Mikið garðlag liggur norður-suður í landi Kaldbaks, líklega frá 11. öld, sem sennilega hafði fjölþætt hlutverk, s.s. sem gönguarður, vörslugarður eða landamerkjagarður. Tryggja þarf að garðurinn verði ekki fyrir frekara raski þar sem hann hefur rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi. SÞ-319:016 Garðlag: Mikið garðlag sem liggur norður-suður í landi Kaldbaks. Hlutverk garðsins er óþekkt en þó líklegt að hann hafi þjónað sem göngugarður, vörslugarður og/eða landamerkjagarður eða allt þetta. Garðurinn er geysimikið mannvirki, líklega frá 11. öld, sem þarf að tryggja að verði ekki fyrir frekara raski. Rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs álvers á Tjörnesi. Fornleifastofnun Íslands.	SÞ-310 **Héðinshöfði** SÞ-310:008 -310:068	Um áhrif framkvæmda á þessar minjar verður fjallað í mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.
	SÞ-311 **Tröllakot** SÞ-311:001 -311:016	
	SÞ-312 **Bakki** SÞ-312:001 -312:032	
	SÞ-313 **Húsavík** SÞ-313:095 -313:179	
Uggi Ævarsson. 2007a. Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs álvers við Bakkahöfða (FS359-07191.) Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.	SÞ-310 **Héðinshöfði** SÞ-310:008 -310:072	
	SÞ-311 **Tröllakot** SÞ-311:001 -311:018	
	SÞ-312 **Bakki** SÞ-312:001 -312:050	
	SÞ-313 **Húsavík** SÞ-313:102 -313:182	
Uggi Ævarsson. 2007b. Fornleifaskráning vegna vegarstæðis frá Húsavík að Bakkahöfða (FS360-07192). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.	SÞ-312 **Bakki** SÞ-312:001 -312:050	
	SÞ-313 **Húsavík** SÞ-313:102 -313:182	

Hús háð ákvæðum laga um húsafriðun

Samkvæmt ákvæðum laga um húsafriðun eru öll hús friður sem reist eru fyrir 1850, en engin hús reist fyrir þann tíma standa enn á Húsvík. Húsavíkurkirkja, sem reist var árið 1907, var friðuð í A-flokki af menntamálaráðherra 20. desember 1982 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969. Hún var einnig friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Lögin kveða einnig á um að eigendur húsa sem reist eru fyrir 1918, skuli leita álits hjá húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Hús reist fyrir 1918 eru sýnd á þemakorti en þau eru skv. skrá Fasteignamats ríkisins:

Hús	Byggingarár
Árgata 6	1907
Árgata 8	1904
Árgata 12	1904
Ásgarðsvegur 2	1902
Ásgarðsvegur 4	1907
Ásgarðsvegur 26	1902
Garðarsbraut 2	1898
Garðarsbraut 5	1902
Garðarsbraut 11	1908
Garðarsbraut 12	1907
Garðarsbraut 18	1903
Garðarsbraut 18A	1900
Garðarsbraut 18A	1903
Garðarsbraut 20B	1903
Garðarsbraut 42	1916
Garðarsbraut 44	1900
Garðarsbraut 45	1915
Garðarsbraut 6	1902
Garðarsbraut 6	1886
Garðarsbraut 6	1883
Héðinsbraut 1	1903
Héðinsbraut 1	1903
Héðinsbraut 3A	1907
Héðinsbraut 7	1907
Héðinsbraut 11	1895

Hús	Byggingarár
Höfðavegur 5A	1906
Höfðavegur 5B	1906
Höfðavegur 7B	1916
Mararbraut 3	1914
Mararbraut 9A	1906
Mararbraut 9B	1906
Mararbraut 11	1905
Mararbraut 11	1905
Mararbraut 13	1905
Mararbraut 15	1906
Reykjaheiðarvegur 5	1900
Skólastígur 3	1895
Stórigarður 6	1910
Stórigarður 6	1910
Stórigarður 6	1910
Túngata 14	1906
Vallholtsvegur 11	1902
Árholt 150809	1891
Hóll 150818	1898
Garðarsbraut 9A	1906
Garðskirkja	1898
Lón 1	1912
Auðbjargarstaðir	1916

Aldur húsa á Húsavík. Hús byggð fyrir 1918 eru háð ákvæðum laga um húsafriðun

Hverfisverndarsvæði

24.3.20 Hverfisverndarsvæði

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Í aðalskipulagi þessu er gert ráð fyrir hverfisverndun tveggja svæða en ekki eru sett ákvæði fyrir önnur svæði eða einstök hús bæjarins umfram þau sem gilda samkvæmt lögum um húsafriðun. En almennt ber að hafa í huga að gömul hús bæjarins og þá sérstaklega þar sem þau mynda samfellda götumynd, er mikilvægur hluti sögu og sérkennis Húsavíkur og skal leitast við að varðveita þau og viðhalda þeim sem best.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Hv1		**Bakkafjara og Bakkahöfði** Sérstakar klettamyndanir, lífríkar fjörur og sker. Verðmætt svæði á svæðisvísu sem er á náttúruminjaskrá, sbr. Nv1 í kafla 24.3.18.	Sjá ákvæði sem eiga við verðmæt svæði á svæðisvísu, sbr. kafla 21.1.5. Þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 38. , 67. og 68. gr. laga um náttúruvernd.
Hv2 Í1		**Höfðavegur** Íbúðarhús á bakkanum norðan Húsavíkurhafnar (Beinabakki) sem eru með þeim elstu á Húsavík. Þau mynda samfellda götumynd við Höfðaveg 3-19 og setja sérstakan svip á bæinn séð frá hafnarsvæðinu. Aðallega er um að ræða lítil stök einbýlishús (nr. 9-19) byggð 1925–1929.	Heildarsvipur byggðar við Höfðaveg verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Húsakönnun verði gerð fyrir byggðina og ákvörðun um vernd einstakra húsa og frekari hverfisverndarákvæði tekin í framhaldi af því.
Hv3 Í5		**Ásgarðsvegur** Heildstæð gömul byggð meðfram Búðará.	Heildarsvipur byggðar við Ásgarðsveg verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Húsakönnun verði gerð fyrir byggðina og ákvörðun um vernd einstakra húsa og frekari hverfisverndarákvæði tekin í framhaldi af því.
Hv4		**Kaldabakstjarnir** Útivistarsvæði. Tilgangur með hverfisvernd á svæðinu er að varðveita votlendi sem er mikilvægt vistkerfi fugla, og samtímis gefa kost á fjölbreyttri notkun svæðisins í útivist og fræðslu, sér í lagi í fugla- og náttúruskoðun.	Varðveita skal núverandi tjarnir og votlendi og endurheimta votlendi eftir því sem unnt er. Heimilt er að búa til tjarnir á svæðinu sé það talið til bóta fyrir lífríki. Gróðursetning trjágróðurs er heimil á svæðinu en skulu þau þá vera í þyrpingum til að varðveita einkenni svæðisins sem opins svæðis. Vegur liggur vestan og sunnan tjarnanna. Útbúa skal göngustíga á tjarnarsvæðinu og gera bílastæði við veginn. Gæta skal þess að stígar og bílastæði falli vel að landi. Koma má upp áningastöðum við stíga og reisa minni mannvirki s.s þjónustuhús, fuglaskoðunarskýli o.þ.h. Byggingarmagn á svæðinu skal að hámarki vera um 100 fm. Við hönnun mannvirkja skal taka mið af landslagi og umhverfi. Ekki er gert ráð fyrir bátaumferð um tjarnirnar nema til hreinsunar á svæðinu eða vísindarannsókna.

24.3.21 Svæði undir náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
		Jarðskjálftahætta Húsavík er staðsett við virkt jarðsprungubelti, Húsavíkurmisgengi. Virk jarðskjálftasprunga liggur rétt norðan við bæinn og takmarkar sprungusvæðið mannvirkjagerð á svæðinu. Frá árinu 1755 hafa jarðskjálftar tvisvar sinnum valdið verulegum skemmdum á bæjarlandinu (1755 og 1872) og a.m.k. einu sinni nokkrum skemmdum (1867). **Önnur náttúruvá** Hætta af annarri náttúruvá en jarðskjálftum er ekki talin veruleg en snjóflóð hafa þó fallið úr Húsavíkurfjalli og tjón hafa orðið á hafnarsvæðinu vegna ofviðris og sjávargangs. Ekki er talin þörf á sérstökum vörnum eða takmörkunum á landnotkun vegna þessa.	Svæði meðfram sprungum í norðurjaðri þéttbýlisins (2x50 m) er skilgreint sem svæði undir náttúruvá. Ekki er heimilt að reisa varanlegar byggingar innan þess. Við hönnun mannvirkja á þéttbýlissvæði Húsavíkur skal hönnunarhröðun miðast við 0,4 g sbr. evrópska forstaðall Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Í þjóðarskjalinu FS ENV 1998-1-1:1994 er mynd 1 sem sýnir skiptingu Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma og tafla 1 sem tilgreinir við hvaða hönnunarhröðun skal miða í þéttbýliskjörnum. Samkvæmt skjalinu sem tók gildi 2003 er Húsavík á hæsta álagssvæði og skal hönnunarhröðun miðast við 0,4g. Í Eurocode 8 er ekki gert ráð fyrir meiri hröðun en 0,4 g. Þeir reikningar sem liggja að baki sýna mun meiri hröðun fyrir þetta svæði, en í staðlinum er ekki talin ástæða til að greina á milli hærri gilda . Varnir vegna ágangs sjávar, þar sem talin er þörf á að verja mannvirki eins og vegi, er heimilt að reisa á grundvelli framkvæmdaleyfis og tilheyrandi gagna. Við deiliskipulag sjávarsvæða skal taka tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.

25 Skipulag miðbæjar Húsavíkur

Mörk þess svæðis sem skipulagsramminn tekur til

25.1 Tilgangur skipulagsramma fyrir miðbæ Húsavíkur

Í þessum kafla er sett fram stefna og skipulagsrammi fyrir miðbæ Húsavíkur og lýst greiningu á miðbæjarsvæðinu m.t.t. skipulagsmála. Stefnumörkunin tekur til svæðis sem afmarkast af Hafnarstétt og hafnarbakka í vestri, Auðbrekku í norðri, Miðgarði í austri og Búðargili í suðri. Breytingar á starfsemi á miðsvæði hafnarsvæðisins hafa leitt til nánari tengsla við miðbæ og er sá hluti hafnarsvæðisins því tekinn með miðbænum. Áform um frekari uppbyggingu þar og í miðbænum, ásamt möguleg uppbygging álvers á Bakka sem leitt gæti til aukinnar ásóknar í lóðir, kalla á að skipulagsmál þessara svæða séu skoðuð í heildarsamhengi og til langrar framtíðar.

Meginmarkmiðið er að skipulag miðbæjarins á Húsavík verði vandað og svari sem best núverandi og framtíðarþörfum atvinnustarfsemi, íbúa og gesta. Uppbygging og þróun á svæðinu verði Norðurþingi til sóma og skerpi ímynd bæjarins í hugum íbúa og gesta.

Til að vinna að þessu meginmarkmiði er tilgangur stefnumörkunar um miðbæinn að:

- Setja skipulagsforsögn fyrir deiliskipulag miðbæjarreita.
- Setja fram grunn sem hægt er að byggja umfjöllun og afgreiðslu á einstökum uppbyggingartillögum í miðbænum á.
- Skilgreina og kynna uppbyggingarmöguleika og hvetja þannig til fjárfestinga.
- Stuðla að markvissum fjárfestingum sveitarfélagsins í framkvæmdum í miðbænum.

Markmið sem sett eru fram í kafla 25.4 og í köflum 25.6-25.12 skulu lögð til grundvallar deiliskipulagsvinnu en umfjöllun um tækifæri innan hverrar skipulagseiningar er leiðbeinandi fyrir skipulagsgerðina.

25.2 Uppbygging kaflans

Kafli 25.3 lýsir einkennum miðbæjarins og jarðarsvæða hans m.t.t. landnotkunar, gatnakerfis og bæjarmyndar.

Í kafla 25.4 er sett fram stefna, þ.e. markmið og áherslur sem skipulag miðbæjarins skal stuðla að.

Í kafla 25.5 er skipulagsuppdráttur eða skipulagsrammi, fyrir miðbæinn í heild sinni birtur og svæðinu skipt upp í nokkrar skipulagseiningar sem mynda ákveðna heild hver og ein.

Í köflum 25.6 – 25.13 er gerð grein fyrir hverri skipulagseiningu; aðstæðum á því svæði, markmiðum fyrir skipulag og umhverfisfrágang og tækifærum í uppbyggingu.

Í kafla 25.14 er skýringaruppdráttur með tilvísunarnúmerum sem eiga við texta í greinargerð og í kafla 25.15 er yfirlit yfir mögulegt byggingarmagn nýbygginga.

25.3 Einkenni miðbæjar og jaðarsvæða

25.3.1 Landnotkunarmynstur

Miðbæjarstarfsemi er aðallega meðfram Garðarsbraut en á jaðri þess kjarna er ráðhúsið, sýsluskrifstofan og hótelið. Neðan bakka má e.t.v. telja kaffi- og veitingahús til miðbæjarstarfsemi fremur en sjávartengdrar ferðaþjónustu. Umhverfis miðbæjarsvæðið eru síðan helstu stofnanir bæjarins, sjúkrahúsið, skólarnir, íþróttahúsið og Safnahúsið.

Íbúðir í kjarna miðbæjarins þ.e. meðfram Garðarsbraut, eru fáar en milli Garðarsbrautar og Miðgarðs eru nokkrar stuttar íbúðargötur. Íbúðarhús eru einnig á Beinabakka (Höfðavegi) og á Stangarbakka (Mararbraut). Huga þarf að möguleikum á fjölgun íbúða miðsvæðis til að styrkja miðbæinn.

Starfsemi á hafnarsvæðinu skiptist á þrjú megin svæði. Á norðanverðu hafnarsvæðinu er flutningastarfsemi og geymslur. Á miðsvæðinu blandast ferðaþjónusta og smábátaútgerð saman á skemmtilegan hátt og á sunnanverðu hafnarsvæðinu eru stærri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki. Lítil sem engin iðnaðarstarfsemi er á hafnarsvæðinu en nokkur hús eru fyrst og fremst nýtt sem geymslur og eitt stendur nær autt. Björgunarsveit er með húsnæði undir bakkanum á Hafnarstétt.

Á Hafnarstéttinni (miðsvæðinu) er nú hvalasafn, kaffi- og veitingahús auk skrifstofa og snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn. Smábátaútgerð hefur dregist saman frá því sem mest var, en aðstaða hennar er aðallega áfram á Hafnarstétt, þar sem rætur hennar liggja. Geymslur fyrir smábátaútgerð eru þó einnig á norðurhluta hafnarsvæðisins.



Landnotkun á miðbæjarsvæðinu og jaðarsvæðum þess

Núverandi megingatnakerfi miðbæjar og hafnarsvæðis

25.3.2 Gatnakerfi

Þjóðvegur nr. 85 (Norðausturvegur) liggur í gegnum Húsavík og er jafnframt aðalgata bæjarins. Nafn aðalgötunnar breytist frá suðri til norðurs úr Stangarbakka, í Mararbraut, Garðarsbraut og loks Héðinsbraut. Gatan gegnir bæði hlutverki stofnbrautar í gegnum bæinn, tengibrautar og safnbrautar milli hverfa og er á köflum húsagata. Um hana fer því bæði allur gegnumakstur og stór hluti innanbæjarumferðar.

Megin aðkomur inn í miðbæinn eru norðan Búðargils í suðri og Auðbrekku í norðri en huga þarf sérstaklega að því að gera þær aðlaðandi og skýrar við útfærslu í skipulagi.

Megintengingar niður á hafnarsvæði eru um Naustagil í norðri og Búðargil í suðri. Einnig er hægt að aka niður hjá sláturhúsi og eftir bráðabirgðavegi í fjörunni undir Stangarbakka, en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að sá vegur verði framtíðartenging úr suðri inn á hafnarsvæðið í stað vegarins um Búðargil. Í aðalskipulaginu er jafnframt gert ráð fyrir að Hafnarstétt verði breikkuð um 10-15 metra og þar komi nýr hafnarkantur með nýjum vegi um stéttina og gangstétt meðfram honum.

Gatnakerfi miðbæjarins er opið þannig að hægt er að velja ýmsar leiðir um bæinn. Það hjálpar til við að dreifa umferðinni.

25.3.3 Bæjarmynd

- **Götumyndir og rými**

Mynd af „fótspori" bygginga og húsa á Húsavík sýnir vel hverskonar götumyndir og rými einkenna byggðina. T.d. hvort þau eru skýrt afmörkuð eða ekki. Hún sýnir líka stærð og form húsa sem gefur vísbendingar um þéttleika og yfirbragð byggðarinnar. Mynstrið í miðbæ Húsavíkur er fremur fíngert ef frá eru taldar helstu stofnanir bæjarins og stærsta þjónustu- og atvinnuhúsnæðið. Eyðurnar segja ennfremur til um hvar kunna að vera möguleg uppbyggingarsvæði.

- **Kennileiti og sjónlínur**

Sérkenni bæjarmyndarinnar felast einnig í kennileitum, þ.e. byggingum, mannvirkjum eða landslagsþáttum sem augun beinast að og eru hluti af ímynd staðar. Á Húsavík er Húsavíkurfjall sennilega mikilvægasta náttúrulega kennileitið og Húsavíkurkirkja óumdeilanlega mikilvægasta manngerða kennileitið. Nokkrar aðrar byggingar gegna líka hlutverki kennileita annað hvort vegna staðsetningar sinnar eða útlits. Sjónlínur til kennileita er mikilvægt að tryggja.

„Fótspor" bygginga á Húsavík



Kennileiti og sjónlínur

Einkenni og ásýnd byggðar á Húsavík (svarthvítar myndir eru úr Sögu Húsavíkur)

- **Húsform, húshæðir, litir og efni**

Stóran hluta af merkilegum byggingararfi Húsavíkur er að finna á miðbæjar- og hafnarsvæðinu eða á jaðri þess. Á þessu svæði er þó búið að fjarlægja mörg hús og þarf að huga vel að varðveislu húsa, því í þeim felst aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Ekki eru þó síður mikilvæg þau tengsl sem þau veita íbúum við uppruna sinn sem hjálpar til að við að móta skýra sjálfsmynd, sem er hverjum einstaklingi og samfélagi nauðsynleg.

- **Yfirbragð opinna rýma**

Í miðbæ og á hafnarsvæði Húsavíkur í dag eru mörg skilti til að vekja athygli erlendra ferðamanna á því sem í boði er. Þau eru mörg á ensku og mætti íhuga hvort ekki er hægt að koma skilaboðum til erlendra ferðamanna án þess að ensk skilti verði svo áberandi einkenni í bæjarmyndinni. Góð dæmi um íslensk eða húsvísk skilti er að finna í bænum sem eru til fyrirmyndar.

Kinnarfjöllin séð frá Húsavík. Útsýni og sjónlínur að þeim skipta miklu máli fyrir upplifun vegfarenda í bænum (mynd: Margrétg www.flickr.com)

Miðbær og miðhafnarsvæði Húsavíkur (mynd frá Norðursiglingu)

25.4 Stefna

25.4.1 Meginmarkmið fyrir miðbæinn

Útfærsla skipulagsstefnu og skipulagsramma fyrir miðbæ Húsavíkur byggir á nokkrum meginmarkmiðum sem skipulaginu er ætlað að stuðla að, en þau eru:

- Góður staðarandi.
- Lifandi miðbær.
- Gönguvænt svæði.
- Ekta og rótfast umhverfi.
- Langlíf byggð.

Leiðarljósið er að auka starfsemi og líf í miðbænum og gera hann meira aðlaðandi fyrir gesti og íbúa.

Við mótun markmiða var m.a. sótti í reynslu erlendis frá varðandi árangursríkar áherslur í skipulagi en einnig byggja markmiðin á greiningu á aðstæðum á Húsavík og því hvernig bærinn falli best að landslagi. Markmiðssetningin byggir einnig á sjónarmiðum sem komu fram á fundum sem haldnir voru með hagsmunaaðilum og íbúum á árinu 2007.

Þegar stefna og skipulagsrammi fyrir miðbæinn hafa verið samþykkt af sveitarstjórn og tekið gildi með staðfestingu aðalskipulags Norðurþings, þarf að meta allar deiliskipulags- eða uppbyggingartillögur og lóða- og byggingarumsóknir í ljósi þeirra meginmarkmiða sem hér eru sett fram, til þess að tryggja að tillögurnar stuðli að þeim. Þetta ætti að hvetja frekar en letja fjárfestingaraðila þar sem rannsóknir á undanförnum árum hafa sýnt að fjárhagslegur ávinningur er af vel skipulögðum hágæða stöðum sem fólki líður vel á og sækir í.

25.4.2 Góður staðarandi

Húsavík hefur sterka og aðlaðandi mynd þegar horft er frá höfninni. Þegar gengið er um bæinn er upplifunin hinsvegar víða sú að bærinn sé sundurlaus og vanti þá samloðun sem er nauðsynleg til að skapa sterkan anda og skýra mynd í hugum fólks.

Eitt lykilhugtak skipulagsfræða er „staður" en það gegnir mikilvægu hlutverki í að skilgreina ímynd bæjar sem íbúar geta samsamað sig við. Því sterkari upplifun, eða staðaranda, sem fólk finnur fyrir, því sterkari böndum tengist það staðnum. Fólk sem tengist staðnum sínum sterkum böndum er stolt af honum og hugsar vel um hann.

Áhrifaríkustu og mest aðlaðandi staðirnir virðast hafa tvennt til að bera: í fyrsta lagi er umhverfi þeirra þannig að fólki líður vel og í öðru lagi eru þeir sérstakir vegna menningar, landslags, byggingarlistar eða notkunar byggingarefna og lita.

- **Skapa vel afmörkuð rými**

Eitt grundvallaratriðið í að skapa staði sem fólk upplifir á jákvæðan hátt er að mynda vel afmörkuð rými sem eru ekki of stór. Því er fyrst og fremst náð með því að staðsetja byggingar meðfram götum, þó svo tré og annar gróður geti einnig hjálpað til.

- **Auðvelda að rata**

Í vel skipulögðum bæjum er auðvelt að rata og komast leiðar sinnar. Á Húsavík þarf að útfæra götur og stíga þannig að fólk, einkum gestir, finni auðveldlega áhugaverða staði og flæði á milli þeirra. Sem dæmi um stað sem þarf að auðvelda að finna má nefna Safnahús Þingeyinga.

- **Skapa skjólgóð og sólrík rými**

Öll ný uppbygging í bænum þarf að taka mið af veðurfari og sólarátt. Byggingar geta skýlt gegn köldum vindum og svalir geta dregið úr vindhraða. Skýli, þök og glergöng má líka nota til að skýla gönguleiðum. Opin rými sem ætluð eru til útiveru þurfa að snúa til suðurs eða suð-vesturs til að hámarka nýtingu á sólargangi. Huga þarf vel að skuggamyndun við staðsetningu og hæðarsetningu nýrra bygginga.

- **Veita tækifæri til að eiga samskipti og halda samkomur**

Hágæða almenningsrými, s.s. vel útfærð göturými, torg og minni áningarstaðir, eru lykill að því að fólk hittist og eigi samskipti. Gera þarf ráð fyrir svæðum þar sem hægt er að halda stærri samkomur og viðburði en slíkt styður við að fólki finnist það tilheyra einu og sama samfélagi.

- **Draga skýr mörk milli einka- og almenningsrýmis**

Eitt af meginvandamálunum við nútíma byggingarlist og byggðarhönnun er að víða eru ekki gerð skýr skil á milli einkarýmis og almenningsrýmis. Slíkt þarf að vera til staðar svo allir skilji hvaða reglur gilda hvar. Einnig er mikilvægt að stuðla að öryggi vegfarenda með því að gæta þess að augu séu á almenningsrými, þ.e.a.s. að byggingar snúi þannig og séu hannaðar þannig að gluggar þeirra og dyr snúi að almenningsrýmum.

Mærudagar 2008 (mynd: www.gamlibaukur.is)

„Virk" framhlið á jarðhæð: Dyr og gluggar snúa að götu

„Óvirk" framhlið á jarðhæð: Glugga- og dyralaus

25.4.3 Lifandi miðbær

Eitt lykilatriðið við lifandi miðbæ er fjölbreytt starfsemi sem hefur hag af nálægð hver við aðra og skapar líf. Fólk sækir þangað sem það á erindi og þangað sem það veit af tækifærum til félagsskapar. Leiðir í skipulagi til að stuðla að því að slíkt eigi sér stað er t.d. að þétta byggð og auka framboð á því sem er í boði. En til þess að fólk komi oftar og dvelji lengur í miðbænum þarf líka að gera umhverfið aðlaðandi fyrir gangandi vegfarendur.

- **Þjappa saman verslun og þjónustu**

Í miðbæ Húsavíkur eru óbyggð rými og því mörg uppbyggingartækifæri sem gefa möguleika á að gera miðbæinn að sterkara og meira aðlaðandi hjarta bæjarins. Þjónustustarfsemi ætti að beina sem mest í miðbæinn á næstu árum.

- **Blanda landnotkun**

Leitast ætti við að blanda saman sem fjölbreyttastri starfsemi í miðbænum; verslun og þjónustu á jarðhæðum og skrifstofum og íbúðum á efri hæðum. Því fleira fólk sem býr og vinnur á svæðinu því betri skilyrði eru fyrir veitingahúsa- og kaffihúsarekstur.

- **Tryggja góð tengsl**

Góð tengsl á milli miðbæjar og annarra hverfa bæjarins eru nauðsynleg til að ýta undir að fólk fari um hann. Það krefst aðgengilegra og vandaðra stíga og gangstétta sem auðvelda fólki að ganga milli staða, annað hvort frá heimili sínu eða frá bílastæðum í grenndinni.

- **Virkja framhliðar bygginga**

Framhliðar bygginga kallast virkar þegar í þeim er „lifandi" starfsemi s.s. verslanir, veitingahús og önnur þjónusta sem fólk sækir og þar sem eru dyr og gluggar fyrirtækja og íbúða þannig að sjá megi fólk á ferli og starfsemi í gangi. Virkar framhliðar ættu að vera allsstaðar þar sem því verður viðkomið í miðbæ Húsavíkur.

- **Styðja við hátíðir og viðburði**

Árlegar hátíðir og viðburðir ýmis konar eru til þess fallnir að skapa ímynd af lifandi og áhugaverðu svæði sem bæði íbúum og ferðamönnum finnst skemmtilegt að heimsækja.

25.4.4 Gönguvænt svæði

Almennt hefur einkabíllinn haft neikvæð áhrif á umhverfi bæja og borga, þar sem hann hefur kallað á umfangsmikil svæði og ýtt byggingum í sundur þannig að erfitt er að skapa afmörkuð og aðlaðandi rými. Þetta getur leitt til sundurlausra staða og latt fólk til göngu milli staða sem aftur dregur úr möguleikum á samskiptum milli fólks.

Vinsælustu og mest aðlaðandi miðbæirnir eru þeir sem eru skipulagðir út frá gangandi vegfarendum. Enn eru tækifæri á Húsavík til að móta miðbæinn þannig að hann henti bæði akandi og gangandi.

- **Tryggja hæfilegan fjölda bílastæða**

Ein af lykilleiðunum til að draga úr vægi bílsins í bæjarumhverfinu er að gera ráð fyrir bílastæðafjölda sem miðar við daglega þörf frekar en hámarksþörf. Þannig séu ekki tekin frá umfangsmikil svæði fyrir bílastæði sem annars væri hægt að nýta til uppbyggingar, landslagsmótunar eða sem almenningsrými.

Markmiðið ætti að vera að tryggja að bílstæðafjöldi sé fullnægjandi í um 70% tilfella. Á öðrum tímum sé vísað til nærliggjandi bílastæða sem eru í innan við 5 mínútna göngufæri frá miðbænum.

- **Dreifa bílastæðum**

Önnur aðferð til að draga úr vægi bílsins í bæjarumhverfinu er að dreifa bílastæðum og útfæra þau í samhengi við áætlun um landslagsmótun og gróðursetningu. Þannig sé gert ráð fyrir samsíða, hornréttum og skástæðum bílastæðum í götum jafnt sem á sérstökum minni bílastæðasvæðum. Æskilegt er að brjóta bílastæði upp með trjám og gróðri til að fegra ásýndina.

- **Stuðla að góðu aðgengi**

Gott aðgengi fyrir fótgangandi er lykilatriði í mótun bæjarumhverfis. Þættir sem hafa áhrif á það eru t.d. breidd, gæði og samfeldni gangstétta, breidd gatna, staðsetning gangbrauta og breidd gatnamóta, sem ættu að vera eins mjó og unnt er til að auðvelda fótgangandi að fara yfir þau.

Stefnt sé að upphitun gangstétta til að tryggja auðvelda aðkomu íbúa að helstu verslunum og þjónustu að vetrarlagi. Sérstaklega ber að huga að tengingu íbúðarsvæða eldri borgara við miðbæjarsvæði.

Vandaður frágangur á bílastæðum: hellulögn, gróður og lýsing
(Heimild: Toronto City Planning 2007: Design Guidelines for 'Greening' Surface Parking Lots. www.toronto.ca/planning)

Notkun á gróðri sem breytist eftir árstíðum
(Heimild: Toronto City Planning 2007: Design Guidelines for 'Greening' Surface Parking Lots. www.toronto.ca/planning)

Hefðbundnir atvinnuvegir í nánum tengslum við ferðaþjónustu (mynd frá Norðursiglingu)

Ásýnd Húsavíkurkirkju frá hafnarsvæði sýnir gott samspil landslags og byggingar. Fjallið í bakgrunni kirkjunnar gefur henni einstaka umgjörð og enn sterkari ímynd en ella.

25.4.5 Ekta og rótfast umhverfi

Húsavík nýtur góðs af fallegu landslagi og sérstakri náttúru og þar eru áhugaverð söfn og byggingar með sögulegt og byggingarlistrænt gildi. Til samans gerir þetta Húsavík að aðlaðandi stað til að heimsækja og á síðustu árum hefur vöxtur í ferðaþjónustu vegið að nokkru upp á móti bakslagi í hefðbundnum atvinnugreinum.

Um leið og vaxandi ferðaþjónustu er tekið fagnandi þarf að vera vakandi fyrir þeirri algengu þróun á ferðamannastöðum sem fellst í að skapa „tilbúið" umhverfi sem dregur úr staðbundnum einkennum. Slíkt kann að hafa neikvæð áhrif á íbúa og ætla má að ferðamenn sem koma til Húsavíkur vilji upplifa eitthvað sérstakt frekar en að finnast umhverfið geta verið „hvar sem er." Það er því bæði ferðaþjónustunni og íbúum í hag að bærinn sé ekta og trúr uppruna sínum, menningu og landslagi. Til þess að takast á við þetta viðfangsefni þarf að meta alla nýja uppbyggingu út frá eftirfarandi viðmiðum:

- **Virða núverandi byggð**

Kirkjan á Húsavík er án nokkurs vafa mikilvægt og verðmætt mannvirki á landsvísu, en aðrar byggingar hafa líka gildi þó á öðrum grundvelli sé og þær þarf að einnig að virða við frekari uppbyggingu.

Í sumum tilvikum, s.s. hvað varðar Kaupfélagið og Hvalasafnið, felst gildi bygginganna í hve vel þær afmarka rými eða móta sjónarrönd bæjarins. Í öðrum tilvikum, eins og í tilfelli Helguskúrs, eru gæði byggingarinnar sem slíkrar lítil en félagslegt, menningarlegt og sögulegt gildi þeim mun meira, bæði sem „lifandi safn" og samkomustaður smábátasamfélagsins.

- **Verja hefðbundna atvinnuvegi**

Þrátt fyrir samdrátt í hefðbundnum atvinnugreinum eins og fiskveiðum og fiskvinnslu, þá er mikilvægt að leyfa þeirri starfsemi sem enn er í gangi að vera áfram á svæðinu. Í bæjum og dreifbýli eru sérkenni staða og einstök upplifun á þeim gjarnan nátengd hefðbundinni atvinnumenningu. Ónærgætið skipulag og hönnun getur auðveldlega þurrkað út þær sameiginlegu minningar sem íbúar eiga og sem eru mikilvægur hluti af sjálfsvitund og sjálfsmynd einstaklinga og samfélagsins í heild.

- **Virða landslag og sjónarrönd bæjarins**

Húsavík er bær sem hefur byggt afkomu sína að stórum hluta á sjósókn og fiskvinnslu og það er því viðeigandi að við markaðssetningu bæjarins hefur mynd af bænum frá höfninni eða sjónum séð verið mikið notuð. Frá því sjónarhorni verður bærinn mjög minnisstæður vegna tengslanna á milli bygginga og landslagsins. Sérstaklega er það staðsetning kirkjunnar með Húsavíkurfjall í bakgrunni sem greypir sterka mynd í hugann.

Virðing fyrir landslagi krefst þess að skipulag taki tillit til útsýnis og sjónása til sjávar, fjalls og kennileita; að mót lands og sjávar verði sem náttúrlegust og byggingar séu staðsettar þannig að landslag haldist sem upprunalegast.

- **Setja reglur um skilti**

Skilti í miðbæ Húsavíkur sem ætluð eru til upplýsingar fyrir ferðamenn eru mörg á ensku og skortir staðbundin einkenni. Mælt er með að settar verði reglur um skilti í miðbænum sem setja kröfur um vandað handverk og að íslenska sé aðaltexti en enska undirtexti.

25.4.6 Langlíf byggð

Einn aðalkjarninn í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er að við gerum ekkert í dag sem getur haft neikvæð áhrif á kynslóðir framtíðar. Jafnvel minniháttar framkvæmdir á Húsavík eru líklegar til að eiga sér 30-50 ára líf og það er því afar mikilvægt að þær stuðli að þeim meginmarkmiðum sem sett eru fram hér.

- **Hvetja til aðlögunar**

Í dag eru mörg óbyggð svæði í bænum sem skipulagsrammanum er ætlað að fækka. Niðurrif bygginga, án þess að fyrir liggi hvað komi í staðinn, ætti einungis að verða ef öryggissjónarmið kalla á það. Vænta má aukinna byggingaframkvæmda ef til uppbyggingar álvers á Bakka kemur en fram að þeim tíma þarf að styðja við viðhald auðra bygginga og aðlögunar þeirra og annarra til nýrra nota. Slíkt styður ekki einungis við markmið sjálfbærrar þróunar heldur getur einnig leitt til áhugaverðrar byggingarlistar.

- **Tryggja sveigjanleika**

Skipulag og hönnun bygginga ætti að miða að því að sveigjanleiki sé til stækkunar eða breytinga til að mæta hugsanlegum breytingum á þörfum.

- **Ímynda sér bæ án bíla**

Þó svo líklegt sé að einkabíllinn muni áfram vera ráðandi samgöngumáti er gagnlegt að huga að því hvernig Húsavík myndi virka ef svo væri ekki. Það kallar á nálægð milli skyldrar starfsemi sem aftur skilar hámarks sammögnun á milli þess sem í boði er.

Skilti sem fer vel við bygginguna

Á skiltum ætti íslenska að vera aðaltexti en enska undirtexti

25.5 Skipulagsrammi

25.5.1 Skipulagsuppdráttur

Eftirfarandi skipulagsrammi fyrir miðbæinn tekur mið af framangreindum markmiðum og áherslum. Með honum eru lagðar línur fyrir byggðarmynstur og bæjarmynd sem taka ber mið af við deiliskipulagsgerð á svæðinu. Markmið sem sett eru fram í köflum 25.6-25.12 skulu lögð til grundvallar deiliskipulagsvinnu en umfjöllun um tækifæri innan hverrar skipulagseiningar er leiðbeinandi fyrir skipulagsgerðina.

Stærð, hæð og staðsetning bygginga á lóð er bindandi í grófum dráttum en breytingar eru leyfilegar svo framarlega sem haldið er í þá grundvallarhugmynd sem sett er fram. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða og aksturslei ðir innan lóða eru ekki bindandi, heldur verða útfærðar nánar á deiliskipulagsstigi. Uppdrátturinn sýnir mögulegan fjölda bílastæða í götum eða á lóð en í einhverjum tilvikum getur þótt ástæða til að fækka eða fjölga stæðum. Í öllum tilvikum ætti þó að leitast við að taka frá eins mikið rými fyrir gróður eins og unnt er til að gera rými skjólgóð og aðlaðandi að fara um.

Á Öskjureit er sýnt mögulegt skipulag en þann reit þarf að skoða betur þegar nánari upplýsingar liggja fyrir varðandi forsendur og þarfir vegna mögulegs nýs samkomuhúss. Skipulag á þeim reit er því sýnt til skýringar en er ekki bindandi en þar skal taka mið af þeim markmiðum og áherslum sem settar eru fram í þessari stefnu fyrir miðbæinn.



25.5.2 Skipulagseiningar

Skipulagssvæðinu er skipt upp í 7 undirsvæði eða skipulagseiningar sem mynda ákveðna heild. Deiliskipulag ætti að ná til einnar eða fleiri slíkra eininga. Í köflum 6 til 11 er hvert þessara svæða tekið fyrir; aðstæðum á svæðinu er lýst í stuttu máli, markmið fyrir skipulag þess sett fram og fjallað um tækifæri og áherslur í uppbyggingu þess.


7
4
1
3
2
5
6

25.6 Svæði 1: Kjarni miðbæjar



Svæði 1. Kjarni miðbæjar

25.6.1 Staðsetning og aðstæður

Þetta svæði er staðsett á milli gamla Kaupfélagsins (Garðarsbrautar 5) og sveitarstjórnarskrifstofa Norðurþings og nær að lóð bensínstöðvar N1 í norðri og að Stóragarði í suðri.

Svæðið hefur möguleika á að verða kjarni miðbæjarins þar sem verslanir, skrifstofur og íbúðir blandast saman í kringum nýtt rými afmarkað til austurs af skrifstofum sveitarfélagsins. Svæðið er í dag lítt afmarkað og einkennist af breiðum götum og bílastæðum. Tilfinning fyrir rými er því lítil sem engin og sveitarstjórnarskrifstofurnar eru í litlum tengslum við verslunarsvæðið við Garðarsbraut.

25.6.2 Markmið skipulagsrammans

Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- Að svæðið verði kjarni miðbæjarins.
- Að á svæðinu skapist nýtt rými sem nýst getur fyrir útisamkomur.
- Að möguleiki verði á nýrri matvöruverslun, allt að 700 m².
- Að svæðið verði afmarkað til norðurs með nýrri byggingu.
- Að skrifstofur Norðurþings séu hluti af kjarnanum.
- Að fyrirkomulag bílastæða sé ásættanlegt.
- Að svæði sem fer undir götur sé lágmarkað.
- Að gróður og aðrir landslagsþættir móti og fegri svæðið.

25.6.3 Tækifæri

Númer í sviga að neðan vísa í númer á uppdrætti í 13. kafla.

- **Garðarsbraut 5** (1.01)

Gamla Kaupfélagið er reisuleg bygging sem hefur mikið gildi í bæjarmyndinni. Sögulegt og tilfinningalegt mikilvægi hennar skiptir einnig máli. Á hana má líta sem tákn og minni um fyrri tíma í sögu og menningu bæjarins þar sem kaupfélagið á rætur sínar.

Í byggingunni að Garðarsbraut felast tækifæri til að betrumbæta miðbæinn. Ákjósanlegt er að matvöruverslunin á fyrstu hæð verði flutt í nýja hentuga byggingu á reitnum. Verslanir sem nú eru á annarri hæð gamla Kaupfélagsins gætu þá flutt niður á jarðhæð og efri hæðir byggingarinnar mætti endurnýja sem skrifstofur og/eða íbúðir. Á bakhlið byggingarinnar er viðbygging sem er til lítillar prýði og gluggar á framhlið eru byrgðir og notaðir fyrir auglýsingar. Með því að gera við bygginguna, setja gler aftur í gluggana og opna fleiri innganga frá Garðarsbraut mætti bæta umhverfi miðbæjarins til muna. Slíkar umbætur gætu verið fyrsta táknmynd nýrra tíma á Húsavík.

Einnig væri mögulegt að gera yfirbyggða gönguleið aftan við Garðarsbraut 5 sem tengdi húsið við næstu byggingar og við nýja matvöruverslun, um leið og skjólsælla og þægilegra umhverfi væri skapað fyrir gangandi í slæmum veðrum. Viðbygginguna mætti einnig nýta til að geyma innkaupakerrur.

- **Nýr matvörumarkaður** (1.02)

Áhugi er á því að stækka matvöruverslun miðbæjarins í allt að 700 m² verslun. Mælt er með að sú stækkun verði nýbygging á bak við Garðarsbraut 7 sem þannig móti suðurjaðar nýs rýmis á bak við gamla kaupfélagið. Á þeim stað er hægt að koma fyrir byggingu af hentugri stærð fyrir matvörumarkað og í beinum tengslum við bakkann og Hafnarstéttina með því að inngangurinn verði á auðu svæði við hlið upplýsingamiðstöðvar ferðamanna (eða á lóð Garðarsbrautar 7) .

Tillagan gerir ráð fyrir einfaldri og ódýrri nýbyggingu fyrir matvörumarkaðinn og gæti því verið svigrúm til að nota vandaða klæðningu og gler til að betri tengsl séu á milli starfsemi og umferðar innan og utan dyra. Við hönnun byggingarinnar mætti gera ráð fyrir möguleika á að byggja ofan á hana og koma þar fyrir skrifstofum þegar markaðsaðstæður leyfa en huga þarf vel að skuggamyndun til norðurs.

Svæði sem þarf að gera meira aðlaðandi fyrir gangandi vegfarendur

Gróður og lýsing gera svæði aðlaðandi og gönguvænni

- **Bílastæði og aðliggjandi götur** (1.03)

Svæðið á bak við gömlu Kaupfélagsbygginguna er í dag óaðlaðandi og ógönguvænt svæði með stóru malbikuðu og hráu bílastæði og breiðum götum umhverfis. Umbreyta þarf svæðinu þannig að það verði gönguvænna (sbr. meginmarkmið 3) og greinilegur kjarni miðbæjarins. Markmiðin ættu að vera að:

- Minnka svæðið sem fer undir bílastæði og koma í staðinn bílastæðum fyrir í aðliggjandi götum.
- Hanna bílastæðasvæðið þannig að það sé hægt að nýta undir útisamkomur, viðburði og hátíðir að sumri.

Ramma svæðið inn og fegra það með vel völdum yfirborðsefnum, gróðri, bekkjum og lýsingu. Einnig væri hægt að koma þar fyrir listaverki sem vekur athygli.

- Svæðið á norðurhorni Garðarsbrautar og Vallholtsvegar (1.04)

Norðan við gömlu Kaupfélagsbygginguna og er auð lóð sem gegnir lykilhlutverki í að móta kjarna miðbæjarins.

Mælt er með að í byggingu á þessari lóð verði verslanir á jarðhæð og skrifstofur og/eða íbúðir á efri hæðum. Þar sem byggingin snýr beint í suður ætti hún að vera a.m.k. 5 metra frá gangstétt eða bílastæðum. Þannig væri hægt að nýta svæðið við suðurhlið byggingarinnar sem útisvæði, annað hvort fyrir íbúa, kaffihús eða minni viðburði á sumrin.

Þar sem byggingin liggur að aðalgötu bæjarins er viðeigandi að sá hluti hennar sem snýr að Garðarsbraut myndi lítið kennileiti, t.d. turn sem gæti verið aðkoma að efri hæðum.

Uppbygging á reitnum krefst þess að litla skrifstofubyggingin sem er á austurhluta reitsins víki. Sú starfsemi sem þar er gæti tímabundið flust annað en síðan verið í nýbyggingunni.

- **Skrifstofur sveitarfélagsins** (1.05)

Skrifstofur Norðurþings eru í dag aðskildar frá miðbæjarkjarnanum en í skipulagsrammanum er gert ráð fyrir að þær verði fjórða hliðin á nýju rými í miðju svæðisins. Breyting á legu Ketilsbrautar framan við bygginguna kallar á nýja landslagsmótun sem ásamt breyttri tilhögun inngangs, nýs skiltis og listaverks myndi gefa þessari opinberu byggingu meira og viðeigandi vægi í bæjarmyndinni. Reiknað sé með því að byggt verði yfir suðurhlutann þannig að húsið yrði allt tveggja hæða.

25.7 Svæði 2: Plássið og sjávarbakkinn

Svæði 2. Plássið og sjávarbakkinn

25.7.1 Staðsetning og aðstæður

Þetta svæði liggur vestan við húsalínuna við Garðarsbraut, þ.e. gamla kaupfélagið, upplýsingamiðstöðina og bókabúðina. Svæðið nær frá Naustagili í norðri til gatnamóta Mararbrautar og Garðarsbrautar í suðri.

Umferð í gegnum svæðið sker það og þar með hafnarsvæðið frá miðbæjarkjarnanum. Betri göngutengingar milli austurs og vesturs gegna mikilvægu hlutverki í að auka samhengi og líf í miðbænum. Með því að draga úr umferðarhraða og fegra framhlið bæjarins má auka líkur á lengri dvalartíma ferðamanna í miðbænum og að fleiri íbúar leggi leið sína um bakkann og á Hafnarstéttina.

25.7.2 Markmið skipulagsrammans

Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- Að draga úr umferðarhraða eftir Garðarsbraut.
- Að skapa skýr hlið inn í miðbæinn.
- Að skoða möguleika á varanlegum lausnum fyrir sölustaði fyrir hvalaskoðunarferðir.
- Að bæta útfærslu bílastæða og umhverfisfrágangs á suð-vestur hluta Garðarsbrautar.

25.7.3 Tækifæri

Númer í sviga að neðan vísa í númer á uppdrætti í 25.13.

- **Útfærsla Garðarsbrautar** (2.01)

Það er óumdeilt að draga þarf úr umferðarhraða með einhverjum hætti á þessu svæði, allt niður í 20 km/klst. Í stað þess að setja hraðahindranir, sem gjarnan angra ökumenn og geta verið óaðlaðandi, er mælt með að beitt sé öðrum aðferðum til að gera ökumenn varkárari. Það má t.d. gera með því að breyta yfirborðsefnum í götunni, annað hvort með lit eða áferð eins og hellulögn sem myndar æðruvísi hljóð en þegar keyrt er yfir malbik.

Einnig mætti nota hraðahindranir við sitthvorn enda svæðisins, þar sem ökumenn koma inn á eitt samfellt svæði, vistgötu, þar sem einungis efnisnotkun greinir á milli akbrautar og gangstéttar. Ásamt notkun á skiltum getur þessi leið dregið mjög úr hraða.

- **Inngangar í miðbæinn** (2.02)

Hraðatakmarkanir á svæðinu á bakkanum myndu virka best ef einnig væri gert ráð fyrir skýrri aðkomu inn í miðbæinn. Hana mætti skapa með gróðri og öðrum umhverfisfrágangi sem ásamt gömlu reisulegu húsunum við sitt hvorn enda svæðisins mynduðu nokkurs konar hlið inn í miðbæinn.

- **Framhlið Garðarsbrautar 5** (2.03)

Gamla kaupfélagsbyggingin er mest áberandi byggingin á eystri hlið svæðisins og í kafla 6.1.3 er fjallað um hvernig hægt er að bæta upplifun gangandi vegfarenda með því að virkja framhlið byggingarinnar.

- **Autt svæði milli Garðarsbrautar 5 og 7** (2.04)

Milli gamla kaupfélagshússins (Garðarsbrautar 5) og upplýsingamiðstöðvar ferðamanna (Garðarsbrautar 7) er autt svæði, þar sem reisa ætti tveggja hæða byggingu. Fyrsta hæðin væri inngangur í matvörumarkað sem gert er ráð fyrir á lóðinni á bak við og þaðan væri einnig hægt að hafa innangengt í upplýsingamiðstöðina. Hentugt gæti verið að flytja fasteignasöluna af horni Ketilsbrautar og Vallholtsvegar á þennan stað, sjá þó einnig umfjöllun um svæði 6.1.3.

- **Garðarsbraut 9, bókabúðin** (2.05)

Til lengri tíma litið væri hægt að reisa nýja tveggja hæða byggingu á lóð Garðarsbrautar 9 frá horninu andspænis kirkjunni og alveg að upplýsingamiðstöðinni. Vanda þarf mjög til hönnunar þeirrar byggingar til að tryggja gott samhengi við kirkjuna. Til skemmri tíma litið ætti að bæta skilti á versluninni þannig að aðaltexti sé á íslensku, sbr. meginmarkmið 4.

- **Söludeildin og Plássið** (2.06)

Hús Söludeildarinnar (Sölku) hefur mikið sögulegt og menningarlegt gildi fyrir Húsavík, líkt og Garðarsbraut 5. Húsið er einnig fallegt og skapar áhugavert rými ásamt aðliggjandi húsum. Talsvert hefur verið lagt í að gera þetta svæði, Plássið, aðlaðandi en það mætti bæta enn frekar með því að gera það alveg bíllaust og koma fyrir varanlegum bekkjum eða sætum.

Á Söludeildarplássi 1951 (mynd úr Fyrir neðan bakka og ofan II)

Mikilvægt er að viðhalda tengslum við söguna



Mikilvægar tengingar og sjónlínur og megin torgsvæði.
Mismunandi litir fyrir torgsvæði tákna mismunandi hæðarlegu. Gulu svæðin eru niður á hafnarsvæðinu, gulbrúnu svæðin eru í bakkanum og rauðbrúnu svæðin eru uppi á bakkanum.

- **Sjávarbakkinn** (2.07)

Vöxtur ferðaþjónustu á Húsavík hefur verið nokkuð hraður og líkt á mörgum ferðamannastöðum hefur þurft að bregðast hratt við til að geta nýtt sér góðar markaðsaðstæður meðan þær eru fyrir hendi. Við uppsetningu sölubása á bakkanum fyrir miða í hvalaskoðunarferðir, hefur því enn sem komið verið litið til skamms tíma frekar en langs tíma. Mannvirki og umhverfisfrágangur á sjávarbakkanum er því nokkuð ósamstæður og virðist tímabundinn á meðan uppbygging neðan bakka er varanlegri. Ákjósanlegt væri að svæðið ofan bakka væri hannað sem ein heild með áherslu á að móta „ekta og rótfast umhverfi" sbr. meginmarkmið sem sett eru fram að ofan. Hönnunin þarf einnig að miða að því að bílastæði verði ekki ráðandi og ósjáleg.

- **Skuld** (2.08)

Á stalli í miðjum bakkanum hefur verið komið fyrir gömlu uppgerðu húsi, Skuld, sem er nýtt sem kaffihús. Í gildi er deiliskipulag þar sem heimilt er að byggja eina hæða á stallinum á milli verbúða og húss björgunarsveitarinnar (Nausts). Staðurinn er hinsvegar skjólgóður og snýr vel við sólu og því upplagður fyrir verönd í tengslum við kaffihús eða veitingastað. Viðhald stallsins gerir einnig bakkann áhugaverðan út frá ásýnd og upplifun. Deiliskipulag ætti því að endurskoða þannig að hluti reitsins megi vera opinn og nýttur sem útisvæði. Þá er hvort heldur sem er hægt að gera ráð fyrir að Skuld standi áfram eða að byggt verði nýtt einnar hæðar hús á hluta reitsins.

- **Verbúðarþakið** (2.09)

Fjallað er um endurgerð Verbúðanna í kafla 25.8.3 (númer 3.08) að neðan.

Stallarnir í bakkanum gera göngu á milli torga og annarra áfangastaða áhugaverða og býður upp á að valdar séu mismunandi leiðir upp og niður bakkann. Breytileikinn gerir ásýnd svæðisins líka skemmtilega og tryggir fjölbreytileg sjónarhorn á byggðina og til sjávar.

25.8 Svæði 3: Bakkinn og Hafnarstétt

Svæði 3. Bakkinn og Hafnarstétt

25.8.1 Staðsetning og aðstæður

Svæðið tekur til bakkans sjálfs og Hafnarstéttarinnar frá gamla slippnum að frystihúsinu. Þetta er flóknasta svæðið í skipulagslegu tilliti, þar sem margskonar starfsemi er á nokkrum hæðum eða stöllum. Árekstrar hafa verið nokkrir á milli smábátaútgerðar og nýrrar þjónustustarfsemi sem skipulag svæðisins þarf að leitast við að leysa og lágmarka.

Vænta má að þeir ferðamenn sem sækja hvalaskoðunarferðir sækist eftir að upplifa hefðbundið atvinnulíf við höfnina og að það séu hagsmunir allra í bænum að ferðaþjónusta og útgerð geti lifað hlið við hlið, þó svo vænta megi frekari samdráttar í smábátaútgerð.

25.8.2 Markmið skipulagsrammans

Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- Að viðhalda stöllum í bakkanum og bæta tengsl á milli þeirra.
- Að skilgreina sjónása til kirkju sem skal varðveita.
- Að skapa nýtt torg sunnan húsnæðis Hvalasafnsins.
- Að benda á staði þar sem viðhalda ætti hefðbundnum atvinnugreinum.
- Að skilgreina hönnunarmarkmið fyrir Garðarshólm.
- Að skilgreina áherslur við landslagsmótun og umhverfisfrágang.

25.8.3 Tækifæri

Númer í sviga að neðan vísa í númer á uppdrætti í kafla 25.13.

- **Hvalasafnið** (3.01)

Hvalasafnið dregur að sér fjölda ferðamanna en það er í grennd við höfnina og hefur því góða möguleika til að ná til þeirra sem fara í hvalaskoðunarferðir. Form byggingar Hvalasafnsins spilar vel saman við sýningu safnsins og hjálpar til við að veita gestum ekta upplifun.

Inngangurinn í bygginguna er eins og er ekki eins og best væri á kosið þar sem hann er á 2. hæð en ekki á sömu hæð og Hafnarstéttin. Aðgengi frá bílastæði framan við innganginn þyrfti einnig að bæta. Mælt er með að byggður verði nýr tveggja hæða inngangur á suðurhluta byggingarinnar fyrir lyftu og stiga að miðasölu á 2. hæðinni. Til lengri tíma litið gæti safnið stækkað niður á 1. hæðina og annar inngangur að safninu verið um nýbygginguna beint inn á jarðhæðina.

- **Nýtt torg** (3.02)

Sunnan við Hvalasafnið er rými sem er vannýtt en gæti gert upplifun af hafnarsvæðinu enn áhugaverðari. Rýmið snýr vel við sólu og er skjólgott. Mælt er með að þarna verði útbúið torgsvæði fyrir ýmis konar viðburði. Hellulagning gæti afmarkað nokkra reiti til mismunandi nota og bekkir og listaverk eða sýningar frá Hvalasafninu eða Safnahúsinu gætu gert það að vinsælum áningarstað.

- **Hús Saltvíkur** (3.03)

Þrátt fyrir að húsið sé fallegt og standi á mikilvægum stað þá er það ekki að gera eins mikið fyrir hafnarsvæðið og það gæti gert. Eins og er snýr það baki við torgrými sunnan við Hvalasafnið og í því er hvorki ferðaþjónustu- né sjávarútvegsstarfsemi. Til mikilla bóta væri ef starfsemi á jarðhæð hússins hefði lifandi tengsl við rýmin umhverfis það.



Skúrar smábátasjómanna



Breytileiki í hæðum húsa gerir bakkann áhugaverða ásýndar og fjölbreytileg lítil rými á mismunandi stöllum gera svæðið skemmtilegt að fara um

- **Skúrar smábátasjómanna** (3.04)

Skúrarnir þrír vitna um gamla tíma og eru mikilvægur hluti af landslagi og bæjarmynd hafnarsvæðisins. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að fjarlægja þá og byggja á lóðinni (lóð 1 skv. deiliskipulagi) þrjú lítil hús, hæð og ris.

- **Hús Björgunarsveitarinnar Garðars og aðstaða Gentle Giants** (3.05)

Hugmyndir hafa verið uppi um að reisa nýja byggingu á hafnarsvæðinu fyrir starfsemi Björgunarsveitarinnar Garðars þar sem væri betra aðgengi en á Hafnarstéttinni. Þak núverandi byggingar björgunarsveitarinnar hefur verið nýtt af hvalaskoðunarfyrirtækinu Gentle Giants og gæti byggingin hentað fyrir slíka sjávartengda ferðaþjónustu ef björgunarsveitin flytur. Fyrstu hæðina mætti nýta fyrir geymslur, viðgerðir og snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn. Efri hæðin gæti verið skrifstofurými auk kaffihúss sem sneri að torginu við Hvalasafnið.

- **Gamli Baukur og aðstaða Norðursiglingar** (3.06)

Hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursigling hefur fjárfest töluvert í uppbyggingu á Hafnarstéttinni, þ.m.t. skrifstofurými, snyrtiaðstaða og veitingahúsið Gamli Baukur. Vel útfærð og bein gönguleið hefur verið gerð frá miðasölunni á bakkanum við Garðarsbraut að brottfararstað hvalaskoðunarbáta við höfnina.

Mikilvægt er að viðhalda þremur stöllum í bakkanum á þessu svæði þar sem það hjálpar til við að gera gönguleið niður að hafnarbakkanum. Bæta mætti svæðið á bakkanum við Garðarsbraut enn frekar en þegar hefur verið gert (sjá reit 2.07) og huga mætti að bættum yfirborðsfrágangi á mið-stallinum (sjá 2.08). Einnig þarf að skoða hvernig þessi leið tengist uppbyggingu Garðarshólms í hluta Verbúðanna (sjá 3.08).

- **Leiðin frá kirkjunni að Hvalasafninu** (3.07)

Mikilvægt er forðast of mikla endurnýjun og umbreytingu á Hafnarstéttinni til þess að svæði haldi hluta af upprunaleika sínum og tengslum við hafnarstarfsemi og útgerð. Hinsvegar er augljóst að ferðamenn sækjast eftir að ganga leiðina sem liggur frá tröppunum neðan kirkjunnar að Hvalasafninu. Þessa leið þarf því að styrkja bæði sem þjónusturými fyrir Verbúðirnar en einnig sem örugga og lifandi gönguleið, með eins mörgum virkum framhliðum bygginga eins og mögulegt er.

- **Verbúðir** (3.08)

Verbúðirnar eru mikilvægar fyrir áframhaldandi smábátaútgerð og líf á svæðinu. Þær segja einnig sögu svæðisins og skapa því sérkenni þar sem ekki er að finna sambærilega byggingu á landinu, þ.e. tveggja hæða verbúðir. Þó svo allar verbúðirnar séu ekki nýttar fyrir smábátaútgerð í dag er mikilvægt varðveita a.m.k. þær sem eru á fyrstu hæðinni sem slíkar vegna góðra tengsla þeirra við Helguskúr (sjá 3.09) og til að viðhalda upplifun á útgerðarstarfsemi á svæðinu. Með því að fjarlægja Flókahús mætti flytja frystana norðan við Helguskúr en þeir takmarka aðgengi meðfram Verbúðunum.

Við endurskoðun deiliskipulags á svæðinu gæti komið til greina að nýta efri hæð Verbúðanna fyrir aðra starfsemi, en nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á húsinu vegna þess skapa tækifæri til að bæta tengslin á milli stallanna í bakkanum með því að taka nyrstu verbúðirnar á fyrstu og annarri hæð undir inngang. Þar væri hægt að koma fyrir lyftu og stiga sem nær frá Hafnarstéttinni upp á bakkann við Garðarsbraut. Inngangur á verbúðaþakinu myndi vera nógu fjarri kirkjunni til að áhrif hans á ásýnd kirkju væru óveruleg. Einnig væri hægt að koma fyrir inngangi á norðurgafli Verbúðanna, af stallinum þar sem Skuld stendur og beint inn á 2. hæð verbúðanna.Ennfremur væri hægt að setja gegnsætt handrið efst á bygginguna í stað þess steypta handriðs sem er í dag. Það myndi bæði bæta útsýni yfir hafnarsvæðið séð frá Garðarsbraut og útsýnið af hafnarsvæðinu upp að bænum.

Víkingaskip (mynd: www.gardarsholmur.is)

Helguskúr, séður frá svölum verbúðanna

- **Helguskúr** (3.09)

Á fundi með bæjarbúum og á fundum með ýmsum hagsmunaaðilum kom fram að í margra huga er Helguskúr nánast eins mikilvægur bæjarlífinu eins og kirkjan er bæjarmyndinni. Þó svo ekki sé um merkilega byggingu að ræða þá er hún hjarta samfélags smábátasjómanna. Hana ætti því að vernda sem „lifandi safn" til að vega upp á móti annarri starfsemi sem sett er sérstaklega á fót fyrir ferðamenn.

- **Leiðin að kirkjunni** (3.11)

Leiðin frá Hafnarstéttinni að kirkjunni er í dag um tvo stiga sem eru í slæmu ástandi. Stigarnir fara yfir einnar hæðar byggingu sem er beint fyrir neðan kirkjuna. Ef gera á breytingar á þeirri byggingu þarf að taka tillit til þessarar leiðar og útsýnis að kirkjunni, sem kynni að tapast ef byggingin yrði stækkuð. Lagt er til að torg verði fyrir neðan kirkjuna ofan á einnar hæðar byggingu. Af torginu gæti verið inngangur í Garðarshólma sem tengdi einnig saman efri hæð verbúðanna og nýbygginguna. Hugsanlegt er að byggja inn í bakkann ef þörf krefur.

- **Skýr mörk milli ferðaþjónustusvæðis og hafnarstarfsemi** (3.12)

Á svæðinu í dag eru óskýr mörk á milli þess svæðis sem ferðamenn nota og þess sem útgerð og hafnarstarfsemi nýtir. Mikilvægt er að smábátaútgerð og ferðaþjónusta fléttist saman á Hafnarstéttinni en hinsvegar þurfa að skýr skil á milli þesskonar starfsemi og umfangsmeri hafnar- og útgerðarstarfsemi. Því er mælt með að pollar séu settir við mörk ferðaþjónustusvæðis og athafnasvæðis og þeir notaðir til að afmarka bílastæði og aðkomuleiðir.

- **Framtíðarþróun** (3.13)

Enn eru þó nokkrir möguleikar á frekari uppbyggingu í bakkanum og á Hafnarstéttinni en til lengri tíma litið er einnig mögulegt að horfa til svæðisins við gamla slippsins. Þar þarf að huga vel að hönnun m.t.t. strandlínunnar sem enn er óhreyfð (sjá meginmarkmið 4 um að virða landslag bæjarins).



Möguleg nýbygging og torg fyrir neðan Húsavíkurkirkju

Svæði 4: Vallholtsvegur



Svæði 4. Vallholtsvegur

25.8.4 Staðsetning og aðstæður

Svæðið er á milli sveitarstjórnarskrifstofanna í vestri og Safnahússins í austri og afmarkast til norðurs af Vallholtsvegi og til suðurs af nyrðri húsaröð Stóragarðs.

Svæðið er fremur sundurleitt með blandaða verslunar og athafnastarfsemi auk íbúða. Bygging Húsasmiðjunnar og skemman svokallaða eru stærri að umfangi en vænta má svo miðsvæðis í bænum og eiga betur heima á jaðarsvæðum. Síðarnefnda byggingin er í vondum tengslum við íbúðir eldri borgara við Vallholtsveg og fyrirkomulag bílastæða dregur úr gæðum götumyndarinnar.

Í svæðinu felast tækifæri til að stækka miðbæjarsvæðið og tengja það betur við aðliggjandi stofnanir, s.s. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Safnahúsið og skólana.

25.8.5 Markmið skipulagsrammans

Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- Að bæta götumyndina og tengsl við kjarna miðbæjarins.
- Að afmarka mögulegt svæði fyrir allt að 1000 m² verslunarrými.
- Að endurskipuleggja fyrirkomulag bílastæða.
- Að skapa tækifæri til landslagsmótunar.
- Að styðja við núverandi verslunarstarfsemi við Vallholtsveg.

25.8.6 Tækifæri

Númer í sviga að neðan vísa í númer á uppdrætti í kafla 25.13.

- **Skemman** (4.01)

Skemman sem nú er nýtt af flutningafyrirtæki og sem grófvörudeild byggingarvöruverslunar. hefur verið í grennd við miðbæinn í áratugi og er á óhentugum stað. Þar sem sveitarfélagið hefur yfir byggingunni að ráða ætti að skoða hvernig hægt er að flytja starfsemina á hentugri stað, t.d. til jaðars bæjarins þar sem áhrif á nærliggjandi svæði eru minni.

Ef tekst að finna nýtt svæði fyrir starfsemina gæti svæðið nýst undir verslunarstarfsemi, t.d. fyrir annan matvörumarkað ef þróun bæjarins kallar á það. Slík uppbygging myndi teygja miðbæinn að stofnanasvæðum umhverfis, dreifa bílastæðum og stuðla að meira flæði gangandi vegfarenda um miðbæinn.

Eina hindrunin fyrir uppbyggingu á þessum reit er að hluti þess svæðis sem sveitarfélagið á er nýtt sem geymslusvæði fyrir Húsasmiðjuna. Staðsetning nýrrar matvöruverslunar eða annarrar verslunar á þessu svæði myndi krefjast endurskipulagningar á því fyrirkomulagi eða að Húsasmiðjan flytti á annan stað þar sem væri rými fyrir geymslusvæði. Þörf er á að bæta

fyrirkomulag bílastæða og þar með götumynd Vallholtsvegar. Ný verslun á svæðinu þyrfti að hafa virka framhlið, þ.e. innganga og stóra glugga sem sneri að götunni og vöruaðkoma þyrfti að vera bakatil.

- **Húsasmiðjan** (4.02)

Þrátt fyrir að bygging Húsasmiðjunnar hafi stóran gólfflöt þá hæfir hún betur umhverfinu en skemman og hefur framhlið sem er nokkuð virk. Ef reynist nauðsynlegt að flytja verslunina, sbr. umfjöllun um lóð skemmunnar að ofan, þá gæti byggingin eftir sem áður hentað fyrir verslunarstarfsemi sem þá gæti deilt bílastæðum með nýju verslunarhúsi á lóð skemmunnar.

- **Götumynd Vallholtsvegar** (4.03)

Samfara nýrri uppbyggingu á þessum reit þarf að bæta göturýmið. Í dag er Vallholtsvegur ekki afmarkaður fyrir framan skemmuna og gangstéttar vantar. Þetta skaðar umhverfi Safnahússins og hvetur ekki til göngu um svæðið.

- **Keldugangur** (4.04)

Þrátt fyrir að í Safnahúsinu séu mörg merkileg söfn þá heimsækja það einungis 30% af þeim fjölda sem sækir Hvalasafnið heim árlega. Án efa á staðsetning þess þar hlut að máli þar sem safnið er utan aðalkjarna bæjarins og ekki sýnilegt frá aðalgötu bæjarins, Garðarsbraut. Hinsvegar liggur tækifæri í því að bein sjónlína er frá inngangi Safnahússins að Garðarsbraut 7. Ef uppbygging verður á reit skemmunnar væri hægt að koma fyrir stíg á jaðri reitsins sem myndaði beina tengingu á milli Bakkans og Safnahússins með breytingum á Garðarsbraut 7. Fyrr á tímum var stígur eftir þessari leið sem kallaðist Keldugangur en hann lá að bænum Keldu sem var við austurenda stígsins. Einnig væri hægt að gera ráð fyrir stíg sem lægi í norður-suður í gegnum reitinn til að tengja reitinn betur við Stóragarð og hótelið.

Til þess að gera stíginn sýnilegan allt frá Garðarsbraut væri mögulegt að glerja Garðarsbraut 7 og e.t.v. stækka glugga á framhlið. Einnig má hugsa sér að við uppbyggingu á reit milli Garðarsbrautar 5 og 7 (inngangur í nýjan matvörumarkað) og hugsanlegri endurbyggingu á Garðarsbraut 7 og 9 mætti skoða möguleika á að opna fyrir stíginn þannig að hann lægi alveg frá Garðarsbraut að Safnahúsi.



Keldugangur, stígur frá upplýsingamiðstöð ferðamanna að Safnahúsi

25.9 Svæði 5: Stórigarður

Svæði 5. Stórigarður

25.9.1 Staðsetning og aðstæður

Svæðið tekur til göturýmis Stóragarðs frá bakkabrúninni að Safnahúsinu og tekur til allra mannvirkja og svæða sem liggja að götunni. Gatan er aðlaðandi og hefur möguleika á að verða lykilsvæði sem tengir saman hafnarsvæðið, kirkjuna, hótelið og Safnahúsið. Svæðið gegnir líka mikilvægu hlutverki fyrir aðgengi að miðbæjarkjarnanum vegna þeirra bílastæða sem þar eru og möguleika á að fjölga þeim.

25.9.2 Markmið skipulagsrammans

Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- Að bæta og styðja við umhverfi Húsavíkurkirkju.
- Að bæta fyrirkomulag bílastæða og götumyndina.
- Að skilti fyrir Safnahúsið og hótelið séu vönduð og vel staðsett.
- Að gera ráð fyrir nýju kennileiti við eystri enda götunnar.

25.9.3 Tækifæri

Númer í sviga að neðan vísa í númer á uppdrætti í kafla 25.13.

- **Húsavíkurkirkja** (5.01)

Húsavíkurkirkja er almennt álitin ein fallegasta og merkilegasta timburbygging landsins og er án efa ein af þjóðargersemunum þegar litið er til byggingarlistar. Hún er því mjög verðmæt bæði staðbundið og á landsvísu. Mikilvægt er að vernda umgjörð kirkjunnar og ekki ætti að heimila mannvirkjagerð í grennd við kirkjuna sem skaðar ásýnd hennar.

Umgjörð kirkjunnar er mjög góð þó svo mögulegt sé að bæta hana, einkum hvaða varðar tengsl við hafnarsvæðið (sjá umfjöllun um svæði 2 og 3 að ofan) og ásýnd að austanverðu. Þegar litið er niður Stóragarð í átt að kirkjunni trufla háir ljósastaurar sem eru við suðurhlið götunnar. Færa mætti staurana á norðurhliðina eða skipta þeim út fyrir lægri og minna áberandi ljósastaura sem dreift væri með reglulegra millibili. Hvor leiðin sem farin væri myndi bæta umgjörð kirkjunnar einkum þegar horft er yfir Skjálfandaflóann frá austri.

Með sameiningu lóða kirkju og safnaðarheimils gefst tækifæri til að skapa nýjan almenningsgarð í miðbænum, skrúðgarð, sem væri opinn frá aðalgötu bæjarins, Garðarsbraut. Koma mætti fyrir bekkjum í garðinum og við kirkjuna þar sem gestir gætu notið friðsældar og útsýnis.

- **Landslagsmótun við verslunarrými við Stóragarð** (5.02)

Ef Stórigarður verður endurskipulagður m.t.t. bílastæða, sbr. tillögu þessa rammaskipulags, er mögulegt að bæta frágang bílastæða fyrir framan bókabúðina og bankann, gengt kirkjunni, en það skiptir máli fyrir umgjörð kirkjunnar. Taka mætti eitt eða tvö bílastæði undir gróður til að mýkja og fegra yfirbragð svæðisins.

- **Möguleg byggingarlóð á gatnamótum Stóragarðs og Ketilsbrautar** (5.03)

Möguleg færsla Ketilsbrautar framan við sveitarstjórnarskrifstofurnar myndi skapa nýja lóð á norð-vesturhorni gatnamóta Stóragarðs og Ketilsbrautar, við hlið byggingar Glitnis. Bygging á þessu horni þyrfti að taka tillit til glugga á nýlegri viðbyggingu bankans. Annar kostur er að gera lítinn almenningsgarð á lóðinni sem þá lægi alveg að kjarna miðbæjarins en svæðið liggur vel mót sólu.

- **Bílastæði** (5.04)

Bak við kirkjuna, meðfram Stóragarði, er bílastæði, sem hefur nýst vel fyrir ferðamenn. Stækka mætti þetta svæði með því að loka íbúðargötunni, Ketilsbraut, sem liggur á bak við kirkjuna. Mikilvægt væri þá að nýta hluta stækkunarinnar undir gróður og aðra landslagsmótun.

- **Verslunar- og þjónusturými á norðurhlið Stóragarðs** (5.05)

Verslunarrými á norðurhlið Stóragarðs eru aðskilin frá miðbænum en ef núverandi húsnæði væri betur nýtt og nýjar verslanir kæmu til myndi svæðið verða meiri hluti af verslunarkjarnanum. Svæðið mætti bæta með landslagsmótun og fjölga mætti bílastæðum til að styðja við miðbæinn.

- **Skilti fyrir hótelið** (5.06)

Fyrir þá sem ekki þekkja til á Húsavík getur reynst erfitt að finna hótelið. Skilti er ekki að finna á Stóragarði og megininngangur í hótelið er frá Miðgarði sem er utan miðbæjar. Bætt umhverfismótun og uppsetning vandaðra skilta við Stóragarð myndu hjálpa til í þessu tilliti.

- **Stækkun hótelrýmis** (5.07)

Ef ferðaþjónusta vex áfram er möguleika á nýrri byggingu norð-austan við hótelið sem gæti tengst því. Byggingin þyrfti að snúa að Stóragarði og draga athygli ferðamanna að þessum hluta bæjarins og þar með að Safnahúsinu.

- **Safnahúsið** (5.08)

Bent hefur verið á möguleika á að bæta gönguleið að Safnahúsinu, sbr. umfjöllun um svæði 4, en Stórigarður er og verður aðal göngu- og akstursleið að safninu og því er mælt með að sett verði upp skilti við Stóragarð til að stýra ferðamönnum um svæðið.

Á vesturenda Stóragarðs mætti staðsetja hefðbundið en vandað skilti en á austurendanum, í grennd við hótelið eða nýbyggingu á reit þess, ætti að koma fyrir nýju kennileiti sem vekti athygli og forvitni ferðmanna. Kennileitið gæti verið sérstaklega hannað eða einn af munum Safnahússins, t.d. bátur.

Stórgarður

25.10 Svæði 6: Öskjureitur



Svæði 6. Öskjureitur

25.10.1 Staðsetning og aðstæður

Öskjureitur afmarkast af Garðarsbraut, Búðargili og Mararbraut. Svæðið ber merki um niðurrif sem hefur átt sér stað í miðbænum en svæðið var áður aðlaðandi og vel nýttur hluti af Húsavík. Norðanmegin Garðarsbrautar eru ýmsar aðlaðandi byggingar og nokkrar verslanir. Öðru gegnir um syðri hliðina þar sem eru auðar lóðir sem gerir götumyndina sundurlausa. Eitt fyrsta skrefið í að styrkja þetta svæðið er að tengja það betur sjónrænt við kjarna miðbæjarins og hafnarsvæðið.

25.10.2 Markmið skipulagsrammans

Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- Að tengja svæðið við kjarna miðbæjarins.
- Að styðja við verslunarstarfsemi með því að skilgreina lóðir fyrir nýja starfsemi og leggja til umhverfisbætur.
- Að marka stefnu um gamla samkomuhúsið til langs tíma litið.

25.10.3 Tækifæri

Númer í sviga að neðan vísa í númer á uppdrætti í kafla 25.13.

- **Anddyri miðbæjarins** (6.01)

Á Svæði 2 var mælt með að nokkurs konar anddyri eða inngangar í miðbæinn yrðu mótaðir við sitthvorn enda Garðarsbrautar til að íbúar og gestir finni hvenær þeir eru komnir í bæinn. Annan þessara innganga ætti að staðsetja á gatnamótum Mararbrautar og Garðarsbrautar til að tengja þennan hluta Garðarsbrautar við kjarna miðbæjarins. Það mætti gera með litlu kennileiti fyrir framan skóbúðina og framan við Garðarsbraut 12, ásamt því að breyta um yfirborðsefni í gangstéttum og e.t.v. götu.

- **Auðar byggingar** (6.02)

Leita ætti leiða til að styðja við nýtingu auðs húsnæðis á jarðhæð, þó svo það væri til skamms tíma fyrir skrifstofur frekar en verslun, til að auka tiltrú á svæðinu. Forðast ætti flutning verslana, skrifstofa eða opinberra stofnana út úr miðbænum.

- **Gamla samkomuhúsið** (6.03)

Augljóst er að gamla samkomuhúsið er í slæmu ástandi og hefur verið lítið nýtt í mörg ár. Eins og er virðist almennt álitið að of kostnaðarsamt sé að gera við húsið og að það skuli rífa en er nokkuð sem menn kunna að sjá eftir. Þó svo endurgerð hússins sé ekki inn í myndinni eins og er, þá er mælt með að rífa ekki bygginguna nema öryggissjónarmið kalli á það. Þó svo

húsið hafi ekki mikið byggingarlistrænt gildi þá eru minningar samfélagsins á Húsavík án efa nátengdar húsinu. Einnig ætti að líta til þess að ef til byggingar álvers á Bakka kemur, gætu skapast aðstæður til að byggja upp á Öskjureit og þá með gamla samkomuhúsið sem hjarta svæðisins (sbr. meginmarkmið 5 um langlífa byggð). Á þessu stigi myndi niðurrif skapa ennþá meiri eyður í byggðina.

Ef hægt væri að bjarga samkomuhúsinu, eða reisa nýtt samkomuhús á sama stað, mætti gera lítið torg fyrir framan inngang þess, þar sem væru tré, bekkir og lýsing. Það myndi skapa viðeigandi umgjörð um byggingu sem þjónar hlutverki samkomuhúss.

- **Öskjureitur** (6.05)

Stór hluti Öskjureits er illa nýtt svæði sem þarfnast skipulagningar og umbóta m.t.t. bygginga, aðkomu, bílstæða, gangstétta og gróðurs. Garðarsbrautin á þessu svæði er áhugaverð sem lítil, hefðbundin, vel afmörkuð verslunargata sem hægt væri að afmarka og skýra frekar með nýbyggingum meðfram suðurhluta götunnar á Öskjureit. Ef nauðsynlegt reynist að rífa gamla samkomuhúsið vegna öryggissjónarmiða væri mögulegt að reisa nýtt samkomuhús á reitnum og móta umhverfi hans m.t.t. þess. Skipulagsramminn sýnir slíkan möguleika í grófum dráttum en nauðsynlegt er að skoða skipulag reitsins betur þegar forsendur liggja fyrir um þarfir og áform varðandi nýtt samkomuhús. Fram að þeim tíma væri þó hægt að ganga frá aðkomu og bílastæðum með svipuðum hætti og tillagan gerir ráð fyrir og gróðursetja á svæðinu til að fegra það.

- **Búðará** (6.06)

Fram hafa komið hugmyndir um að grafa út Búðargilið og opna aftur fyrir Búðarána þannig að hún renni náttúrulega til sjávar. Til langs tíma litið væri slíkt áhugavert en til skemmri tíma litið er mikilvægara að beina fjármunum í landslagsmótun og fegrun miðbæjarins sem vænta má að styddi betur við verslunar- og þjónustustarfsemi. Til skemmri tíma litið mætti fjarlæga veginn um Búðargil og planta þar gróðri og lengja þannig skrúðgarðinn niður gilið.



Horft af Skógargerðismel yfir að Búðará og Öskjureit árið 1935 (heimild: Þór Indriðason 1996: Fyrir neðan bakka og ofan II. Akureyri: Verkalýðsfélag Húsavíkur)

Dæmi um umhverfi ár sem rennur í gegnum bæ: Gjógv í Færeyjum (mynd: G. Norðoy, www.flickr.com)

25.11 Svæði 7: Útgarður

Svæði 7. Útgarður

25.11.1 Staðsetning og aðstæður

Svæðið er norðan við miðbæjarkjarnann og afmarkast af Auðbrekku í norðri og austri, Pálsgarði og Vallholtsvegi í suðri og Héðinsbraut og Garðarsbraut í vestri. Innan svæðisins er bensínstöð, iðnaðarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og verið að reisa fjölbýlishús fyrir eldri borgara en hluti svæðisins er óbyggður, þ.e. við Útgarð á horni Ketilsbrautar og Pálsgarðs.

Svæðið skortir að nokkru leyti skýrt hlutverk og sérkenni en þrátt fyrir nálægð þess við miðbæjarkjarnann ætti að beina verslunar og þjónustustarfsemi fyrst á svæði 1 og 6. Svæði 7 gæti hinsvegar komið til greina ef til uppbyggingar álvers kemur en meginmarkmið fyrir svæðið að svo stöddu ætti að vera að bygging íbúðarhúsnæðis við Útgarð og betrumbætur á umhverfisfrágangi.

25.11.2 Markmið skipulagsrammans

Skipulagsrammi fyrir svæðið miðar að eftirfarandi markmiðum:

- Reisa íbúðarbyggingu og styrkja götumynd Ketilsbrautar.
- Bæta umhverfi með landslagsmótun og samhæfðu gatnakerfi.
- Skilgreina möguleg þróunarsvæði ef til uppbyggingar álvers kemur.

25.11.3 Tækifæri

Númer í sviga að neðan vísa í númer á uppdrætti í kafla 25.13.

- **Ný íbúðarbygging** (7.01)

Mælt er með að reitur við Útgarð, þ.e. á norð-vesturhorni Pálsgarðs og Ketilsbrautar, verði nýttur fyrir 2-3 hæða íbúðarbyggð, en það myndi samræmast best húsnæði fyrir eldri borgara sem nú er í byggingu austan við reitinn. Reiturinn gæti hentað fyrir frekara húsnæði fyrir eldri borgara þar sem það er í stuttu göngufæri frá miðbænum og sjúkrahúsinu. Ef reiturinn verður allur nýttur fyrir eldri borgara þá ætti að huga að sameiginlegri aðstöðu fyrir þá sem um leið nýttust fleiri í bænum.

- **Betrumbætur á almenningsrýmum** (7.02)

Gangstéttanetið og umhverfisfrágangur á þessu svæði er almennt lélegur og þyrfti að bæta þar úr. Fyrirkomulag bílastæða ætti að miða við 4-5 stæði með trjám eða öðrum gróðri á milli. Gangstéttar þurfa að vera samfelldar umhverfis alla reiti og af þeim gæðum sem hæfa staðsetningu á jaðri miðbæjar og hvetja til göngu í hann.

- **Möguleg nýting N1 reits** (7.03)

Tvær bensínstöðvar eru í nágrenni miðbæjar Húsavíkur og er önnur þeirra við Garðarsbraut norðan við miðbæjarkjarnann. Það svæði verður mikilvægt ef vöxtur verður í bænum t.d. vegna uppbyggingar álvers á Bakka. Ef slík þróun verður er mælt með að bensínstöðin verði flutt á annað svæði í eigu sveitarfélagsins og að þetta svæði verði byggt upp fyrir verslun og þjónustu sem hefur virkar hliðar til vesturs og austurs. Bílastæði á baklóð gætu nýst miðbænum í heild sinni.

25.12 Skipulagsuppdráttur með tilvísunarnúmerum



25.13 Mögulegt byggingarmagn nýbygginga

			Byggingarmagn (m²)	
Nr.	Grunnflötur (m²)	Fjöldi hæða	Lágmark	Hámark
1	548	2 - 3	1096	1644
2	636	2 - 3	1272	1908
3	1.055	1	1055	1055
4	733	1 - 2	733	1466
5	240	1	240	240
6	144	1 - 2	144	288
7	663	2	1326	1326
Alls	4.019		5.866	7.927



26 Skipulag Kópaskers



Íbúaþróun í Norðurþingi 1997-2007 eftir þéttbýli og dreifbýli (heimild: Hagstofa Íslands)



Aldursdreifing á Kópaskeri 2007 miðað við landið í heild (heimild: Hagstofa Íslands)

26.1 Forsendur

26.1.1 Þróun byggðar og atvinnulífs

Byggð á Kópaskeri hóf að myndast árið 1895, þegar Kaupfélag Norður-Þingeyinga reisti þar atvinnuhúsnæði. Íbúðabyggð tók þó ekki að myndast að ráði fyrr en mun síðar, eða eftir árið 1930. Nú búa um 130 manns á Kópaskeri.

Líkt og yfirleitt gerist risu fyrstu húsin næst hafnarmannvirkjum, en síðan hefur byggðin teygst út. Nú er íbúðarbyggðin að mestu staðsett norðan til í bænum en aðal atvinnusvæðið á svokallaðri Rönd, við sjávarsíðuna suður af höfninni.

Rúmlega 50 íbúðir eru á Kópaskeri og er helmingur þeirra byggður á 8. áratugnum. -Örfáar íbúðir voru byggðar eftir 1980 en engar íbúðir hafa verið byggðar á síðustu 15 árum.

Einungis eru einbýlishús á Kópaskeri að einu húsi undanskildu. Flest húsin standa á frekar stórum lóðum.

Þó að Kópasker sé ekki stórt þorp eru ákveðnar hindranir við frekari stækkun þess. Til vesturs og suðurs afmarkast byggðin af sjávarsíðunni en til austurs af þjóðvegi og tveimur tjörnum, Kotatjörn og Klifatjörn. Ágætt byggingarland er norðan við byggðina, en núverandi íbúðabyggð útilokar flestar tegundir atvinnustarfsemi á því svæði. Því er mikilvægt að nýta núverandi land vel og þétta byggð þar sem því verður við komið.

26.1.2 Landfræðilegar aðstæður

Kópasker er staðsett við norðanverðan Öxarfjörð. Þorpið er berskjaldað fyrir vindi og gróðurfar og ásýnd umhverfis ber þess merki. Útsýni og nálægð við óspillta náttúru gera það þó að verkum að þorpið er áhugaverður búsetukostur.

Kópasker hefur lengst af byggt á útgerð en á síðustu árum hafa aðrir atvinnuvegir styrkst, t.a.m. er sláturhús Fjallalambs nú stærsti vinnuveitandinn. Hafnaraðstaða er ágæt.

Auk hafsins setja fallegar tjarnir eins og Kotatjörn og Klifatjörn og votlendi þeirra mikinn svip á umhverfið. Saman mynda tjarnirnar aðlaðandi útivistarsvæði sem heimamenn nýta sér óspart. Ein þeirra, Kotatjörn, er mikilvægt athvarf fyrir fuglavarp og annað dýralíf.

Frá Kópaskeri eru um 100 km til Húsavíkur, 55 km til Raufarhafnar og 100 km til Þórshafnar.

Flugvöllur á Kópaskeri er einungis til einka- og sjúkraflugs.

Ekki eru til langtíma veðurgögn fyrir Kópasker.

26.1.3 Útivist og græn svæði

Líkt og á mörgum minni stöðum í dreifbýli er ekki mikið um að svæði hafi verið mótuð sérstaklega til útivistar á Kópaskeri. Nálægð við óspillta náttúru veita aftur á móti tækifæri til fjölbreyttra upplifana.

Sjávarsíðan, náttúrulegar tjarnir og opin náttúruleg svæði í kringum byggðina eru mikilvægustu útivistarsvæði íbúa á Kópaskeri. Íþróttavöllur, leiksvæði við skóla og vísir að almenningsgarði á miðsvæði þorpsins eru helstu svæði sem þróuð hafa verið sérstaklega til útivistar. Auk þess er tjaldsvæði við aðkomu að þorpinu.

Nokkuð hefur verið plantað af trjám í á Kópaskeri, aðallega á milli þéttbýlis og þjóðvegar.

26.1.4 Náttúru- og menningarverðmæti

Eitt svæði innan þéttbýlismarka, Röndin, fellur undir flokkinn „aðrar náttúruminjar" í náttúruminjaskrá. Um svæðið segir þar: „Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahreppi), N-Þingeyjarsýslu. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins."

Ekki hefur farið fram fornleifaskráning fyrir Kópasker. Engar byggingar þar eru verndaðar.

26.2 Skipulagsákvæði

26.2.1 Landnotkun

Land í þéttbýli er skipulagt til mismunandi nota og eru landnotkunarflokkarnir þessir: Íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði, efnistökusvæði, sorpförgunarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði og landbúnaðarsvæði, auk vatna og áa. Skilgreiningar á hverjum landnotkunarflokki í þessu aðalskipulagi eru í samræmi við skilgreiningu skipulagsreglugerðar, sjá inngang um hvern landnotkunarflokk í eftirfarandi köflum.

26.2.2 Takmarkanir á landnotkun

Svæði þar sem einhverjar takmarkanir eru settar á landnotkun t.d. vegna náttúru, landslags eða minja, eru sýnd með svartri, blárri, gulri eða hvítri yfirstrikun ofan á þá landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði. Svæði þar sem takmarkanir gilda flokkast í náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði, verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum og hverfisverndarsvæði. Svæði undir náttúruvá eru táknuð með rauðri yfirstrikun. Skilgreiningar á hverjum flokki eru í byrjun hvers kafla og eru þær í samræmi við skilgreiningu skipulagsreglugerðar.

26.2.3 Samgöngur og veitur

Í þéttbýli tekur aðalskipulag til stofn- og tengibrauta og stofnkerfa veitna.

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 Kópasker



Skýringar

- Mörk þéttbýlis
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Hafnarsvæði
- Miðsvæði
- Opið svæði til sérstakra nota
- Hverfisverndarsvæði
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrar götur og vegir
- Göngustígar
- Reiðstígar
- Stofn fráveitu
- Stofn vatnsveitu
- Stofn hitaveitu
- Stofn rafveitu

Skipulagsgögn Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030:
- Greinargerð dags. 16.11.2010
- Sveitarfélagsuppdráttur dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Kópasker dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Raufarhöfn dags. 16.11.2010

Sjá greinargerð aðalskipulagsins, kafla 26, varðandi skýringar og landnotkunarákvæði sem eiga við uppdráttinn.

Blönduð landnotkun er auðkennd með skástrikun í lit viðkomandi landnotkunarflokka.

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 er Sveitarfélagið Norðurþing á hönnunarhraðasvæði 0,2-0,40 g, sbr. Viðauka 1 Umhverfisskýrslu, kafla 6.8.

Sjá einnig kafla um svæði undir náttúruvá í aðalskipulagsgreinargerð.

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 Kópasker

Mkv.: 1:10.000@A3

Dags.: 16.11.2010

Umsjón: Alta ehf
Ármúli 32, 108 Reykjavík
www.alta.is / alta@alta.is



26.2.4 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Leiksvæði innan íbúðarhverfa eru ekki afmörkuð í þessu aðalskipulagi, heldur er gert ráð fyrir að á þeim sé tekið í deiliskipulagi.

Stefna um þéttleika byggðar á nýbyggingarsvæðum er sett fram með því að tilgreina fjölda íbúða. Á þegar byggðum svæðum er hún sett fram með lýsingu á einkennum svæða og stefnu um að ný byggð skuli fulla að þeirri sem fyrir er. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Í1	3,9	**Tún** Óbyggt svæði norðan við núverandi byggð við Drafnargötu og Ekrugötu. Svæðið er staðsett á túnum og engjum og er jarðvegur ákjósanlegur til byggingar. Miðað við þéttleika núverandi byggðar ætti svæðið að rúma um 30-35 íbúðir í einbýli.	Svæðið byggist upp eftir að önnur svæði eru fullbyggð. Gatnakerfi skal taka mið af núverandi gatnakerfi og tengjast eðlilega við götur sunnan megin við svæðið. Þéttleiki og yfirbragð byggðar skal taka mið af núverandi íbúðarsvæðum sunnan megin við svæðið.
Í2	6,2	**Duggugerði, Boðagerði, Ekrugata** Svæði á milli Bakkagötu og Klifgötu. Á svæðinu eru 37 íbúðir í einbýli og er byggðin nokkuð fastmótuð og gróin. Miðað við þéttleika núverandi byggðar ætti svæðið að rúma 12-14 einbýlishús til viðbótar.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að gerð og þéttleika þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu. Gera skal ráð fyrir að Drafnargata og Ekrugata tengist íbúðarbyggð norðan við svæðið á síðari stigum. Við hönnun bygginga og framkvæmdir á lóðum skal hafa á sérstaka gát vegna mögulegra jarðsprungna. Vestari hluta núverandi opins svæðis við Duggugerði skal þróa og byggja upp sem leiksvæði fyrir ung börn.
Í3	1,6	**Klif** Svæði austan við Klifagötu, að hluta byggt. Miðað við núverandi þéttleika ætti svæðið að rúma 5 nýjar íbúðir í einbýli. Svæðið liggur vel við íþróttasvæði en er þekkt fyrir snjóþunga. Því er mikilvægt að skjólbelti og skógrækt austan við svæðið nýtist við að fanga snjó sem ella myndi skafa inn á svæðið.	Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að gerð og þéttleika þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu. Gönguleið á milli Duggugerðis og íþróttasvæðis skal þvera svæðið, en útfærslu skal vinna í tengslum við frekara skipulag svæðisins.
Í4	0,5	**Sandhólareitur** Svæði vestan við núverandi tjaldsvæði, við innkomu í þorpið. Á svæðinu eru nú 2 einbýlishús og óbyggt grassvæði. Hægt er að koma fyrir 1 eða 2 nýjum einbýlishúsum á svæðinu. Uppbygging á svæðinu myndi styrkja aðkomu inn í þorpið.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og 1 til 2 nýbyggingar.
Í5	0,6	**Útskálareitur** Svæði vestast í þorpinu, við sjávarsíðuna. Á svæðinu eru tvö hús og eru nokkrar íbúðir í öðru þeirra (gamla Pósts og síma húsið). Svæðið er á einstökum stað, með útsýni yfir hafið.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði. Vegna útsýnis er gróðursetning háplantna á svæðinu ekki heimil nema í samráði við skipulags- og byggingaryfirvöld í sveitarfélaginu.

26.2.5 Miðsvæði

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

26.2.6 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Þéttleiki byggðar á þjónustusvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
M1	3,0	**Miðbær** Svæði í miðju þorpsins, í góðum tengslum við íbúðarsvæði og sjávarsíðu. Svæðið afmarkast af Bakkagötu til suðurs og vesturs, Akurgerði til norðurs og garðsvæði og Klifgötu til austurs. Á svæðinu er að finna megnið af þeirri verslun og þjónustu sem í þorpinu, s.s. verslun, pósthús, banki, leik- og grunnskóli, íþróttahús og þjónustu fyrir aldraða. Grunnskóli var ekki rekinn á Kópaskeri veturinn 2009-2010 en skilgreining svæðisins sem miðsvæðis heimilar hvort heldur sem skólastarfsemi eða annarskonar þjónustu í húsnæðinu. Miklir möguleikar eru á því að þétta byggð á svæðinu og hafa nokkrar hugmyndir um uppbyggingu komið fram, t.a.m. sundlaug. Að undanförnu hefur verið byggður upp almenningsgarður og mini-golf vestast á svæðinu.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins eru heimilar. Uppbyggingu nýrrar verslunar og þjónustu skal beint á miðsvæðið og nálæg svæði. Leitað verði leiða við að samnýta bílastæði á milli lóða. Einnig verði skoðaðar leiðir til að samnýta stæði á nálægum svæðum. Gera skal ráð fyrir almenningsgarði innan reitsins. Nýbyggingar skulu ekki vera hærri en 2 hæðir. Frágang og efnisval á svæðinu, þ.m.t. gróður og yfirborðsefni, skal taka mið af mikilvægi svæðisins sem miðsvæðis. Gert verði deili- eða rammaskipulag fyrir svæðið í heild sinni.
Þ1	0,1	**Heilsugæsla** Lóð fyrir heilsugæslu og tengda starfsemi.	Gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi. Vanda skal frágang og umhirðu lóðar og byggingar þar sem íbúðabyggð umlykur svæðið. Íbúðarbyggð á lóðinni leyfileg ef núverandi starfsemi er flutt til eða leggst af.



26.2.7 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

26.2.8 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Gróðurhús eru heimil. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

26.2.9 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir. Samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir

26.2.10 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Gróðurhús eru heimil. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Þéttleiki byggðar á atvinnusvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
V1/O6	0,4	**Bakkinn** Svæði, milli miðbæjar og sjávarsíðunnar. Staðsetning og útsýni gefa möguleika á skemmtilegri uppbyggingu, t.d. veitingastaðar og ferðaþjónustu. Á svæðinu eru tvö hús í dag, eitt íbúðarhús og þjónustuhús RARIK. Vegna nálægðar við sjávarsíðuna er svæðið einnig skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (Reitur O5).	Gert er ráð fyrir að svæðið geti þróast fyrir verslunar- og þjónusturekstur sem að byggir á nálægð við hafið, t.d. ferðaþjónustu. Gera skal ráð fyrir að almenningsrými á eða fyrir neðan svæðið, þar sem almenningur getur notið nálægðar við sjóinn. Tryggja skal að gestir og gangandi geti þverað svæðið, þ.e. komist niður að sjó frá Bakkagötu.
A1	0,1	**Spennistöð** Spennistöð Rarik	Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi. Vanda skal frágang og umhirðu lóðar og byggingar þar sem íbúðabyggð umlykur svæðið.
A2	2,9	**Röndin 1** Atvinnusvæði á Röndinni, syðst í þorpinu. Rúmlega helmingur svæðisins er þegar uppbyggt. Þar er m.a. að finna athafnasvæði stærsta vinnuveitanda á Kópaskeri, Fjallalambs. Hinn helmingur svæðisins er að mestu nýttur sem geymslusvæði. Umgengni um svæðið er að hluta ábótavant.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu til að koma í veg fyrir sjónmengun. Áður en uppbygging á svæðinu fer fram skal fara fram úttekt á landslagi og náttúru svæðisins, sem nýta skal í fyrirkomulagi á svæðinu.
A3	4,3	**Röndin 2** Svæði norðan við bakka Snartarstaðalækjar. Svæðið er nánast óbyggt í stað, en þar var áður starfrækt fiskeldi.	Svæðið er framtíðarsvæði fyrir athafnastarfsemi, en skal ekki byggjast upp fyrr en Röndin og önnur möguleg svæði eru fullbyggð. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu til að koma í veg fyrir sjónmengun. Áður en uppbygging á svæðinu fer fram skal fara fram úttekt á landslagi og náttúru svæðisins, sem nýta skal í fyrirkomulagi á svæðinu en hluti þess er á svæði á náttúruminjaskrá, sbr. Nv1. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar ef hætt er á að minjar raskist.
H1	2,9	**Kópaskershöfn** Svæði sem tekur til Kópaskershafnar og nálægra svæða. Svæðið er að hluta uppbyggt en möguleikar eru á að byggja upp á vesturhluta svæðisins. Höfnin er ágæt smábátahöfn. Svæðið er staðsett á milli miðsvæðis og sjávarsíðu, sem gerir vandaðan frágang og góða umgegni mjög mikilvæga. Gömul bygging, Sviðastöð, setur skemmtilegan svip á svæðið.	Uppbyggingu í tengslum við hafnsækna starfsemi skal beint inn á svæðið. Gert er ráð fyrir nýjum hafnargarði suð-vestast á svæðinu í samræmi við Aðalskipulag Kópaskers 1990-2010. Lega hans gæti orðið nokkru sunnar en sýnt er á þéttbýlisuppdrættinum en staðsetning verður nánar ákveðinn í deiliskipulagi. Nýi hafnargarðurinn er ekki í Samgönguáætlun 2007 – 2010. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu og tryggja að gangandi vegfarendur geti þverað svæðið.



26.2.11 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallýbrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði. Almennt er heimilt er að reisa allt að 20 m² hús til náttúruskoðunar á opnum svæðum til sérstakra nota.

26.2.12 Svæði fyrir frístundabyggð

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Engin svæði fyrir frístundabyggð eru skilgreind inn þéttbýlismarka Kópaskers.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
		Ónúmeruð svæði Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar sem ekki eru til sérstakra tilgreindra nota.	Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróðurs er heimil en hugað verði að útsýni til sjávar við gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki notaðar á svæðum innan bæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rótarkerfi þeirra. Gott aðgengi að strönd og tjörnum verði sem víðast.
O1	27,2	**Klifatjörn** Svæði í kringum Klifatjörn sem er tekið frá fyrir golfvöll. Svæðið nær að 50 metra línu frá tjörninni, eða að hverfisvernduðu svæði. Svæðið er nægilega stórt til að rúma 9 holu golfvöll, auk svæða á milli brauta og í kringum völlinn.	Á svæðinu er gert ráð fyrir golfvelli og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem golfvallar kallar á.
O2	1,4	**Grímshöfn** Svæði við Grímshöfn, sem er náttúruleg vík skammt norðan þéttbýlisins. Þar eru góðar aðstæður til sjóbaða og útivistar á sumrin, og jafnvel að vetri til. Útsýni frá svæðinu er mikið.	Á svæðinu er gert ráð fyrir baðströnd og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Vanda skal sérstaklega allan umhverfisfrágang. Við deiliskipulagsgerð verði kannað hvort framlengja þarf útrás fráveitu sem er norðan við hafnargarðinn til að forðast mengun á svæðinu.
O3	2,2	**Íþróttavöllur** Svæði í kringum íþróttavöll (Dúddavöll). Völlurinn er knattspyrnuvöllur í fullri stærð með hlaupabrautum í kring.	Haldið verði áfram að byggja upp íþróttavöll og tengda aðstöðu. Lögð verði áhersla á að hefta vind með landslagsmótun og skógrækt á svæðinu. Vanda skal allan frágang og umgengni og stuðla að því að svæðið gefi aðkomu í þorpið fallega ásýnd. Tryggja skal góðar gönguleiðir að svæðinu.
O4	0,4	**Útskálareitur** Svæði við sjávarsíðuna, skammt vestan við miðsvæði þorpsins. Svæðið er hugsað sem strand- og baðsvæði, þar sem hugsanlega má koma fyrir ylströnd. Svæðið er í góðum tengslum við miðsvæðið og mögulega lóð fyrir sundlaug.	Á svæðinu er gert ráð fyrir ylströnd og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Vanda skal allan umhverfisfrágang og gæta sérstaklega að nýting skerði ekki lífsgæði á nálægu íbúðarsvæði. Við deiliskipulagsgerð verði kannað hvort framlengja þarf útrás fráveitu sem er norðan við hafnargarðinn til að forðast mengun á svæðinu.
O5	1,2	**Tjaldsvæði** Svæði sem að hluta er nýtt undir tjaldsvæði í dag. Svæðið er við aðkomu í þorpið. Tjaldsvæðið er talið vera gott, þar er til að mynda aðgengi að sturtu og rafmagni.	Haldið verði áfram að byggja upp tjaldsvæði og ferðaþjónustu á svæðinu. Vanda skal allan frágang og umgengni og tryggja að svæðið gefi aðkomu í þorpið fallega ásýnd.
O6		Sjá svæði V1/O6.	

26.2.13 Samgöngur

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólreiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega, sjá vegalög. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla, sjá lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur. Aðalskipulag tekur til stofn- og tengibrauta. Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli.

Forsendur	Skipulagsákvæði
Gatnakerfi Gatnakerfi á Kópaskeri er einfalt í sniðum og þjónar umferð vel. Ekki er tilefni til að flokka götur í hefðbundna flokka nema stofnveg sem liggur að þorpin og tengiveg frá honum inn í þorpið. Ekki er þörf á endurskipulagningu eða fjölgun gatna nema að mikil uppbygging eigi sér stað á skipulagstímabilinu. Kópaskers- og Sléttuvegur (nr. 870) liggur nálægt þéttbýlinu að austanverðu. Ekki er fyrirhugað að breyta legu vegarins á næstu árum.	Gatnakerfi þjóni öllum tegundum umferðar vel, þ.e. bæði akandi, hjólandi og gangandi. Við hönnun gatna og viðhaldsframkvæmdir skal gera ráð fyrir gróðri í göturýminu, um leið og tekið er tillit til snjósöfnunar og öryggis. Vegur nr. 870, Kópaskers- og Sléttuvegur, er skilgreindur sem stofnvegur. Aðkoma frá honum inn í þorpið er skilgreind sem tengivegur. Aðrar götur og vegir eru sýndir til skýringar á þéttbýlisuppdrætti.
Aðalgöngustígar / Aðalgönguleiðir Lítið er um uppbyggða stíga á Kópaskeri en götur, slóðar og vegir þjóna gangandi vegfarendum og útivistarfólki. Gangstéttar eru meðfram helstu götum í þéttbýlinu.	Góðar gönguleiðir í þéttbýli verði tryggðar, þær verði lýstar og haldið opnum að vetri. Útivistarstígar skulu tengja helstu útivistarsvæði, s.s. sjávarsíðu, tjarnir og íþróttasvæði, við byggðina.
Aðalreiðstígar / Aðalreiðleiðir Reiðleið liggur meðfram þjóðvegi frá norðurs til suðurs.	Aðalskipulagið tekur til stofnreiðleiðar meðfram þjóðvegi frá norðri til suðurs. Í deiliskipulags
Kópaskershöfn Svæði sem tekur til Kópaskershafnar og nálægra svæða. Svæðið er að hluta uppbyggt en möguleikar eru á að byggja upp á vesturhluta svæðisins. Höfnin er ágæt smábátahöfn, en hún er ekki ríkisstyrkt. Svæðið er staðsett á milli miðsvæðis og sjávarsíðu, sem gerir vandaðan frágang og góða umgegni mjög mikilvæga. Gömul bygging, Sviðastöð, setur skemmtilegan svip á svæðið.	Uppbyggingu í tengslum við hafnsækna starfsemi skal beint inn á svæðið. Gert er ráð fyrir nýjum hafnargarði suð-vestast á svæðinu í samræmi við Aðalskipulag Kópaskers 1990-2010. Lega hans gæti orðið nokkru sunnar en sýnt er á þéttbýlisuppdrættinum en staðsetning verður nánar ákveðinn í deiliskipulagi. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu og tryggja að gangandi vegfarendur geti þverað svæðið.

26.2.14 Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Hitaveita Stofnæð hitaveita liggur frá borholu í botni Öxarfjarðar meðfram þjóðveginum að Brekku, þaðan yfir Mýrarnar að dreifistöð Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf.	Aðalskipulagið tekur til stofnæðar frá borholu að dreifistöð en ekki til dreifikerfis hitaveitu innan þéttbýlis. Leyfi fyrir framkvæmdum við aðrar æðar en stofnæða er unnt að veita á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisumsókn.
Rafveita Háspennulína frá Laxárvirkjun liggur að spennistöðu rétt utan þorpsins, austan við Snartarstaðakirkju. Frá spennistöðinni liggur jarðstrengur framhjá Snartarstaðakirkju að þorpinu. Einnig liggur jarðstrengur til Þórshafnar,	Við deiliskipulagsgerð, áætlanagerð fyrir skógrækt, vegagerð og veitingu framkvæmdaleyfis á svæðum þar sem háspennulínur fara um, skal leita umsagnar viðkomandi raforkufyrirtækis. Sjá einnig almenn ákvæði um helgunarsvæði í kafla 23.22.1 um rafveitur í dreifbýli.
Vatnsveita Vatnsból Kópaskers er við Katastaðafjall, í upptakalindum Klapparóss. Stofnæð liggur frá vatnsbóli að byggðinni og er sýnd á þéttbýlisuppdrætti.	Aðalskipulagið tekur til stofnæðar frá vatnsbóli að vatnstanki en ekki til dreifikerfis vatnsveitu innan þéttbýlis. Leyfi fyrir framkvæmdum við aðrar æðar en stofnæða er unnt að veita á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisumsókn.
Fjarskipti	Aðalskipulagið tekur ekki til dreifikerfis fjarskipta innan þéttbýlis. Leyfi fyrir framkvæmdum er unnt að veita á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisumsókn.
Fráveita Skólpi er veitt út um eina útrás rétt norðan við hafnargarðinn. Mælingar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra sýna að ástand fráveitu er í nokkuð góðu lagi. Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á fleiri útrásum við Kópasker.	Aðalskipulagið tekur til útrásar fráveitu.



Hverfisverndarsvæði á Kópaskeri

26.2.15 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 m. s. br. um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 536/2001 m. s. br. um neysluvatn.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn skal flokka verndarsvæði vatnsbóla í brunn-, grann- og fjarsvæði. Vatnsverndarsvæði Kópaskers eru utan þéttbýlismarka og er gerð grein fyrir þeim í kafla 23 um skipulagsákvæði í dreifbýli.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og setja fram langtímamarkmið sem miða að því að vatn sé ósnortið eða lítt snortið, sbr. skilgreiningar í reglugerðinni. Slík flokkun hefur ekki farið fram innan marka þéttbýlis á Kópaskers.

26.2.16 Náttúruverndarsvæði

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og svæði á náttúruminjaskrá. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingu um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlögum um verndun einstakra svæða.

26.2.17 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Fornleifar hafa ekki verið skráðar á Kópaskeri og þarf því að skrá þær við deiliskipulagsgerð.

26.2.18 Hverfisverndarsvæði

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Nv1		**Röndin við Kópasker** Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.	Svæðið er skilgreint sem „aðrar náttúruminjar" í náttúruminjaskrá, sbr. 68. gr. laga um náttúruvernd. Samkvæmt lögunum skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá.
Hv1	23,8	**Klifatjörn** Svæði sem tekur til Klifatjarnar og svæðis í kring um hana. Hugmyndir hafa verið uppi um að byggja golfvöll í kringum tjörnina.	Vinna skal ramma- eða deiliskipulag um verndun og nýtingu svæðisins áður en það verður nýtt frekar, t.d. til skógræktar og/eða golfiðkunar. Tryggja skal aðgengi almennings að tjörninni. Nýbyggingar á svæðinu eru óheimilar.
Hv2	12,4	**Kotatjörn** Svæði sem tekur til Kotatjarnar og votlendissvæðis. Nokkuð er um fuglavarp á svæðinu, m.a. æðavarp.	Uppbygging á svæðinu er óheimil. Setja skal reglur um umferð á svæðinu á varptíma og setja upp skilti þar sem þær koma fram. Tryggja skal aðgengi almennings að tjörninni á öðrum tímum.

26.2.19 Svæði undir náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.

Nr. svæðis	Lýsing	Skipulagsákvæði
Svæði eru ekki merkt á sveitar-félags-upp-drætti	**Svæði þar sem er hætta vegna jarðskjálfta** Á öllu landi Norðurþings er hætta á jarðskjálftum þó mismikil sé. Þar sem hættan nær til alls sveitarfélagsins er ekki talin ástæða til að merkja svæði undir náttúruvá vegna jarðskjálfta á skipulagsuppdrætti. Á Kópaskeri eru hinsvegar sprungusvæði sem kortaupplýsingar liggja fyrir um.	Mannvirki skulu hönnuð í samræmi við byggingarstaðalinn Eurocode 8 og þjóðarskjal FS ENV 1008-1-1:1994. (Design provisions for earthquake resistance of structures - Part 1-1: General rules - Seismic actions and general requirements for structures). Við deiliskipulagsgerð skal taka mið af sprungukorti af þéttbýlinu, sbr. t.d. kort Haraldar S. Pétursson frá október 1976.
	Svæði þar sem hætta er á sjávarflóðum	Varnir vegna ágangs sjávar, þar sem talin er þörf á að verja mannvirki eins og vegi, er heimilt að reisa á grundvelli framkvæmdaleyfis og tilheyrandi gagna. Við deiliskipulag sjávarsvæða skal taka tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.


Ás
Kalfanöm
gæluhús
Bakkagata
Bakkagata
Aðalgata
Aðalgata
Aðalg

27 Skipulag Raufarhafnar



Íbúaþróun í Norðurþingi 1997-2007 eftir þéttbýli og dreifbýli (heimild: Hagstofa Íslands)



Aldursdreifing á Raufarhöfn 2007 miðað við landið í heild (heimild: Hagstofa Íslands)

27.1 Forsendur

27.1.1 Þróun byggðar og atvinnulífs

Byggð hóf að myndast á Raufarhöfn um miðja 19. öld, en árið 1835 varð staðurinn löggiltur verslunarstaður. Ástæður fyrir staðsetningunni voru án efa hagstæð hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi. Þéttbýli hófst ekki að myndast fyrr en snemma á síðustu öld. Fyrsta byggðin er aftur á móti að mestu horfin en flest hús sem standa eru byggð á árunum 1920 til 1970.

Líkt og með flest sjávarþorp byggðust hús lengi vel í kringum höfnina. Á uppbyggingartímabili um miðja síðustu öld byggðu menn aftur á móti íbúðarhús lengra frá atvinnusvæðum. Nú er svo komið að flest íbúðarhús standa handan Aðalbrautar og sunnan við Kottjörn, sem skiptir byggðinni í tvennt. Byggðin er fremur gisin og því stærri að flatarmáli en fjöldi íbúa gæti bent til.

Þar sem stöðnun hefur orðið í uppbyggingu frá árinu 1970 ber nokkuð á að hús hafi verið rifin og ný ekki byggð í staðinn. Þetta á bæði við um íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Því er nokkuð um eyður í byggðinni. Trúlega getur íbúafjöldinn tvöfaldast að umfangi án þess að hún þurfi að vaxa út fyrir núverandi jaðra.

Íbúum Raufarhafnar hefur fækkað mikið á síðustu árum og stendur sú þróun enn yfir. Nú búa rúmlega 200 manns í þorpinu, en voru rúmlega 400 fyrir 10 árum síðan. Erfitt er að spá um hver þróun næstu ára og áratuga verður en einsýnt er að fjöldi íbúa mun ráðast af ástandi í atvinnumálum. Mikilvægt er að nægt lóðaframboð og nauðsynleg þjónusta sé til staðar ef eftirspurn eykst. Hægt er að byggja upp mikla atvinnustarfsemi á núverandi atvinnusvæðum, auk þess sem möguleikar eru á að endurnýta eldri svæði og þétta byggðina.

Unnt er að byggja 70 til 90 íbúðir á þegar skilgreindum íbúðarsvæðum, auk þess sem hægt er að rífa einhver eldri hús og byggja ný staðinn. Íbúafjöldi Raufarhafnar ætti því að geta tvöfaldast án þess að ný íbúðarsvæði komi til.

Mikilvægt er að uppbygging á Raufarhöfn eigi sér stað á auðum svæðum innan núverandi þéttbýlis áður en farið er inn á ný svæði. Þannig má smám saman byggja upp heildstæðari bæjarmynd, auka skjól og afmarka rými auk þess sem slík þétting er efnahagslega hagkvæm Þannig ætti áfangaskipting uppbyggingu íbúðarsvæða að miða að því að klára að byggja upp núverandi hverfi, áður en nýtt land er brotið fyrir byggð með tilheyrandi kostnaði.

27.1.2 Landfræðilegar aðstæður

Raufarhöfn er staðsett á norðaustanverðri Melrakkasléttu. Þorpið er nyrsti þéttbýliskjarni landsins og ber umhverfið og gróðurfar á svæðinu þess merki.

Raufarhöfn stendur í lægð í landslaginu. Á þrjá vegu umlykur Melrakkasléttan þorpið, en til austurs afmarkast það af litlum vogi sem Raufarhafnarhöfði myndar.

Þorpið hefur byggst upp í kringum sjávarútveg og er hafnaraðstaða ágæt. Á síðustu árum hefur þó borið á þrengingum í greininni.

Frá Raufarhöfn eru um það bil 55 km til Kópaskers, 150 km til Húsavíkur og 65 km til Þórshafnar.

Meðalárshiti á Raufarhöfn er heldur lægri en á flestum byggðum stöðum landsins. Vetur eru kaldir og fremur langir og sumrin eru svöl. Úrkoma er þó minni en gengur og gerist. Nokkuð hægviðrasamt er á Raufarhöfn yfir sumarmánuðina en vindasamt um hávetur. Algengustu vindáttir eru NA-, SA og SV-lægar áttir.

Sökum norðlægrar staðsetningar eru birtuskilyrði oft sérstök á Raufarhöfn. Á sumrin er miðnætursólin sterkari en víðast hvar annarsstaðar. Á veturna er aftur á móti oft góð skilyrði til norðurljósaskoðunar.

27.1.3 Útivist og græn svæði

Skipulögð útivistarsvæði eru fá á Raufarhöfn, enda er nálægð við óspillta náttúru mikil og segja má að allt umhverfi þorpsins sé í raun útivistarsvæði. Þar nægir að nefna Höfðann, Kottjörn, sjóinn, fjörur og Melrakkasléttuna.

Helstu skipulögðu útivistarsvæði eru íþróttasvæði sunnan við grunnskólann og sundlaugina, Pallabrekka vestan Aðalbrautar og nýr bæjargarður neðan við Ásgötu. Að auki hefur svæði norðan við byggðina verið haldið frá fyrir golfvöll. Norðan byggðarinnar er reiðhöll/hesthús ásamt reiðgerðum.

Kjöraðstæður til vetrarútivistar eru á Raufarhöfn. Meðal annars eru tjarnir í þorpinu hentugar til skautaiðkunar og Melrakkaslétta býður upp á mikla möguleika á göngu á skíðum.

Lítið hefur verið um lagningu gönguleiða en gangandi vegfarendur ganga annaðhvort eftir götum bæjarins eða slóðum í nágrenni hans.

27.1.4 Náttúru- og menningarverðmæti

Melrakkasléttan, austan Raufarhafnar, er sérstætt votlendis- og öldulandslag. Hluti hennar er á náttúruminjaskrá. Það svæði nær að byggðinni á Raufarhöfn.

Að auki eru inni í þorpinu tvö sérstæð náttúruleg svæði. Í fyrsta lagi er það Raufarhafnarhöfði (Höfðinn), sem er austan við byggðina og áberandi frá henni allri. Höfðinn er allhár og hefur bæði útivistar- og náttúruverndargildi. Hann er trúlega vinsælasta göngusvæði heimamanna og ferðafólks og þar er mikið fuglalíf, náttúrulegar fjörur og klettar sem ganga fram í sjó. Að undaförnu hefur þó borið á umferð akandi um Höfðann sem hefur rýrt útivistargildi hans nokkuð. Á höfðanum er kirkjugarður Raufarhafnar og Raufarhafnarviti. Höfðinn nýtur ekki verndar.

Hitt náttúrulega svæðið inni í byggðinni er Kottjörn, sem er allstór tjörn í sunnarlega í þorpinu og votlendi umhverfis hana. Þar er fallegt landslag og ríkt fuglalíf, sérstaklega á varptíma. Eitt íbúðarhús stendur inni á svæðinu. Hingað til hefur tjörnin og umhverfi hennar ekki notið formlegrar verndar.

Hvorki hefur farið fram fornleifaskráning né húsakönnun fyrir þéttbýlið á Raufarhöfn. Við vinnslu aðalskipulagsins komu fram óskir heimamanna um að friða tvo gamla tanka sem notaðir voru sem geymsla á fiskvinnsluafurðum. Þeir standa báðir við Aðalbraut og gefa bænum vinalegt viðmót þegar komið er inn í hann úr norðri. Mögulega gætu tankarnir nýst við uppbyggingu á ferðaþjónustu ef þeir verða gerðir upp og aðgengi að þeim bætt.

Raufarhafnarkirkja var fullbyggð árið 1927 en hún er teiknuð af Guðjóni Samúelssyni. Kirkjan er þekkt kennileiti á staðnum en er nokkuð aðþrengd af athafnastarfsemi. Safnaðarheimili var byggt við kirkjuna árið 1993.

Flest hús byggð fyrir 1930 hafa verið rifin. Ekki eru til miklar upplýsingar um varðveislugildi einstakra húsa á Raufarhöfn. Húsafriðunarnefnd hefur mælst til þess að Óskarsbúð (Höfðabraut 4, byggð 1949) verði vernduð.

27.2 Skipulagsákvæði

27.2.1 Landnotkun

Land í þéttbýli er skipulagt til mismunandi nota og eru landnotkunarflokkarnir þessir: Íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði, efnistökusvæði, sorpförgunarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota, óbyggð svæði og landbúnaðarsvæði, auk vatna og áa. Skilgreiningar á hverjum landnotkunarflokki í þessu aðalskipulagi eru í samræmi við skilgreiningu skipulagsreglugerðar, sjá inngang um hvern landnotkunarflokk í eftirfarandi köflum.

27.2.2 Takmarkanir á landnotkun

Svæði þar sem einhverjar takmarkanir eru settar á landnotkun t.d. vegna náttúru, landslags eða minja, eru sýnd með svartri, blárri, gulri eða hvítri yfirstrikun ofan á þá landnotkun sem skilgreind er á viðkomandi svæði. Svæði þar sem takmarkanir gilda flokkast í náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði, verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum og hverfisverndarsvæði. Svæði undir náttúruvá eru táknuð með rauðri yfirstrikun. Skilgreiningar á hverjum flokki eru í byrjun hvers kafla og eru þær í samræmi við skilgreiningu skipulagsreglugerðar.

27.2.3 Samgöngur og veitur

Í þéttbýli tekur aðalskipulag til stofn- og tengibrauta og stofnkerfa veitna.

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 Raufarhöfn



Skýringar

- Mörk þéttbýlis
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Hafnarsvæði
- Miðsvæði
- Opið svæði til sérstakra nota
- Efnistökusvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Stofnvegur
- Aðrar götur og vegir
- Göngustígar
- Reiðstígar
- Fráveita
- Stofn vatnsveitu
- Stofn rafveitu

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann

Skipulagsgögn Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030:
- Greinargerð dags. 16.11.2010
- Sveitarfélagsuppdráttur dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Kópasker dags. 16.11.2010
- Þéttbýlisuppdráttur fyrir Raufarhöfn dags. 16.11.2010

Sjá greinargerðaðalskipulagsins, kafla 27, varðandi skýringar og landnotkunarákvæði sem eiga við uppdráttinn.

Blönduð landnotkun er auðkennd með skástrikun í lit viðkomandi landnotkunarflokka.

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 er Sveitarfélagið Norðurþing á hönnunarhraðasvæði 0,2-0,40 g, sbr. Viðauka 1 Umhverfisskýrslu, kafla 6.8.

Sjá einnig kafla um svæði undir náttúruvá í aðalskipulagsgreinargerð.

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030
Raufarhöfn
Mkv.: 1:10.000@A2
Dags.: 16.11.2010
Umsjón: Alta ehf
Ármúli 32, 108 Reykjavík
www.alta.is / alta@alta.is



27.2.4 Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Leiksvæði innan íbúðarhverfa eru ekki afmörkuð í þessu aðalskipulagi, heldur er gert ráð fyrir að á þeim sé tekið í deiliskipulagi.

Stefna um þéttleika byggðar á nýbyggingarsvæðum er sett fram með því að tilgreina fjölda íbúða. Á þegar byggðum svæðum er hún sett fram með lýsingu á einkennum svæða og stefnu um að ný byggð skuli fulla að þeirri sem fyrir er. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Í1	2,1	**Nýjabæjarhverfi** Einbýlishúsabyggð beggja vegna Ásgötu. Nokkrar lóðir eru enn óbyggðar en að öðru leyti er byggðin nokkuð fastmótuð og gróin. Möguleiki er að koma u.þ.b. 3-5 nýjum einbýlishúsum fyrir á svæðinu.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar.
Í2	4,3	**Framneshverfi** Svæði á milli Kottjarnar og Hafnarbrautar. Á reitnum er fremur sundurlaus byggð einbýlishúsa sem standa flest við Víkurbraut. Nokkur húsanna eru meðal elstu húsa á Raufarhöfn. Töluvert hefur verið um niðurrif húsa á síðustu árum. Hluti núverandi húsa eru nýtt undir atvinnustarfsemi. Möguleikar eru á að þétta byggð. Svæðið gæti hentað vel fyrir þétta byggð, með rað- og eða fjölbýlishúsum. Möguleiki er að koma fyrir u.þ.b. 20-30 nýjum íbúðum fyrir á svæðinu, í einbýlishúsum, raðhúsum og fjölbýli.	Gert er ráð fyrir að allt svæðið verði íbúðarsvæði þegar fram líða stundir. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði, þéttleika og hæð núverandi byggðar. Á svæðinu verði hús 1-2 hæðir. Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á þeim hluta sem snýr að Aðalbraut og meðfram sjó. Tryggja skal að strandlína sjávar og votlendi við Kottjörn verði ekki skert með jarðraski og framkvæmdum. Vegna hættu á sjógangi skal tryggja að lágmarki 50m öryggissvæði milli strandlínu og íbúðabyggðar. Aðgengi að sjó verði óheft. Gönguleið í gegnum svæðið skal tryggð. Gert verði deiliskipulag fyrir svæðið í heild sinni. Við deiliskipulagsgerðina skal taka tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.
Í3	2,3	**Tjarnarhverfi** Reitur við Aðalbraut þar sem er fastmótuð byggð einbýlishúsa, auk eins fjölbýlishúss syðst á svæðinu. Möguleiki á endurbyggingu á lóðum.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að Aðalbraut.
Í4	4,0	**Ásahverfi** Svæði við þrjár götur syðst í byggðinni (Ása). Á reitnum er nokkuð fastmótuð einbýlishúsabyggð. Nyrsti og syðsti hlutar svæðisins eru óbyggðir. Möguleiki er að koma u.þ.b. 6-8 nýjum einbýlishúsum fyrir á svæðinu.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að Aðalbraut.
Í5	4,5	**Holtahverfi** Svæði syðst í byggðinni þar sem eru eingöngu einbýlishús. Nokkrar óbyggðar lóðir eru á reitnum, fyrir u.þ.b. 6-8 ný einbýlishús.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að Aðalbraut.
Í6	5,5	**Vogsreitur** Óbyggt svæði sunnan við núverandi byggð í Holtahverfi. Möguleiki er að koma u.þ.b. 40 nýjum einbýlishúsum fyrir á svæðinu.	Svæðið skal byggja upp þegar önnur íbúðarsvæði á Raufarhöfn eru fullbyggð. Heimilt er að byggja einbýlis- par- og raðhús sem falla vel að yfirbragði og þéttleika nálægra íbúðarsvæða. Gatnakerfi svæðisins skal tengja við núverandi gatnakerfi Holtahverfis. Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að útvistarsvæðum sem umlykja svæðið.



27.2.5 Miðsvæði

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

27.2.6 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Þéttleiki byggðar á þjónustusvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
M1	4,1	**Miðbær, Aðalbraut** Lýsing á svæði: 4,1 hektara svæði í meðfram Aðalbraut, norðarlega í þorpinu. Til norðurs nær svæðið að gatnamótum Mýrarbrautar og Aðalbrautar. Vestan Aðalbrautar nær svæðið suður að Pallabrekku en norðan hennar nær það skemur til suðurs. Innan marka svæðisins er að finna mikinn hluta af þeirri verslun og þjónustu sem er til staðar á Raufarhöfn. Meðal annars má þar finna banka, heilsugæslu, listagallerí, kjörbúð, félagsheimili og pósthús. Auk þess eru nokkrar íbúðir á svæðinu. Nokkuð er um tómt og illa farið húsnæði innan miðbæjarmarka. Einnig er töluvert um auð svæði sem hægt væri að nýta til þéttingar. Inngangar í hús eru almennt frá Aðalbraut. Tveir gamlir tankar sem standa austan við Aðalbraut eru taldir hafa verndunargildi.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Nýrri verslun og þjónustu á Raufarhöfn verði beint inn á svæðið, til að þétta svæðið og bæta bæjarmyndina. Aðkomur og aðalinngangar í byggingar á svæðinu skulu vera frá Aðalbraut. Ganga skal frá umhverfi friðaðra tanka og gera sögu þeirra sýnilega fyrir gesti og gangandi. Ekki er heimilt að byggja á svæði milli tanka og Aðalbrautar (sjá nánari umfjöllun í kafla ## um hverfisvernd).
Þ1		**Raufarhafnarkirkja** Raufarhafnarkirkja og safnaðarheimili. Byggingarnar eru aðþrengdar af atvinnustarfsemi sem hefur í för með sér að umhverfi kirkjunnar er óaðlaðandi.	Stuðla skal að bættum umhverfisfrágangi á og við jaðra svæðisins. Stefnt skal að því að friða Raufarhafnarkirkju. Raufarhafnarkirkja nýtur hverfisverndar (sjá umfjöllun um svæði Hv2).
Þ2		**RARIK** Athafnalóð RARIK. Bygging á lóðinni er ysta bygging við Aðalbraut til norðurs.	Vanda skal umhverfisfrágang á lóðinni, sérstaklega í átt að Aðalbraut og í átt að aðkomu inn í þorpið.
Þ3		**Raufarhafnarviti** Raufarhafnarviti.	Gert er ráð fyrir óbreyttu ástandi á reitnum.
Þ4		**Víkurreitur** Þjónustubygging fyrir aldraða.	Gert er ráð fyrir óbreyttu ástandi á lóðinni.
Þ5		**Raufarhafnarradíóviti** Viti.	Gert er ráð fyrir óbreyttu ástandi á reitnum.
Þ6/O8		Blönduð landnotkun. Sjá O8/Þ6.	



27.2.7 Verslunar- og þjónustusvæði

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

27.2.8 Athafnasvæði

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Gróðurhús eru heimil. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

27.2.9 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

27.2.10 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Gróðurhús eru heimil. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Engin iðnaðarsvæði eru innan þéttbýlismarka Raufarhafnar.

Þéttleiki byggðar á atvinnusvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
A1	2,7	**Sandur 1** Svæði norðan Höfðabrautar þar sem eru nokkur hús sem aðallega eru nýtt sem skemmur og áhaldahús. Töluverðir möguleikar eru á að nýta svæðið betur. Svæðið er áberandi frá útivistarsvæðum og aðkomu inn í þorpið að norðan. Það gerir kröfur um góðan frágang og umgengni ásamt nálægð við Raufarhafnarkirkju. Að auki er Höfðabraut mikilvæg gata og gönguleið út á Höfða. Austasti hluti svæðisins er í góðum tengslum við hafnarstétt.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Starfsemi á austasta hluti svæðis getur verið hafnsækin, enda í góðum tengslum við höfn. Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum bæði í átt að útivistarsvæði (til norðurs) og Höfðabraut.
A2/V1	1,6	**Sandur 2** Svæði á milli sjávar og Höfðabrautar þar sem er blönduð landnotkun. Á svæðinu eru nokkrar byggingar, aðallega eldri sjóhús og verbúðir. Ein bygging er nýtt sem hótel og skrifstofa. Svæðið er áberandi frá sjó og útivistarsvæði á Höfða. Möguleikar eru á að auka nýtingu svæðisins með niðurrifi og endurgerð eldri bygginga.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum, bæði í átt að sjó og Höfðabraut.
A3/H2	7,0	**Hafnarsvæði -suður** (Sjávarbraut – Hafnarbraut) Raufarhafnarhöfn er meðalstór fiskihöfn. Bryggjur eru almennt í góðu ástandi. Á aðal hafnarsvæðinu er blönduð landnotkun þar sem er ýmis konar atvinnuhúsnæði. Hluti þessa húsnæðis er aftur á móti í lítilli eða engri notkun og eru möguleikar á endurnýtingu lóða því miklir. Norðarlega á svæðinu eru frystihús og húsnæði tengt því mest áberandi. Fyrir miðju svæði eru byggingar SR mjöls sem hafa verið teknar undir nýja notkun að hluta. Syðst á svæðinu eru sjóhús og skemmur sem eru í notkun.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Tryggja skal gönguleið í gegnum svæðið meðfram sjávarsíðu og hafnaköntum. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á hafnarmannvirkjum skv. samgönguáætlun og eftir þörfum.
A4	0,1	**Tengivirki** Núverandi tengivirki RARIK.	Gert er ráð fyrir að færa núverandi tengivirki inn í díselstöðvarhús og þar með afleggja útivirkið.
H1	1,5	**Hafnarsvæði – norður** (Höfðabraut) Svæði sem tekur til hafnar og hafnarstéttar. Svæðið liggur að útivistarsvæði á Höfða og umlykur lóð Raufarhafnarkirkju á þrjá vegu. Fáar byggingar eru á svæðinu og einhverjir möguleikar eru á að auka nýtingu þess.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum.



27.2.11 Opin svæði til sérstakra nota

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallýbrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði. Almennt er heimilt er að reisa allt að 20 m² hús til náttúruskoðunar á opnum svæðum til sérstakra nota.

27.2.12 Svæði fyrir frístundabyggð

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Engin frístundabyggðarsvæði eru innan þéttbýlismarka Raufarhafnar.

27.2.13 Efnistökusvæði

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Um efnistöku í almenningum/þjóðlendum gilda ákvæði laga um náttúruvernd.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
		Ónúmeruð svæði Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar sem ekki eru til sérstakra tilgreindra nota.	Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldin en hugað verði að útsýni til sjávar við gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki notaðar á svæðum innan bæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rótarkerfi þeirra. Gott aðgengi að strönd og tjörnum verði sem víðast. Óheimilt er að skerða náttúrulegar fjörur með byggingum og/eða jarðraski. Tryggja skal að skil milli þéttbýlisins á Raufarhöfn og Melrakkasléttunnar séu skýr. Það verður helst gert með því að takmarka útmörk byggðarinnar við núverandi útmörk og halda skógrækt neðan við brúnir Sléttunnar.
O1	1,7	**Skeiðvöllur** Svæði norðan byggðarinnar. Svæðið hefur að hluta verið jarðvegsskipt.	Gert er ráð fyrir skeiðvelli á svæðinu, ásamt útbúnaði sem slíkur völlur kallar á. Ekki er gert ráð fyrir annarri aðstöðu fyrir hesta og hestaíþróttir á svæðinu.
O2	10,7	**Golfvöllur** Svæði þar sem gert er ráð fyrir litlum golfvelli í framtíðinni. Framkvæmdir við hann eru ekki hafnar. Svæðið snýr vel gagnvart sólu og útsýni yfir Höfðann og Bæjarvík er fallegt. Lítil tjörn er nyrst á svæðinu. Tvær litlar skemmur/geymslur eru inni á svæðinu.	Á svæðinu er gert ráð fyrir golfvelli og tilheyrandi aðstöðu, s.s. klúbbhúsi og áhaldageymslu. Ekki skal skerða tjörn og fjöru í tengslum við framkvæmdir.
O3	3,4	**Hestaíþróttasvæði og hesthúsabyggð** Svæði austan við þjóðveg skammt norðan við þorpið. Í dag er ein reiðskemma á svæðinu, auk reiðgerðis, en möguleikar eru á að byggja upp frekari aðstöðu innan svæðisins. Svæðið hentar ágætlega fyrir hesthúsabyggð en staðsetningin gerir kröfur um góða umgengni.	Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir hestaíþróttir og þeirri mannvirkjagerð og frágangi sem nýting svæðisins kallar á, s.s. hesthús, skeiðvöll og reiðskemmu. Að sama skapi er annað frístundadýrahald leyfilegt og gilda sömu skilmálar um það. Vanda skal umhverfisfrágang og gæta skal sérstaklega að ásýnd frá þjóðvegi.
O4	3,1	**Heimskautagerði** Svæði á Melrakkaási, skammt norðaustan við þéttbýlið. Þar er gert ráð fyrir Heimskautagerði í framtíðinni. Framkvæmdir á svæðinu eru hafnar.	Á svæðinu er gert ráð fyrir Heimskautagerði og þeim framkvæmdum og landslagmótun sem því fylgir. Óheimilt er að reisa byggingar á svæðinu.
O5		**Kirkjugarður** Á reitnum er kirkjugarður Raufarhafnar. Kirkjugarðurinn er staðsettur á fallegum stað þar sem er útsýni yfir byggðina og höfnina. Um það bil einn þriðji garðsins er ónýttur. Garðurinn ætti að geta þjónað byggðinni í óbreyttri stærð út skipulagstímabilið.	Svæðið er ætlað fyrir kirkjugarð. Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk reitsins.

O6	0,8	**Freyjulundur** Svæði á milli byggðar við Ásgötu og Aðalbraut, nýtt sem almenningsgarður. Töluverð landslagsmótun hefur farið fram á svæðinu, meðal annars gerð tjarnar.	Haldið verði áfram við að byggja upp almennings- og lystigarð sem nýtist til hvíldar og leiks. Koma má fyrir leiktækjum á svæðinu.
O7	0,4	**Samkomusvæði** Svæði við Aðalbraut, fyrir miðju þorpsins. Svæðið er grasi vaxið og hluti þess hallar mót götunni. Það hentar vel til ýmis konar samkomuhalda og útivistar.	Óbreytt nýting svæðis. Unnið verði að frekar landmótun á svæðinu sem styrkir núverandi notkun þess.
O8/Þ6	6,6	**Skólasvæði, íþróttasvæði, tjaldsvæði** Svæði á milli Kottjarnar og Holtahverfis. Á svæðinu má finna tjaldsvæði, grunnskóla, sundlaug, íþróttahús og íþróttavöll og ómótuð svæði sem geta nýst til stækkunar. Að mestu er búið að ganga frá tjaldsvæðinu, m.a. með jarðmön sem skýlir svæðinu til þriggja átta. Ný gata tengist tjaldsvæði beint við Aðalgötu. Möguleikar eru á stækkun tjaldsvæðis eða landslagsmótun sem getur nýst rekstri þess. Grunnskóli, íþróttahús og sundlaug er staðsett sunnan tjaldsvæðis. Þessar byggingar eru í góðu ástandi en rætt hefur verið um að færa leikskóla inn á svæðið. Það myndi kalla á viðbyggingu við skólann. Ágætis möguleikar eru að stækka byggingar. Íþróttavöllur með frjálsíþróttaaðstöðu og knattspyrnuvelli. Áhorfendastæði er staðsett austan við völlinn.	Gert er ráð fyrir að tjaldsvæði geti stækkað nokkuð til austurs og/eða að landslagsmótun fari fram á svæðinu. Að auki er gert ráð fyrir að allt að 400 m2 þjónustuhús fyrir tjaldsvæði geti risið innan svæðisins. Gert er ráð fyrir að nýbyggingar í tengslum við rekstur skóla geti risið á svæðinu. Ljúka skal við landslagshönnun og frágang í kringum íþróttavöll á skipulagstímabilinu. Svæði í kringum íþróttavöll getur nýst til uppbyggingar annarrar íþróttaaðstöðu, sem getur m.a. tengst rekstri grunnskóla og tjaldsvæðis. Gert er ráð fyrir sparkvelli vestast á svæðinu, á milli Aðalbrautar og skólalóðar.
E1	1	**Klif** Grjótnáma í námunda við skeiðvöll rétt norðan þorpsins, í um 0,7 km fjarlægð frá byggð. Svæðið er um 0,2 ha að stærð og gert er ráð fyrir að það geti stækkað þannig að hægt sé að taka allt að 45.000 m^3 í Heimskautagerði og til fyllingar.	Efnistaka er heimil á 1 ha svæði í samræmi við stefnu um stefnu um nýtingu jarðefna í kafla 20.4.

27.2.14 Samgöngur

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólreiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki. Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega, sjá vegalög. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla, sjá lög um loftferðir og reglur um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir. Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur. Aðalskipulag tekur til stofn- og tengibrauta. Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli.

27.2.15 Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Forsendur	Skipulagsákvæði
Gatnakerfi Bílaumferð á Raufarhöfn er lítil, sem skýrist af smæð samfélagsins. Gatnakerfið er fremur einfalt og ekki raunhæft að flokka götur á hefðbundinn hátt í húsagötur, tengi- og stofnbrautir. Aðalbraut þjónar hlutverki stofnbrautar en þar sem aðkoma húsa sem standa við götuna eru frá henni er hæpið að hefðbundnar reglur um stofnbrautir gildi um hana. Gatnakerfið virkar í heildina vel. Lega Víkurbrautar er óklárud en til stendur að tengja götuna saman þegar hús verða rifin. Bundið slitlag er á flestum götum og gangstéttar eru meðfram meirihluta þeirra.	Gatnakerfi þjóni öllum tegundum umferðar vel, þ.e. bæði akandi, hjólandi og gangandi. Víkurbraut verði tengd saman á skipulagstímabilinu. Unnið verði áfram að frágangi gatna, bundið slitlag lagt á götur og gangstéttir kláraðar (að minnsta kosti öðrum megin gatna). Við hönnun gatna og viðhaldsframkvæmdir skal gera ráð fyrir gróðri í göturýminu, um leið og tekið er tillit til snjósöfnunar og öryggis. Aðrar götur og vegir en stofnvegur eru sýndir til skýringar á þéttbýlisuppdrætti.
Aðalgöngustígar / Aðalgönguleiðir Göngustígar utan gatnakerfis eru aðallega á gömlum slóðum. Lítið er um áningarstaði við stíga. Vinsælustu gönguleiðirnar eru út á Höfða og meðfram sjónum.	Góðar gönguleiðir í þéttbýli verði tryggðar, þær verði upplýstar og haldið opnum að vetri. Unnið verði áfram að afmörkun og merkingu stíga og gönguleiða. Stefnt er að því að koma upp áningarstöðum, þar sem gangandi er gert kleift að njóta náttúru, sögu og kyrrðar.
Aðalreiðstígar / Aðalreiðleiðir Reiðleið með þjóðveginum frá norðri til suðurs liggur utan við byggðina frá Bæjarási, um Ásana og liggur að þjóðveginum norðan Fenanna. Einnig er reiðleið á milli hesthúsahverfis og skeiðvalla.	Aðalskipulagið tekur til stofnreiðleiðar meðfram þjóðvegi frá norðri til suðurs.
Höfn og hafnargarðar Raufarhafnarhöfn er meðalstór fiskihöfn. Bryggjur eru almennt í góðu ástandi.	Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á hafnarmannvirkjum skv. samgönguáætlun og eftir þörfum. Sjá einnig svæði H1 og H2.

<table>
<tr><th colspan="2">Forsendur</th><th>Skipulagsákvæði</th></tr>
<tr><td colspan="2">Rafveita
Tvær stofnlínur liggja að tengivirki RARIK (svæði A4).</td><td rowspan="3">Um helgunarsvæði fer skv. íslenskum stöðlum sem vísað er til í reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki. Dæmigerð lágmarksbreidd helgunarsvæðis fyrir 132 kV línu er 35-45 m og 25 m fyrir 66 kV línu.
Innan helgunarsvæðis er byggingarbann. Við deiliskipulagsgerð, áætlanagerð fyrir skógrækt, vegagerð og veitingu framkvæmdaleyfis á svæðum þar sem háspennulínur fara um, skal leita umsagnar viðkomandi raforkufyrirtækis.
Sjá einnig almenn ákvæði um helgunarsvæði í kafla 23.22.1 um rafveitur í dreifbýli.</td></tr>
<tr><td>R5</td><td>Þórshafnarlína (33 kV)
Jarðstrengur sem liggur frá Kópaskeri að Þórshöfn.</td></tr>
<tr><td>R6</td><td>Raufarhafnarlína (33 kV)
Lína frá Kópaskeri að tengivirki á Raufarhöfn.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Vatnsveita
Vatnsból Raufarhafnar er við uppsprettulindir við Síkistjörn í um 7 km sunnan við byggðina. Vatnið er sjálfrennandi og engir vatnsgeymar eru við þorpið. Á álagstímum er vatn að skornum skammti og því þörf á miðlunargeymi.</td><td>Aðalskipulagið tekur til stofnæðar frá vatnsbóli að dreifikerfi vatnsveitu innan þéttbýlis. Leyfi fyrir framkvæmdum við aðrar æðar en stofnæðar er unnt að veita á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisumsókn.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Fjarskipti
Miðstöð fjarskiptakerfis á Raufarhöfn er í Símstöðinni við Aðalbraut.</td><td>Aðalskipulagið tekur ekki til dreifikerfis fjarskipta innan þéttbýlis. . Leyfi fyrir framkvæmdum er unnt að veita á grundvelli gagna með framkvæmdaleyfisumsókn.</td></tr>
<tr><td colspan="2">Fráveita
Fráveitumál á Raufarhöfn uppfylla ekki þær kröfur sem settar eru fram reglugerð. Skolpinu er nú veitt óhreinsuðu um 5 útrásir í höfnina. Aðskilja þarf regnvatn frá öðru skolpi, reisa þarf hreinsistöð og sameina útrásir í eina.</td><td>Þegar framtíðarfyrirkomulag fráveitumála liggur fyrri mun aðalútrás og hreinsistöð verða kynnt í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga um breytingar á aðalskipulagi.</td></tr>
</table>

27.2.16 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 m. s. br. um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 536/2001 m. s. br. um neysluvatn.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn skal flokka verndarsvæði vatnsbóla í brunn-, grann- og fjarsvæði. Vatnsverndarsvæði Raufarhafnar eru utan þéttbýlismarka og er gerð grein fyrir þeim í kafla 23 um skipulagsákvæði í dreifbýli.

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og setja fram langtímamarkmið sem miða að því að vatn sé ósnortið eða lítt snortið, sbr. skilgreiningar í reglugerðinni. Slík flokkun hefur ekki farið fram innan marka þéttbýlis á Raufarhafnar.

27.2.17 Náttúruverndarsvæði

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og svæði á náttúruminjaskrá. Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingu um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlögum um verndun einstakra svæða. Engin svæði í þessum flokki eru á innan þéttbýlismarka Raufarhafnar.

27.2.18 Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Fornleifar hafa ekki verið skráðar á Raufarhöfn og þarf því að skrá þær við deiliskipulagsgerð.

27.2.19 Hverfisverndarsvæði

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Hverfisverndarsvæði

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Hv1	35	**Höfðinn** Höfðinn gengur út í sjó norðan við byggðina og setur mikinn svip á landslag og útsýni. Kirkjugarður og viti eru innan svæðisins.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar. Gert er ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðinu sem samrýmist nýtingu þess, þ.e. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum. Önnur mannvirkjagerð og röskun náttúru er ekki heimil. Akstur vélknúinna ökutækja utan Höfðabrautar er óheimill.
Hv2		**Raufarhafnarkirkja** Kirkjan er teiknuð af Guðjóni Samúelssyni og byggð á árunum 1927 til 1929.	Kirkjan skal varðveitt í sem upprunalegastri mynd.
Hv3		**Óskarsstöð** (gengur líka undir heitinu Óskarsbraggi). Byggingin er gömul verbúð, byggð árið 1949, sem er staðsett á fallegum stað nálægt höfninni, með útsýni yfir hafið og Höfðann. Húsið er nokkuð áberandi í umhverfi sínu. Húsafriðunarnefnd hefur gert eftirfarandi bókun um húsið: „Húsafriðunarnefnd telur að gildi hússins til varðveislu gefi ekki tilefni til friðunar en mælist til þess að húsið verði verndað vegna staðbundins gildis í menningar og atvinnusögu Raufarhafnar.”	Óskarsstöð skal varðveitt og leggja skal áherslu á að gera húsið upp í upprunalegri mynd.
Hv4		**Síldartankar** Á svæðinu eru tveir stórir tankar frá síldarárunum. Tankarnir standa við Aðalbraut og eru áberandi í bæjarmyndinni.	Tankarnir skulu varðveittir og gerðir upp. Leyfilegt er að nýta þá til ferðaþjónustu sé verndargildi þeirra ekki stefnt í hættu. Ekki er leyfilegt að byggja á milli tankanna og Aðalbrautar. Nýbyggingar við tankana skulu taka mið af mikilvægi og ásýnd þeirra.
Hv5	8,2	**Kottjörn** Svæði sem tekur til Kottjarnar og votlendis í kringum hana. Tjörnin er staðsett í miðju þéttbýlinu og setur mikinn svip á umhverfið. Svæðið er töluvert nýtt til útivistar og þar er mikið fuglalíf. Eitt íbúðarhús er á svæðinu.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar. Gert er ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðinu sem samrýmist nýtingu þess, þ.e. stígum, skiltum, og áningarstöðum. Önnur mannvirkjagerð og röskun náttúru er ekki heimil. Óheimilt er að byggja nýtt íbúðarhús í stað þess sem stendur á svæðinu.

27.2.20 Svæði undir náttúruvá

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Um landnotkun á svæðum þar sem hætta er talin stafa af ofanflóðum fer samkvæmt ákvæðum laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð um nýtingu hættusvæða.

Nr. svæðis	Lýsing	Skipulagsákvæði
Svæði eru ekki merkt á sveitar-félags-upp-drætti	**Svæði þar sem er hætta vegna jarðskjálfta** Á öllu landi Norðurþings er hætta á jarðskjálftum þó mismikil sé. Á Raufarhöfn er ekki sett takmörkun á landnotkun vegna þessa en öll mannvirkjagerð þarf að taka mið af sprungum og jarðskjálftahættu. Þar sem hættan nær til alls sveitarfélagsins er ekki talin ástæða til að merkja svæði undir náttúruvá vegna jarðskjálfta á skipulagsuppdrætti.	Mannvirki skulu hönnuð í samræmi við byggingarstaðalinn Eurocode 8 og þjóðarskjal FS ENV 1008-1-1:1994. (Design provisions for earthquake resistance of structures - Part 1-1: General rules - Seismic actions and general requirements for structures).
	Svæði þar sem hætta er á sjávarflóðum Ölduálag við Raufarhöfn er mikið og því þarf að gæta að ný byggð verði ekki reist nærri óvarinni strönd. Um 150m sjóvarnargarður er sunnan við Hafskipabryggjuna, Siglingastofnun er ekki með áform um frekari sjóvarnir við Raufarhöfn.	Varnir vegna ágangs sjávar, þar sem talin er þörf á að verja mannvirki eins og vegi, er heimilt að reisa á grundvelli framkvæmdaleyfis og tilheyrandi gagna. Við deiliskipulag sjávarsvæða skal taka tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.